AKUREYRARBÆR

HÚSAKÖNNUN FYRIR ODDEYRI 2020










Akureyri febrúar 2019 - febrúar 2021 Bjarki Jóhannesson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
1. Inngangur 4
1.1. Hvers vegna könnunin er unnin og af hverjum 4
1.2. Skráningarsvæðið 4
1.3. Fyrri húsakannanir fyrir Akureyri 6
2. Saga byggðar á Oddeyri 6
3. Skipulagssaga 6
3.1 Upphaf skipulags Oddeyrar 6
3.2. Aðalskipulag Akureyrar 1927 8
3.3. Síðari skipulagstillögur 8
3.4. Skipulag eftir 2000. 8
4. Varðveislumat 10
4.1 Skipulagsákvæði fyrir Oddeyri 10
4.2 Forsendur matsins 11
4.3 Skipting svæðisins í matshluta 11
4.4 Mat á einstökum reitum á suðurhluta svæðisins 12
Reitur 1.1 13
Reitur 1.2 14
Reitur 1.3 15
Reitur 1.4 16
Reitur 1.5 17
Reitur 1.6 18
Reitur 1.7 19
Reitur 1.8 20
Reitur 1.9 21
1.10. Önnur hús á reit 1. 22
4.5. Einstakar götur og götumyndir á suðurhluta svæðisins. 22
Strandgata. 22
Gránufélagsgata. 22
Eiðsvallagata sunnan götunnar 23

Lundargata. 24
Fróðasund. 24
Grundargata. 26
Hríseyjargata að Eiðsvallagötu. 26
4.6. Norðurhluti skráningarsvæðisins 27
Grænagata 28
Fjólugata 29
Eyrarvegur 29
Ægisgata 30
Hvannavellir 30
Hríseyjargata norðan Eiðsvallagötu. 30
Ránargata 31
Grenivellir 32
Sólvellir 32
Reynivellir 33
Víðivellir 33
Glerárgata 34
5. Varðveisluverðar heildir 34
Eftirfylgni og ýmis ákvæði 35
6. Heimilda- og myndaskrá: 37
Heimildaskrá 37
Myndaskrá. 37
7. Kort og húsaskrá 39

1. Inngangur

1.1. Hvers vegna könnunin er unnin og af hverjum

Húsakönnun þessi er unnin á vegum Skipulagssviðs Akureyrarbæjar af Dr. Bjarka Jóhannessyni skipulagsfræðingi, arkitekt og verkfræðingi. Könnunin er unnin samkvæmt stöðluðu skráningarformi Minjastofnunar Íslands í rafrænu skráningarkerfi Huginn 108. Tilgangurinn er að meta varðveislugildi einstakra húsa ásamt húsaröðum og varðveisluverðum heildum til undirbúnings fyrir deiliskipulag svæðisins.

Uppbygging húsakönnunarinnar er í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar:
„Efnisskipan húsakönnunar getur verið breytileg eftir umfangi og eðli þess svæðis sem hún nær til, en nauðsynlegt er að eftirtöldum þáttum séu gerð skil:

- Inngangur, þar sem fram koma mörk svæðisins sem húsakönnunin nær til, hvers vegna könnunin er unnin og af hverjum. Uppdráttur sem sýnir afmörkun svæðis og staðsetningu innan byggðar skal fylgja.
- Saga og þróun byggðarinnar.
- Greining byggðarinnar.
- Varðveislumat.
- Húsaskráning.
- Heimilda- og myndaskrá.“

1.2. Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær til allrar íbúðarbyggðar á Oddeyri. Það afmarkast til suðurs af Strandgötu. Til vesturs afmarkast svæðið af Glerárgötu til og með nr. 18, Hvannavöllum þar í framhaldi til og með nr. 8 og húsaröð vestan Sólvalla. Til norðurs afmarkast svæðið af húsaröð norðan Grenivalla. Til austurs afmarkast svæðið af húsaröð austan Ægisgötu, þar í framhaldi af húsaröð austan Hríseyjargötu og Eiðsvallagötu og austustu húsum við Gránufélagsgötu. Til svæðisins teljast einnig Strandgata 47 og Strandgata 49, Gránufélagshúsin.

Á Oddeyrinni norðan skráningarsvæðisins meðfram Glerárgötu er verslunar- og skrifstofuhúsnæði, og þar fyrir austan allt að Glerá er iðnaðarsvæði. Austan skráningarsvæðisins eru iðnaðarsvæði og hafnarsvæði.


Næstu svæði við Oddeyri eru Miðbærinn og Norður-Brekkan til vesturs og Glerárhverfi til norðurs.

Oddeyri er allstór og flatlend og afmarkast af sjó til suðurs og austurs, af Glerá til norðurs og Glerárgötu til vesturs. Oddeyrin er mynduð af framburði Glerár, sem rann áður fyrr í mörgum kvíslum en var fyrir alllöngu beint í einn farveg. Síðar var hún færð til norðurs eftir beinum skurði til að rýma fyrir iðnaðarbyggð nyrst á Oddeyrinni (BJ).

Skráningarsvæðið er að mestu íbúðarsvæði sem inniheldur blöndu af mjög ólíkum húsum að formi og byggingarefni. Byggðin á syðsta hluta svæðisins er elst, þ.e. Strandgata og hliðargötur út frá henni. Hús við Strandgötuna og götur norður úr henni allt að Eiðsvallagötu eru flest byggð kringum aldamótin 1900 og fram til 1925. Mikill hluti húsa á suðurhluta svæðisins er aldursfriðaður samkvæmt 100 ára reglu minjalaga, eða umsagnarskyldur þar sem þau eru byggð fyrir 1925. Hluti húsa þar þarfnast mikils viðhalds eða endurbyggingar, og lóðir þar eru víða ósnyrtilegar, einkum bakgarðar. Byggðin þar er smágerð. Húsalína Strandgötu er fremur heilleg með undantekningu af húsi nr. 37 sem er úr skala við önnur hús í röðinni. Strandgata er andlit Oddeyrarinnar og mjög áberandi í bæjarmynd

Akureyrar. Meðfram henni eru stakstæð tveggja hæða hús með háu risi, en í hliðargötunum eru húsin minni, oft ein til tvær hæðir með risi.

Þegar norðar dregur eru húsin nokkuð yngri, byggð á árunum 1925 til 1950. Húsin eru flest stakstæð tveggja til þriggja hæða hús, og húsalína beggja vegna götunnar vestanverðrar er víða nokkuð samstæð. Nyrst á svæðinu eru húsin enn yngri, flest byggð á tímabilinu 1950 til 1960, og allra nyrst eru einu stóru fjölbýlishúsin á Oddeyrinni. Allnokkur húsanna eru upphaflega byggð sem verkamannabústaðir og teiknuð af arkitektum, einkum þeim Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni. Einnig má þar sjá mjög samstæðar húsaraðir, þótt einstök hús láti ekki mikið yfir sér, svo sem við Ægisgötu sem er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.



Kort 1. Afmörkun svæðisins.

1.3. Fyrri húsakannanir fyrir Akureyri

Akureyri Fjaran og Innbærinn. Byggingarsaga. Torfusamtökin 1986.

Oddeyri húsakönnun. Minjasafnið á Akureyri í samvinnu við skipulagsdeild Akureyrar 1995. - Sú húsakönnun náði yfir suðurhluta Oddeyrar, þ.e. svæðið sunnan Eiðsvallagötu, en skráning húsa við Norðurgötu náði þó allt norður að Eyrarvegi. Í þeirri húsakönnun sem nú er gerð er birtur útdráttur úr umfjöllun húsakönnunarinnar frá 1995, þar sem rakin er saga hvers húss og stutt varðveislumat.

2. Saga byggðar á Oddeyri

Talið er að byggð hafi hafist á Akureyri á 16. öld þegar þar hófst verslun. Um miðja 16. öld er þriggja verslunarstaða getið við Eyjafjörð, Hjalteyrar, Oddeyrar og Akureyrar, en Akureyri og Oddeyri voru þá óháðir byggðakjarnar. Árið 1859 var borið fram á Alþingi frumvarp þess efnis að Akureyri ásamt Oddeyri yrði sérstakt lögsagnarumdæmi, og árið 1862 var gefin út reglugerð um að verslunarstaðurinn Akureyri með þáverandi mörkum skyldi vera kaupstaður, en heimilað að leggja Oddeyri undir kaupstaðinn að fengnu samþykki bæjarstjórnar og var það gert árið 1866. (Akureyri Fjaran og Innbærinn bls. 9 og 19). Glerárþorp var svo sameinað Akureyri árið 1955, og um svipað leyti var steypt akstursbrú sem tengdi Glerárþorp við Oddeyri, en áður var þar göngubrú úr timbri. (BJ).

Gránufélagið hóf verslun á Oddeyri haustið 1872. Til þess má rekja upphaf byggðar á Oddeyri og fljótlega eftir að Gránufélagið hóf starfsemi sína á Oddeyri fór Oddeyrin að byggjast. Fram undir 1880 fjölgaði íbúum hægt en á tveimur síðustu áratugum 19. aldar fjölgaði íbúum Akureyrar aðallega á Oddeyrinni. Árið 1875 voru íbúar á Oddeyri taldir 11, en 10 árum síðar voru þeir orðinir 110. Árið 1890 voru síðan íbúarnir orðnir 220.

Um 1880 voru risin allnokkur hús syðst á Oddeyrinni og götumynd Strandgötu tekin að mótast. Strandgatan var lengi vel eina gatan á Oddeyri og austast við hana voru hús Gránufélagsins. Um 1890 var lega Strandgötu ákveðin til vesturs, þ.e. þess hluta götunnar sem er vestan núverandi Glerárgötu. Austasta þvergatan var Grundargata, en 5 hús voru þar fyrir austan, þar með talin hús Gráunufélagsins. Um aldamótin 1900 hafði Strandgatan fengið þá mynd sem hún hefur haldið síðan.

Um 1880 var farið að byggja við þvergöturnar norður úr Strandgötu. Stefna Norðurgötu var ákveðin árið 1885. Gatan lá að Lundi og torfbænum þar fyrir norðan. Fyrsta húsið við Norðurgötu er talið hafa verið reist árið 1877 á lóðinni nr. 7.

Aðrar þvergötur byggðust upp úr 1890, fyrst Lundargata og síðan göturnar þar fyrir austan. Byggð við þessar götur náði um 1930 ekki lengra en að Eiðsvallagötu.

(Endursagt og stytt úr Oddeyri Húsakönnun 1995 bls. 20-21)

3. Skipulagssaga

3.1 Upphaf skipulags Oddeyrar

Upphaflega úthlutaði Gránufélagið lóðum á Oddeyrinni. Árið 1857 var skipuð byggingarnefnd á Akureyri og var það fyrsta tilraun til að stýra húsbyggingum á Akureyri. Þegar kom fram yfir 1890 fór byggingarnefndin að hafa meira um byggingarmál á Oddeyri að segja. Útmælingar lóða og byggingarleyfi bera með sér að nefndin hefur leitast við að koma byggingarmálum í fastar skorður á Oddeyri. Þá hefur nefndin einnig ákveðið hvar leggja skyldi götur.

Talið er að Einar Ásmundsson í Nesi hafi gert fyrsta skipulagsuppdrátt af Oddeyri árið 1877, en hann var verslunarstjóri Gránufélagsins á Oddeyri. Þar telur hann að hægt sé að koma fyrir 30.000 manna byggð „ef reglulega er byggt“. Uppdrátturinn hefur ekki fundist og ekki er vitað nánar í hverju hugmyndir hans voru fólgnar, né hvort farið var eftir þeim.

Næsta tilraun til skipulags var gerð að frumkvæði bæjaryfirvalda. Árið 1897 var samþykkt að láta gera skipulagsuppdrátt af Oddeyri, og árið 1899 er þess getið í byggingarnefndarbókun að beðið sé eftir uppdrætti sem sé í undirbúningi. Sennilega er það umræddur uppdráttur. Í vörslu Amtsbókasafnsins á Akureyri er uppdráttur sem líklega er sá sem hér um ræðir. Hann er ódagsettur og óáritaður, en er þó augljóslega eldri en annar uppdráttur sem dagsettur er árið 1901.

Af uppdrættinum má sjá að nokkur byggð hefur þá verið risin á Oddeyri. Strandgatan hefur að mestu verið byggð og við vestustu þvergöturnar verið risin allmörg hús. Lundargata er þá byggð norður fyrir Gránufélagsgötu, Norðurgata nær að Eiðsvallagötu og við suðurenda Glerárgötu og Grundargötu eru nokkur hús risin. Nýjar götur eru Gránufélagsgata og önnur samhliða henni þar fyrir norðan, seinna nefnd Eiðsvallagata. Þvergöturnar hafa verið lengdar til norðurs og nýjar götur lagðar fyrir austan og vestan þáverandi byggð. Vestan Lundargötu eru tvær götur henni samhliða, en austasta gatan er Grundargata. Þar fyrir austan eru síkin. Á kortinu má sjá að kvísl hefur runnið til sjávar milli Lundargötu of Norðurgötu og önnur minni vestan Glerárgötu. Með þessum uppdrætti hefur gatnakerfið þá verið mótað þegar í lok 19. aldar.

Til eru tveir aðrir uppdrættir frá svipuðum tíma, sá eldri frá 1901, gerður af Stefáni Kristjánssyni. Sá uppdráttur getur með réttu kallast skipulagsuppdráttur þar sem á honum er sýnt gatnaskipulag langt út fyrir þá byggð sem var á Oddeyrinni á þeim tíma. Ekki er ljóst hvort þessi uppdráttur var gerður að frumkvæði bæjaryfirvalda og ekki er hægt að sjá af bókum byggingarnefndar að um hann hafi verið fjallað.

Síðari uppdrátturinn er frá árinu 1904 og hann er einngi gerður ef Stefáni Kristjánssyni. Uppdrátturinn nær yfir allan bæinn og þar eru lagðar út götur langt út fyrir þá byggð sem á þeim tíma var á Akureyri. Í bók sinni „Bæirnir byggjast“ telur Páll Líndal þetta vera fyrsta skipulagsuppdrátt sem gerður er hér á landi. Skipulagið var lagt fram í byggingarnefnd árið 1904. Í bókun byggingarnefndar segir að þann 8. febrúar hafi verið tekið fyrir: „Planið yfir götur, auð svæði og húsaskipun, sem er á kortum yfir Akureyri og brekkunum ofan við Oddeyri skal gilda sem byggingarplan á svæði því sem að nær yfir …“ Í greinargerðinni sem fylgdi uppdrættinum eru eftirtalin atriði sem varða skipulag á Oddeyri, liðir 2-6:

„2. Samhliða Glerárgötu skal liggja 20 ál breið gata, Túngata, 34 álnir yrir vestan Dalmannshús.

3. Austur og vestur Oddeyrina skal liggja 20 álna breið gata meðfram stafni á húsi Guðm. Helgasonar, Jóhanns Thorarensen og Wathnes húsi, Gránufélagsgata, 150 ál fyrir norðan hana skal liggja þriðja gatan 30 ál breið, Heklugata.

4. Fyrir norðan Gránufélagsgötu milli Norðurgötu og Grundargötu skal vera autt svæði, Oddeyrartorg.

5. Fyrir norðan Wathneslóð skal vera óbyggt svæði við sjóinn, norður að Heklugötu 150 ál austur og vestur.

6. Frá Ósbrú skal liggja 20 ál breið gata norður sandinn, Sjávargata.“

Skipulagið frá 1904 var við lýði fram yfir 1920 og var því framfylgt í meginatriðum. Hér var þó um að ræða mjög einfalt skipulag sem náði fyrst og framst til legu gatna.

(Endursagt og stytt úr Oddeyri Húsakönnun 1995 bls. 22-25)

3.2. Aðalskipulag Akureyrar 1927

Með skipulagslögum sem sett voru árið 1921 urðu alir þéttbýlisstaðir með yfir 500 íbúa skipulagsskyldir og stofnuð var skipulagsnefnd ríkisins sem átti að dæma um skipulagsuppdrætti. Árið 1922 leituðu yfirvöld Akureyrar til skipulagsnefndar ríkisins um að gert yrði skipulag af bænum. Árið 1926 var lagður fram til kynningar í bænum uppdráttur ásamt lýsingu. Litið var á bæinn sem þrjá aðskilda bæjarhluta eða „byggðarlög“, sem voru gamla Akureyrin, Eyrarlandsbyggðin og Oddeyrin. Á þessum tíma voru samgöngur innanbæjar enn það erfiðar að gert var ráð fyrir að hver bæjarhluti yrði að vera sjálfum sér nægur að sem mestu leyti og átti því að fá sína þungamiðju. Á Oddeyri var þannig gert ráð fyrir skemmtigarði í brekkunni neðan Brekkugötu, verslunarsvæði vestan við íbúðarbyggðina og bæjarvelli vestan Glerárgötu og norðan Eiðsvallagötu.

Ný gata sá dagsins ljós með þessu skipulagi, Geislagata eða „skágatan“ sem liggur frá Ráðhústorginu að bæjarvellinum sem er norðan við Eiðsvallagötu. Við þessa götu átti verslunarsvæði hverfisins að vera. Glerárgata náði aðeins að Gránufélagsgötu samkvæmt þessu skipulagi.

Randbyggingar voru fyrirhugaðar við Strandgötu og að hluta til við Gránufélagsgötu en að öðru leyti var gert ráð fyrir allstórum húsum sem skyldu vera steinsteypt. Norðan Grundargötu var opið svæði eða torg þar sem gert var ráð fyrir skólabyggingu. Byggingar áttu að rísa við þrjár hliðar torgsins og þar átti að gera leikvöll. Við Gránufélagsgötu áttu að rísa randbyggingar milli Norðurgötu og Hríseyjargötu.

Við Gránufélagsgötu eru nokkur hús sem byggð eru eftir hugmyndinni frá 1927. Húsin nr. 39, 41a, 41 og 43 eru öll með svipuðu sniði og þrjú hin fyrst töldu eru sambyggð. Þessi hús áttu að standa við torgið fyrir enda Grundargötu. Strandgata 37 var einnig byggð samkvæmt þessu skipulagi sem hluti randbyggðar.

(Endursagt og stytt úr Oddeyri Húsakönnun 1995 bls. 25-27)

3.3. Síðari skipulagstillögur

Árið 1944 var gerður nýr skipulagsuppdráttur að Akureyri og þar er framtíðarbyggð Oddeyrar í öllum veigamestu atriðum sýnd eins og á uppdrættinum frá 1927. Á næstu árum voru gerðir nokkrir uppdrættir með tillögum að aukinni byggð á fyllingu sunnan Strandgötu. Enginn þeirra var samþykktur sem skipulag og hugmyndir um byggð sunnan við Strandgötu voru lagðar til hliðar.

Árið 1974 var gefið út nýtt aðalskipulag fyrir Akureyri, sem gilda átti 1972-1993. Þar með var staðfest að austasti hluti Oddeyrar skyldi helgaður iðnaðarstarfsemi til frambúðar. Vestasti hluti Eyrarinnar skyldi vera íbúðarhverfi áfram og lagt var til að húsaraðirnar við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu yrðu varðveittar.

(Endursagt og stytt úr Oddeyri Húsakönnun 1995 bls. 27)

3.4. Skipulag eftir 2000.

Árið 2005 var samþykkt nýtt aðalskipulag fyrir Akureyri: *Aðalskipulag Akureyrar 2005 – 2018*. Í því var legu tengibrauta á Oddeyri breytt og kveðið var á um að aðgengi að strandlengju bæjarins yrði tryggt með úrbótum á frágangi hennar frá Oddeyrartanga að flugvelli. Á svo nefndum Hvannavallareit sem afmarkast af Glerárgötu, Strandgötu og Hvannavöllum var nú gert ráð fyrir blandaðri byggð verslunar-, þjónustu- og íbúðarbyggðar í stað athafnasvæðis áður. Á austurhluta svæðisins gæfist því færi á að þróa íbúðarbyggð í beinum tengslum við íbúðarhverfi á Oddeyri. Unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi svæðisins, en hún hefur ekki enn hlotið brautargengi.

Á grundvelli þessa aðalskipulags var unninn *Rammahluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 fyrir Oddeyri*. Þar segir m.a. um varðveisluverðar heildir:

„Í samræmi við húsakönnun frá 1995 skal tekið tillit til húsaraðanna við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu í deiliskipulagi. Ekki hefur verið unnin húsakönnun fyrir norðurhluta íbúðarbyggðarinnar en vert er að benda á áhugaverða heild smágerðra parhúsa við Eyrarveg og Víðivelli. Húsin voru byggð á árunum 1947-1948 sem verkamannabústaðir og teiknaðir af teiknistofu húsameistara ríkisins. Margar þessara íbúða hafa verið stækkaðar. Einnig ber að nefna áhugaverðar húsaþyrpingar og götumyndir við Ægisgötu, Hríseyjargötu norðan Eiðsvallagötu og Norðurgötu norðan Víðivalla. Húsaraðirnar eru samstæðar og gott dæmi um aðlögun fúnksjónalismans að íslenskum staðháttum þar sem valmaþök urðu einkennandi. Þessar húsagerðir voru algengar um miðbik síðustu aldar. Girðingar og veggir á lóðamörkum eru snar þáttur í götumynd og yfirbragði byggðarinnar. Ýmsar útfærslur girðinga eru í hverfinu s.s. timburgirðingar, steyptar girðingar og stöplar með járnaverki. Þær eru einkennandi fyrir tíðarandann og voru oft sömu gerðar og handrið á stigum og svölum húsa. Hlið eru einkennandi og víða enn í notkun.“

Árið 2018 var enn samþykkt Nýtt aðalskipulag fyrir Akureyri: *Aðalskipulag Akureyrar 2018 – 2030*. Í því eru sett skipulagsákvæði fyrir Oddeyrina:

„Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. Deiliskipulagt að hluta. Þétting möguleg. Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir.“

Þá eru sett ákvæði um verndun byggðarinnar, “sem er sú elsta í bænum ásamt strandlengjunni í Innbænum. Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar á húsum byggðum fyrir 1950 í skipulagsráði. Breytingar á húsum og nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd, og skal þess einkum gætt varðandi húsaröðina við Strandgötu.”

Hverfisverndarákvæði eru sett fyrir Húsaraðirnar Hríseyjargata 13-19, Ægisgata öll báðum megin og Norðurgata 43-53. Sjá kafla 5.

“Huga verður að grænum svæðum í bæjarlandinu svo sem Eiðsvellinum sem er eina græna svæðið á Oddeyrinni.”

4. Varðveislumat

4.1 Skipulagsákvæði fyrir Oddeyri

Í gildandi skipulagi eru ákvæði til verndar byggðinni á Oddeyri. Skipulagssvæðið sem þessi húsakönnun nær til er að hluta til skilgreint sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Í skilmálum fyrir það segir:

„Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. Deiliskipulagt að hluta. Þétting möguleg. Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri: Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir.“

Hluti svæðisins við Strandgötu er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði. Í skilmálum fyrir það segir: „Verslanir og íbúðir. Deiliskipulagt. Íbúðir eru heimilar á efri hæðum húsa.“

Í rammahluta aðalskipulagsins fyrir Oddeyri segir m.a. varðandi varðveisluverðar heildir: „Í samræmi við húsakönnun frá 1995 skal tekið tillit til húsaraðanna við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu í deiliskipulagi.“

Varðandi gæði byggðar og bæjarrýma segir þar m.a.: „Við skipulagsgerð verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta.“

Varðandi núverandi byggð á skipulagssvæðinu segir m.a.: „Stefnt er að því að byggðin haldi smágerðu yfirbragði sínu…“.

Þetta er einkum mikilvægt á syðsta hluta svæðisins þar sem byggðin er elst og smágerðari en á norðurhluta þess. Í samræmi við þetta er syðsta og jafnframt elsta hluta svæðisins því skipt upp í reiti á bls. 12 og reitirnir eru metnir hver fyrir sig. Síðar í húsaskránni eru götumyndir metnar til að fá yfirsýn yfir mat heillegra götumynda.

4.2 Forsendur matsins

Þetta varðveislumat er unnið í samræmi við stefnu Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 og Rammahluta Aðalskipulags fyrir Oddeyri. Til grundvallar matinu er húsaskrá sem hér fer á eftir í kafla 7. Húsaskráin er forsenda deiliskipulagsins samkæmt 5 málsgrein 37 greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Í matinu er verndunarflokkur húsanna skráður og metnar eru götumyndir, varðveisluverðar heildir og varðveislugildi einstakra húsa. Niðurstöður matsins eru sýndar á 6 kortum á eftir greinargerðinni og á undan skráningu húsanna.

Aldur húsanna er skráður og skilgreint hvaða verndunarflokk eldri hús á svæðinu falla undir samkvæmt kafla VII: *Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja* í lögum um menningarminjar nr. 50/2012. Í 31. grein *Friðlýst hús og mannvirki* eru ákvæði um friðlýst hús: „Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara. - Í 29. grein *Friðuð mannvirki* eru ákvæði um friðuð hús: "Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands". - Í 30. grein *Verndun annarra húsa og mannvirkja* eru ákvæði um umsagnarskyld hús: “Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa”.

Á korti 1 eru sýnd friðlýst hús blár litur á korti, friðuð hús fjólublár litur á korti og umsagnarskyld hús appelsínugulur litur á korti.

Einstakar götumyndir eru metnar samhliða varðveislumatinu og sýndar á kortum 2 fyrir allt svæðið, 2-1 fyrir suðurhluta þess og 2-2 fyrir norðurhluta þess. Húsin eru þar merkt með rauðum lit. Varðveisluverðar heildir eru sýndar gullitaðar á sama korti, og um þær er fjallað í kafla 5. Hverfisvernduð svæði eru sýnd grænlituð.

Varðveislumat einstakra húsa byggir á vegnu mati á fimm þáttum:

1. Listrænu gildi/byggingarlist. Þar sem hér er um venjulega íbúðarbyggð að ræða er hér einkum farið eftir samræmi í formi og gluggastningu.
2. Menningarsögulegu gildi, þ.e. aldri og hvort húsið á sér einhverja merkilega sögu.
3. Umhverfisgildi, þ.e. hvort húsið fellur vel að umhverfi sínu og götumynd.
4. Upprunalegu gildi, þ.e. hvort litlar/engar eða miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu sem víkja fráu pprunalegri mynd þess.
5. Ástandi, þ.e. tæknilegu ástandi


Matið segir hins vegar ekkert til um markaðsverðgildi húsa eða gæði þeirra til búsetu.
Niðurstaða varðveislumatsins er sýnd á kortum 3-1 fyrir suðurhluta svæðisins og korti 3-2 fyrir norðurhluta þess. Hátt varðveislugildi er sýnt svartlitað, miðlungs varðveislugildi dökkgrátt og lágt varðveislugildi ljósgrátt.

4.3 Skipting svæðisins í matshluta.

Líta má á Oddeyrina annars vegar sem suðurhluta með elstu byggðinni með sér yfirbragð og hins vegar sem norðurhluta með síðari byggð og allt annað yfirbragð. Á allra syðsta hlutanum eru randbyggðir reitir með bakgörðum og þar er elsta byggðin á Oddeyrinni. Svæðið afmarkast af Strandgötu, Hjalteyrargötu, Eiðsvallagötu og Glerárgötu, en inniheldur auk þess tvö hús sem standa við Strandgötu austan Hjalteyrargötu og 10 hús sem standa austan Norðurgötu að Eyrarvegi.

Þeim hluta er því skipt upp í 10 minni reiti og fjallað nánar um hvern reit fyrir sig. Í norðurhluta Oddeyrar eru aðeins húsaraðir meðfram götum, þar er yngri byggð og er fjallað nánar um þann hluta sem heild.

4.4 Mat á einstökum reitum á suðurhluta svæðisins



Kort 2. Skipting syðsta hluta Oddeyrar í minni reiti.

Á eftir umfjöllun um reitina, í kafla 4.5, eru myndir af þeim húsaröðum sem eru innan svæðisins sem reitirnir ná yfir og þar er fjallað nánar um forsendur mats á heildstæðum götumyndum.

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er ákvæði um að halda skuli yfirbragði svæðisins.

REITUR 1.1 afmarkast af Strandgötu, Lundargötu, Gránufélagsgötu og Glerárgötu.



Mynd 1. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.1.

Dæmi um hús á reitnum:





Mynd 2. Strandgata 19 / Mynd 3. Lundargata 5 / Mynd 4. Gránufélagsgata 10

Lýsing á reitnum og varðveislumat:

Öll hús á reitnum eru aldursfriðuð nema Gránufélagsgata 10 sem hefur enga þannig stöðu.

Fjögur hús á reitnum standa við Strandgötu, hús nr. 17, 19, 19b og 21. Strandgata 19 og 19b eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en Strandgata 17 og 21 miðlungs. Allgott samræmi er milli þessara húsa, einkum hvað form og stærð varðar, en hús nr. 17 og 21 eru múrhúðuð meðan hús nr. 19 og 19b eru bárujárnsklædd. Bæta þyrfti bakhlið húss nr. 19 og færa til samræmis við aðra hluta þess, og hús nr. 17 þarfnast mikilla endurbóta. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Strandgötu. Hús nr. 19b stendur innar á lóðinni en er þó óumræðilega hluti af heildinni.

Þrjú hús á þessum reit standa við Lundargötu, hús nr. 5, 7 og 9, auk Strandgötu 21 sem snýr gafli að götunni. Lundargata 5, 7 og 9 eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi. Þau eru lágreistari en húsin við Strandgötu, og samræmi ekki mikið, hvorki hvað varðar form eða yfirborðsefni, þ.e. ál, steinblikk og múrhúðun. Hús nr. 9 er mikið breytt og þarfnast mikilla endurbóta. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Lundargötu.

Aðeins eitt hús á reitnum, hús nr. 10 (Alþýðuhúsið) stendur við Gránufélagsgötu auk Lundargötu 9 sem snýr gafli að götunni. Gránufélagsgata 10 er hér metin hafa miðlungs varðveislugildi.

Engin hús standa við Glerárgötuna á þessu reit, nema Strandgata 17 sem snýr í hana gafli.

Reitur 1.2 afmarkast af Strandgötu, Norðurgötu, Gránufélagsgötu og Lundargötu.



Mynd 5. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.2.

Dæmi um hús á reitnum:






Mynd 6. Strandgata 25b/Mynd 7. Norðurgata 1 /Mynd 8. Gránufélagsgata 12/Mynd 9. Lundargata 8

Lýsing á reitnum:

Öll hús á reitnum eru aldursfriðuð nema Strandgata 25b sem er umsagnarskylt og Gránufélagsgata 12 sem hefur enga slíka stöðu.

Fjögur hús á reitnum standa við Strandgötu, hús nr. 23, 25, 25b og 27. Hús nr. 23, 25b og 27 eru hér öll metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 25 lágt. Gott samræmi er á milli húsanna og við húsaröðina í Strandgötu, nema hvað hús nr. 25 sker sig algjörlega úr. Hugsanlega mætti bæta risi á það til að fella það betur að heildinni. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Strandgötu ef undan er skilið hús nr. 25. Hús nr. 25b stendur innar á lóðinni en er þó óumræðilega hluti af heildinni.

Þrjú hús á þessum reit standa við Lundargötu, hús nr. 2, 6 og 8, auk Strandgötu 23 sem snýr gafli að götunni. Þau eru hér öll metin hafa hátt varðveislugildi og samræmi milli þeirra er gott. Lóð nr. 4 er auð nema hvað þar stendur skúr sem hefur lágt varðveislugildi. Hann er þó aldursfriðaður. Hús nr. 6b er einnig skúr sem hefur enga slíka stöðu og lágt varðveislugildi. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Lundargötu.

Aðeins tvö hús á reitnum standa við Norðurgötu, hús nr. 1 og 3. Hús nr. 1 er hér metið hafa hátt varðveislugildi. Hús nr. 3 brann árið 2019, en er hér metið hafa hátt varðveislugildi þrátt fyrir það. Þau voru í allgóðu samræmi sín á milli og við hús handan götunnar. Lóðir nr. 5 og 7 eru óbyggðar nema hvað gömul spennistöð sem hefur lágt varðveislugildi er á baklóð húss nr. 5. Hún er ekki með í fasteignaskrá Þjóðskrár. Húsin eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Norðurgötu.

Aðeins eitt hús á reitnum hús nr. 12 stendur við Gránufélagsgötu auk Lundargötu 8 sem snýr gafli að götunni. Varðveislugildi Gránufélagsgötu 12 er hér metið vera hátt. Húsið er í allgóðu samræmi við flest hús á reitnum og við Gránufélagsgötu og er hér metið hafa gildi sem slíkt.

Reitur 1.3 afmarkast af Strandgötu, Grundargötu, Gránufélagsgötu og Norðurgötu.



Mynd 10. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.3.

Dæmi um hús á reit 1.3:





Mynd 11. Strandgata 33. / Mynd 12. Grundargata 4. / Mynd 13. Norðurgata 6.

Lýsing á reitnum og varðveislumat:

Öll hús á reitnum eru aldursfriðuð nema Strandgata 33 og Grundagata 1 sem eru umsagnarskyld, og Strandgata 29 og 31 sem hafa enga slíka stöðu.

Þrjú hús á reitnum standa við Strandgötu, hús nr. 29, 31 og 33. Hús nr. 33 er hér metið hafa hátt varðveislugildi, báðir hlutar húss nr. 29 miðlungs, en hús nr. 31 lágt. Breytt gluggasetning á framhlið austurhluta húss nr. 29 spillir útliti þess og er til lýta. Hús nr. 31 er bakhús og til mikillar óprýði. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Strandgötu ef undan er skilið hús nr. 31. Vesturhluti húss nr. 29 var í byggingu þegar skráning var gerð og virtist geta fallið allvel að húsalínunni við Strandgötu.

Fjögur hús á reitnum eru við Grundargötu, hús nr. 1, 3, 5 og 7. Hús nr. 1 og 5 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi en hús nr. 3 og 7 lágt. Mikið ósamræmi er milli húsanna.

Engin hús á reitnum teljast til Gránufélagsgötu, en Norðurgata 8 og Grundargata 7 liggja að Gránufélagsgötu.

Þrjú hús á reitnum standa við Norðurgötu, hús nr. 2, 4 og 6. Hús nr. 2 og 6 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 4 miðlugs. Þessi hús eru fremur lágreist, ein hæð og ris. Mjög gott samræmi er milli þeirra og þau eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Norðurgötu. Samræmi við hús nr. 1 handan götunnar er einnig gott.

Reitur 1.4 afmarkast af Strandgötu, Hríseyjargötu, Gránufélagsgötu og Grundargötu.



Mynd 14. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.4.

Dæmi um hús á reitnum:



Mynd 15. Strandgata 39/Mynd 16. Hríseyjargata 5/Mynd 17. Gránufélagsgata 18/Mynd 18. Grundargata 4

Lýsing á reitnum:

Öll hús á reitnum eru aldursfriðuð nema Hríseyjargata 5 sem er umsagnarskylt, en Strandgata 37, Hríseyjargata 3 og Gránufélagsgata 16 hafa enga slíka stöðu.

Þrjú hús á reitnum standa við Strandgötu, hús nr. 35, 37 og 39. Hús nr. 35 og 39 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 37 lágt. Ekkert samræmi er milli þessara húsa, og mikið ósamræmi milli nr. 35 og 37, hvað form, byggingarefni og stærð varðar. Greina má eitthvað samræmi milli forms húsa nr. 37 og 39, en stærð og byggingarefni eru ólík. Hús nr. 35 og 39 falla inn í húsaröðina við Strandgötu og eru hér metin hafa gildi sem slík. Hús nr. 37 fellur illa að götumyndinni stærðar sinnar vegna.

Aðeins tvö hús á reitnum standa austan Grundargötu, hús nr. 4 og hús nr. 6. Varðveislugildi húss nr. 6 er hér metið miðlungs en húss nr. 4 lágt. Lítið samræmi er milli þeirra, en nokkurt samræmi má sjá milli Grundargötu 4 og Strandgötu 35, þótt fulllangt sé á milli þeirra. Einnig er nokkurt samræmi við hús nr. 1 og 5 handan götunnar. Hús nr. 6 er ekki heldur í samræmi við húsin við Gránufélagsgötu.

Þrjú hús á reitnum standa við Hríseyjargötu, hús nr. 1, 3 og 5. Hríseyjargata 1 er hér metin hafa miðlungs varðveislugildi en hús nr. 3 og 5 lágt. Lítið samræmi er milli húsa nr. 3 og 5 né heldur samræmi milli þeirra og húsa handan megin götunnar.

Fjögur hús á reitnum standa við Gránufélagsgötu, þ.e. Gránufélagsgata 16, 18 og 20 auk Grundargötu 6 sem snýr gafli að götunni. Hús nr. 16 og 18 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 20 miðlungs. Lág bygging tengir hús nr. 16 og 18 saman. Húsin eru fremur reisuleg og gott samræmi er á milli þeirra. Þau mynda heild og eru hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð. Samræmi við hús handan götunnar er þó lítið.

Reitur 1.5 afmarkast af Strandgötu, Hjalteyrargötu, Gránufélagsgötu og Hríseyjargötu.



Mynd 19. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.5.

Dæmi um hús á reitnum:



Mynd 20. Strandgata 43/Mynd 21. Hjalteyrargata 26/Mynd 22. Gránufélagsg 22/Mynd 23. Hríseyjargata 4

Lýsing á reitnum:

Húsin nr. 41 og 45 við Strandgötu eru aldursfriðuð, en Gránufélagsgata 22 og Hríseyjargata 2 eru umsagnarskyld. Strandgata 43, Gránufélagsgata 26 og 28 og Hríseyjargata 6 hafa enga slíka stöðu.

Þrjú hús á reitnum standa við Strandgötu, hús nr. 41, 43 og 45. Öll húsin eru hér metin hafa hátt varðveislugildi. Mjög gott samræmi er milli þeirra og þau eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Strandgötu. Auk þess stendur skúrbygging Strandgata 43b á baklóð húss nr. 43. Varðveislugildið er lágt.

Þrjú hús á reitnum standa við Gránufélagsgötu, hús nr. 22, 26 og 28. Hús nr. 26 og 28 eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 22 lágt. Gránufélagsgata 22 er á horni Gránufélagsgötu og Hríseyjargötu og snýr skammhliðinni að Gránufélagsgötu. Hús nr. 26 snýr gaflinum að götunni. Hús nr. 22 er ósamstætt að innra formi til og í ósamræmi við húsaröðina við Gránufélagsgötu. Gránufélagsgata 26 og 28 eru nýleg hús, en falla ágætlega inn í umhverfi sitt. Þau standa samsíða Hjalteyrargötu, en teljast til Gránufélagsgötu og eru ekki metin sem hluti af heildstæðri húsaröð.

Tvö hús á reitnum teljast til Hríseyjargötu, hús nr. 2 og 6. Hús nr. 6 er hér metið hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 2 lágt. Nokkuð samræmi er á milli þeirra.

Reitur 1.6 afmarkast af Gránufélagsgötu, Lundargötu, Eiðsvallagötu og Glerárgötu. Fróðasund er innan reitsins. Ekkert hús á reitnum telst til Glerárgötu.



Mynd 24. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.6.

Dæmi um hús á reit 1.6:



Mynd 25. Gránufélagsgata 19/Mynd 26. Lundargata 11



Mynd 27. Eiðsvallagata 6

Lýsing á reitnum:

Hús við Lundargötu 11, 13 og 15 eru aldursfriðuð, Gránufélagsgata 19 og Fróðasund 3 eru umsagnarskyld, en Fróðasund 4 og Eiðsvallagata 4 og 6 hafa enga slíka stöðu.

Þrjú hús á reitnum standa við Lundargötu, hús nr. 11, 13 og 15 auk þess sem Eiðsvallagata 6 snýr inngangi að götunni. Lundargata 11 og 15 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 13 miðlungs. Efnisáferð húsanna nr. 11 og 15 er svipuð, en hús nr. 13 þarfnast mikilla endurbóta. Gott samræmi er í formi húsanna nr. 11, 13 og 15 og einnig með húsum handan götunnar. Húsaröðin er hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Lundargötu.

Aðeins eitt hús á reitnum stendur við Gránufélagsgötu, hús nr. 19, auk þess sem Lundargata 11 snýr gafli að götunni. Gránufélagsgata 19 er hér metin hafa hátt varðveislugildi. Mjög lítið samræmi er milli húsa í nálægri húsaröð við Gránufélagsgötu, en segja má að hús nr. 19 sé í samræmi við hús mun austar í götunni. Húsið er nýuppgert og hefur verið vandað mjög til verksins. Það er reisulegt og sómir sér vel úti við Glerárgötuna sem er innkeyrslugata í bæinn.

Tvö hús á reitnum standa við Fróðasund, hús nr. 3 og 4. Húsin eru mjög ólík. Fróðasund 4 hefur miðlungs varðveislugildi en Fróðasund 3 lágt.

Tvö hús á reitnum standa við Eiðsvallagötu, hús nr. 4 og 6. Hús nr. 4 er hér metið hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 6 lágt. Allgott samræmi er milli þeirra, þau sóma sér vel á sínum stað og eru metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð sunnan Eiðsvallagötu.

Reitur 1.7 afmarkast af Gránufélagsgötu, Norðurgötu, Eiðsvallagötu og Lundargötu. Þrjú hús á reitnum teljast til Fróðasunds.



Mynd 28. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.7.

Dæmi um hús á reitnum:



Mynd 29. Gránufélagsgata 21/Mynd 30. Norðurgata 15/Mynd 31. Eiðsvallagata 18/Mynd 32. Lundargata 10

Lýsing á reitnum:

Hús við Norðurgötu 11, 13, 15 og 19, Gránufélagsgötu 21, Fróðasund 10 og 11 eru aldursfriðuð, Norðurgata 17 er friðlýst, en Lundargata 10 og 12, Gránufélagsgata 23, Fróðasund 9 og Eiðsvallagata 8 og 14 hafa enga slíka stöðu.

Tvö hús á reitnum teljast til Lundargötu, hús nr. 10 og 12, auk þess sem Fróðasund 9 snýr að götunni og Eiðsvallagata 8 liggur að götunni. Lundargata 10 er nýlegt hús en er hér metið hafa hátt varðveislugildi. Lundargata 12 er eldra hús og er hér einnig metið hafa hátt varðveislugildi. Gott samræmi er milli húsanna nr. 10 og 12 og þau eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Lundargötu. Til þeirrar húsaraðar má einnig telja Fróðasund nr. 9.

Fimm hús á reitnum standa við Norðurgötu, hús nr. 11, 13, 15, 17 og 19. Húsin Norðurgata 11, 13, 15 og 17 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en Norðurgata 19 miðlungs. Þokkalegt samræmi er milli húsanna, þó svo að hús nr. 17 skeri sig mjög úr, og einnig hús nr. 13 hvað stærð varðar. Húsin eru hér samt metin hafa varðveislugildi sem heildstæð húsaröð.

Tvö hús á reitnum standa við Gránufélagsgötu, hús nr. 21 og 23 auk þess sem Norðurgata 11 snýr gafli að götunni. Hús nr. 21 er hér metið hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 23 lágt. Gránufélagsgata 21 og 23 eru mjög ólík hvort öðru. Hús nr. 21 er í góðu samræmi við nærliggjandi hús við Lundargötu og er hér metið hafa gildi sem slíkt, en hús nr. 23 er ólíkt öðrum húsum á svæðinu. Ganga mætti betur frá viðbyggingu við hús nr. 23.

Þrjú hús á reitnum teljast til Fróðasunds, hús nr. 9, 10 og 11. Hús nr. 9 er hér metið hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 10 og 11 miðlungs. Fróðasund 9 getur talist vera hluti af húsaröð við Lundargötu og er hér metið hafa gildi sem slíkt.

Tvö hús á reitnum teljast til Eiðsvallagötu, hús nr. 8 og 14. Húsin eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi. Hús nr. 8 er í nokkuð góðu samræmi við hús nr. 4 og 6 og er hér metið sem hluti af þeirri húsaröð. Eldra hús á lóð nr. 14 byggt 1858 var rifið í heimildarleysi.

Reitur 1.8 afmarkast af Gránufélagsgötu, Hríseyjargötu, Eiðsvallagötu og Norðurgötu.



Mynd 33. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.8.

Dæmi um hús á reitnum:



Mynd 34. Gránufélagsgata 43/Mynd 35. Hríseyjargata 9/Mynd 36. Eiðsvallagata 20/Mynd 37 Norðurgata 16

Lýsing á reitnum:

Hús við Gránufélagsgötu 29 er aldursfriðað, Gránufélagsgata 27 er umsagnarskyld, en Norðurgata 8, 10, 12 og 16, Gránufélagsgata 31, 39-41 og 43, Hríseyjargata 7, 9 og 11 og Eiðsvallagata, 18, 20, 22, 24, 26, 28 og 30 hafa enga slíka stöðu.


Fjögur hús á reitnum teljast til Norðurgötu, hús nr. 8, 10, 12 og 16. Auk þess snýr Eiðsvallagata 18 hlið að götunni. Hús nr. 8, 10 og 12 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 16 miðlungs. Húsin nr. 10 og 12 eru nokkuð samstæð og eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð við Norðurgötu.

Fimm hús á reitnum teljast til Gránufélagsgötu, hús nr. 27, 39-41-41a 43, 29 og 31 í þeirri röð við götuna. Auk þess er Norðurgata 8 á horni gatnanna, og á reitnum er leikskólinn Iðavellir fyrir miðjum reit. Gránufélagsgata 27 er hér metin hafa hátt varðveislugildi, Iðavellir, hús nr. 29, 39, 41, 41a og 43 miðlungs, en hús nr. 31 lágt. Hús nr. 39-41 og 43 eru minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem þau falla illa að smágerðu mynstri byggðar á Oddeyrinni. Hús nr. 31 og Iðavellir eru nýleg. Einungis hús nr. 27 er hér metið falla vel inn í umhverfið, en húsaröðin er mjög ósamstæð. Hús nr. 29 er úr annarri átt en hin húsin, en svipar nokkuð til húsa nr. 33 og 35 austar í húsaröðinni.

Þrjú hús á reitnum teljast til Hríseyjargötu, hús nr. 7, 9 og 11. Auk þess snúa Gránufélagsgata 31 og Eiðsvallgata 30 gafli að götunni. Hríseyjargata 9 er hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 7 og 11 miðlungs. Hús nr. 7 er nýlegt. Húsaröðin er ósamstæð.

Sjö hús á reitnum snúa að Eiðsvallagötu, hús nr. 18, 20, 22, 24, 26, 28 og 30. Hús nr. 20, 26 og 30 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, hús nr. 22, 24 og 28 miðlungs, en hús nr. 18 lágt. Húsin eru byggð á árunum 1930 til 1947. Nokkur svipur er með húsunum og þau virðast vera í góðu ásigkomulagi. Húsin eru hér metin hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð sunnan Eiðsvallagötu.

Reitur 1.9 afmarkast af Gránufélagsgötu, Hjalteyrargötu, Eiðsvallagötu og Hríseyjargötu.



Mynd 38. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.9.

Dæmi um hús á reitnum:



Mynd 39. Gránufélagsg 37 /Mynd 40. Eiðsvallagata 36 /Mynd 41 Eiðsvallagata 32 /Mynd 42 Hríseyjargata 8

Lýsing á reitnum:

Húsið við Gránufélagsgötu 33 er aldursfriðað, Gránufélagsgata 35 er umsagnarskyld, en Gránufélagsgata 37, Hríseyjargata 8 og 10, Eiðsvallagata 32, 34, 36 og 38 hafa enga slíka stöðu.

Tvö hús á reitnum standa við Hríseyjargötu, hús nr. 8 og 10. Auk þess liggja Gránufélagsgata 33 og Eiðsvallagata 32 að götunni og á baklóð húss nr. 10 er gömul spennistöð. Hús nr. 8 og 10 eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi. Þau eru nánast eins, einnar hæðar hús, lágreist með valmaþaki. Þau eru ekki í stíl við önnur hús í næsta nágrenninu, en svipar til húsa norðar í Hríseyjargötu og eru hér metin hafa gildi sem slík.

Þrjú hús á reitnum standa við Gránufélagsgötu, hús nr. 33, 35 og 37. Hús nr. 37 er nýlegt. Öll húsin eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi. Hús nr. 33 og 35 eru í svipuðum stíl, og svipar einnig til húss nr. 29 vestar í húsaröðinni. Hús nr. 37 er úr allt annarri átt.

Fjögur hús á reitnum standa við Eiðsvallagötu, hús nr. 32, 34, 36 og 38. Þar af tilheyra hús nr. 32 og 34 húsaröðinni við Eiðsvallagötu, en hús nr. 36 og 38 standa við hluta götunnar sem er samsíða Hjalteyrargötu. Hús nr. 32 er hér metið hafa lágt varðveislugildi en hin húsin miðlungs. Hús nr. 32 er byggt árið 1949, en hús nr. 34, 36 og 38 eru byggð 1999 og 2000. Húsin nr. 33, 36 og 38 eru öll eins, en hús nr. 32 er ólíkt öllum húsum í nágrenninu. Það telst þó hafa gildi sem hluti af heildstæðri húsaröð sunnan Eiðsvallagötu.

Engin hús standa við Hjalteyrargötu.

1.10. Önnur hús á reit 1.



Mynd 43. Strandgata 49.

Hér eru metin tvö hús sem eru utan randbyggðu reitanna. Strandgata 37 er hér metin hafa lágt varðveislugildi. Húsasamstæðan Strandgata 49, sem nefnist Gránufélagshúsin, er meðal elstu húsa á Oddeyrinni. Húsasamstæðan er friðlýst og hefur þar með hátt varðveislugildi. Strandgata 37 hefur enga stöðu vegna aldurs.

4.5. Einstakar götur og götumyndir á suðurhluta svæðisins.

Strandgata.

Húsalína Strandgötu er fremur samstæð og hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð, með undantekningu af húsi nr. 25 sem sker sig úr stærðar sinnar og forms vegna, og húsi nr. 47 sem er úr skala við önnur hús í röðinni. Strandgata er andlit Oddeyrarinnar og mjög áberandi í bæjarmynd Akureyrar.



Mynd 44. Austurhluti Strandgötu



Mynd 45. Vesturhluti Strandgötu

Gránufélagsgata.

Húsalínan sunnan götunnar er nokkuð samstæð og er hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð með undantekningu af húsum nr. 10 og 22 sem eru ekki í samræmi við önnur hús í húsalínunni. Grundargata 6 og 7 á horni Gránufélagsgötu og Grundargötu skera sig einnig úr götulínunni stærðar sinnar og forms vegna. Norðan götunnar er húsalínan nokkuð samstæð vestast og er hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð með undantekningu af húsi nr. 23, en skiptir um svip þegar kemur að húsum nr. 39 til 43, sem eru alveg úr takti við önnur hús í húsalínunni.



Mynd 46. Vesturhluti Gránufélagsgötu norðan götu.



Mynd 47. Austurhluti Gránufélagsgötu norðan götu.





Mynd 48. Vesturhluti Gránufélagsgötu sunnan götu. / Mynd 49. Austurhluti Gránufélagsgötu sunnan götu.

Eiðsvallagata sunnan götunnar

Allgott samræmi er í húsaröð Eiðsvallagötu sunnan götunnar. Húsin eru byggð á svipuðum tíma, og þó að þau séu ekki hvert öðru lík er viss heildarsvipur með þeim, húsalínan nokkuð samstæð og er hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð þar til kemur að húsi nr. 34.



Mynd 50. Eiðsvallagata austurhluti sunnan götu.



Mynd 51. Eiðsvallagata vesturhluti sunnan götu.

Lundargata.

Húsaröð Lundargötu einkennist af fremur smágerðum gömlum húsum. Allgott samræmi er í húsalínum við götuna og Fróðasund 9 fellur vel inn í götumynd Lundargötu austanverðrar. Húsaraðirnar beggja vegna götunnar eru hér metnar hafa gildi sem heildstæðar húsaraðir.



Mynd 52. Lundargata suðurhluti vestan götu.



Mynd 53. Lundargata norðurhluti vestan götu.



Mynd 54. Lundargata suðurhluti austan götu.



Mynd 55. Lundargata norðurhluti austan götu.

Fróðasund.

Engin heilsteypt götumynd er við Fróðasund, en hús nr. 9 fellur vel inn í götumynd Lundargötu.



Mynd 56. Fróðasund vesturhluti sunnan götu.



Mynd 57. Fróðasund vesturhluti norðan götu.

Norðurgata sunnan Eiðsvallagötu

Húsalína austan Norðurgötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu er nokkuð samstæð og einkennist af fremur smágerðum gömlum húsum. Hús nr. 1 stendur eitt eftir á þessum kafla vestan götunnar, þar sem hús nr. 3 er brunnið, en þau voru nokkuð samstæð og eru hér metin hafa gildi sem slík. Milli Gránufélagsgötu og Eiðsvallagötu er byggðin stórgerðari. Þar má sjá nokkurt samræmi í húsalínunum með undantekningu af nokkrum húsum. Hús nr. 8 sker sig algjörlega úr og fellur hvorki inn í húsalínu við Norðurgötu eða Gránufélagsgötu. Hús nr. 16 er mun stærra en aðliggjandi hús. Hús nr. 17 er úr annarri átt en aðliggjandi hús en fellur þó þokkalega inn í húsalínuna. Húsaraðir nr. 11 - 19 og nr. 2 - 6 eru hér metnar hafa gildi sem samstæðar húsaraðir, og hús nr 10 og 12 sem samstæð hús.



Mynd 58. Norðurgata syðsti hluti vestan götu.



Mynd 59. Norðurgata syðsti hluti austan götu.



Mynd 60. Norðurgata norðar vestan götu.



Mynd 61. Norðurgata norðar austan götu.

Grundargata.

Húsalínur beggja vegna götunnar eru fremur ósamstæðar og mætti bæta hér úr. Hús nr. 7 á horni Grundargötu og Gránufélagsgötu fellur afar illa inn í götumyndina og fellur einnig illa í götumynd Gránufélagsgötu.



Mynd 62. Grundargata vestan götunnar.



Mynd 63. Grundargata austan götunnar.

Hríseyjargata að Eiðsvallagötu.

Húsalínur Hríseyjargötu sunnan Gránufélagsgötu beggja vegna götunnar eru mjög ósamstæðar. Milli Gránufélagsgötu og Eiðsvallagötu er götumyndin betri og götumyndirnar beggja vegna götunnar eru hér metnar hafa gildi sem samstæðar húsaraðir.



Mynd 64. Hríseyjargata suðurhluti vestan götu.



Mynd 65. Hríseyjargata norðurhluti vestan götu.



Mynd 66. Hríseyjargata suðurhluti austan götu.



Mynd 67. Hríseyjargata norðurhluti austan götu.

4.6. Norðurhluti skráningarsvæðisins.

Hér eru metin eistök hús og húsaraðir á norðurhluta svæðisins.

Göturnar eru: Eiðsvallagata húsaröð norðan götunnar, Grænagata, Fjólugata, Eyrarvegur, norðurhluti Norðurgötu, Ránargata, Ægisgata, norðurhluti Hríseyjargötu, Hvannavellir, Grenivellir, Sólvellir, Reynivellir, Víðivellir og Glerárgata. Á eftir umfjöllun um hverja götu eru myndir af húsaröðunum. Eiðsvöllur er einnig innan norðurhluta svæðisins.

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er ákvæði um að halda skuli yfirbragði svæðisins.

Norðurgata norðan Eiðsvallagötu

Hús við Norðurgötu nr. 28, 30 og 31 eru með eldri húsum á Akureyri og af þeim eru hús nr. 28 og 30 umsagnarskyld. Þau eru hér öll metin hafa hátt varðveislugildi. Hús nr. 39a, 39b. 41a og 41b eru upphaflega byggð sem verkamannabústaðir, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og Bárði Ísleifssyni og eru hér einnig metin hafa hátt varðveislugildi, einkum menningarlegt, þar sem sérstakt var að teiknistofa húsameistara teiknaði verkamannabústaði úti á landi á þessum tíma. Önnur hús við götuna eru svipuð hvert öðru í byggingarstíl sem var nokkuð algengur á Oddeyrinni og Norðurbrekkunni á þeim tíma sem þau voru byggð, tvær hæðir með valmaþaki. Hús nr. 26, 32, 33, 35, 36, 37, 38, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 52, 53, 54, 56, 58 og 60 eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 34 lágt.

Hús nr. 33 á horni Norðurgötu og Fjólugötu getur talist falla í húsalínu norðar í Norðurgötu, og þó svo að hús nr. 2 við Fjólugötu komi inn á milli spillir það ekki heildarsvipnum. Norðurgata norðan Eyrarvegar er með tvennu móti. Syðst vestan götunnar eru tvö hús teiknuð af teiknistofu húsameistara ríkisins sem skera sig úr. Að öðru leyti eru húsaraðir beggja vegna götunnar nokkuð samstæðar að formi til og fulltrúar byggingarstíls kringum 1950 á Akureyri. Tvær hæðir með valmaþaki.

Húsaröðin nr. 28 - 60 austan götunnar er hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð að undanteknu húsi nr. 34. Húsaraðirnar nr. 33 - 37 og nr. 43 - 53 vestan götunnar eru hér einnig metnar hafa það gildi, og sú síðarnefnda er auk þess hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Hús nr. 37 er hér einnig metið sem hluti af heildstæðri húsaröð sunnan Eyrarvegar.

Húsaröðin frá Eiðsvallagötu nr. 1 til Norðurgötu nr. 40 er hér metin sem varðveisluverð heild. Húsin frá Eyrarvegi 29 til og með Norðurgötu nr. 60 eru hér einnig metin sem varðveisluverð heild, sem fellur saman við varðveisluverða heild við Ránargötu norðanverða. Húsin Norðurgata nr. 39 og 41 falla inn í varðveisluverða heild við Eyrarveg, og húsaröðin nr. 43 - 53 er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.





Mynd 68. Norðurgata vestan götu, hús húsameistara. Mynd 69. Norðurgata norðurhluti austan götu.

Eiðsvallagata norðan götunnar

Hús nr. 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 standa við Eiðsvallagötu. Hús nr. 1 og 7 við Eiðsvallagötu eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, en hús nr. 3, 9 og 13 miðlungs og hús nr. 5 og 11 lágt.

Húsaröðin er fremur ósamstæð, tvær og þrjár hæðir, og ýmsar þakgerðir. Eiðsvallagata 1 er hér metin sem hluti af varðveisluverðri heild við Norðurgötu, og Eiðsvallagata nr. 7 og 9 sem hluti af varðveisluverðri heild við Ægisgötu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.



Mynd 70. Eiðsvallagata norðan götunnar.

Grænagata

Hús nr. 2, 4-6 og 8-10 við Grænugötu eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 12 lágt.

Húsaröðin er fremur ósamstæð, tvær og þrjár hæðir, flest með valmaþaki.



Mynd 71. Grænagata.

Fjólugata

Hús við nr. 8 og 12 við Fjólugötu falla vel inn í umhverfið og eru hér metin hafa hátt varðveislugildi. Hús nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 13, 14, 16, 18 og 20 eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 15 lágt.

Húsaraðirnar eru ekki mjög samstæðar, frekar þó að sunnanverðu. Húsin eru tvær hæðir beggja vegna götunnar, heldur lágreistari að sunnanverðu. Þakform er mænisþak að sunnanverðu, en mismunandi þakform að norðanverðu. Suðurlóðir eru að norðanverðu við götuna.



Mynd 72. Fjólugata að sunnanverðu.

Eyrarvegur

Húsin norðan Eyrarvegar eru upphaflega reist sem verkamannabústaðir og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og Bárði Ísleifssyni. Það eru hús nr. 1, 3, 5, 5a, 7, 7a, 9, 11, 13, 15, 17, 19, 21, 23, 25, 25a, 27 og 27a. Þau eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, þar sem sérstakt var að teiknistofa húsameistara teiknaði verkamannabústaði úti á landi á þessum tíma. Þau eru hér metin mynda varðveisluverða heild ásamt húsum nr. 39a, 39b, 41a og 41b við Norðurgötu og húsaröð við Viðivelli. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5. - Hús nr. 2, 2a, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20 sunnan götunnar og hús nr. 35 og 37 norðan götunnar eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 29, 31 og 33 lágt.

Þó svo að hús húsameistara séu eilítið mismunandi er mikill heildarsvipur á þeim, en þau geta þó tæplega talist mynda samstæða húsaröð.

Hús nr. 2a - 20 eru hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð. Full ástæða til að halda í það svipmót húsaraðarinnar og hugsanlega setja um það ákvæði í deiliskipulagi.



Mynd 73. Eyrarvegur sunnan götu.



Mynd 74. Eyrarvegur norðan götu, hús húsameistara.

Ægisgata

Öll hús við Ægisgötu eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi þar sem þau eru hluti af mjög varðveisluverðri heild sem auk þess er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Hér eru húsaraðirnar mjög samstæðar, einnar hæðar hús að svipaðri stærð. Götumyndin er mjög heildstæð, öll húsin eru einlyft með valmaþaki, en byggingar í þeim stíl voru algengar um miðbik síðustu aldar. Eyrarvegur nr. 35 og 37 falla einnig inn í þá heild. Húsaraðirnar beggja vegna götunnar eru hér metnar hafa gildi sem heildstæðar húsaraðir. Ægisgata öll er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.



Mynd 75. Ægisgata vestan götu.

Hvannavellir

Húsin nr. 2, 4, 6 og 8 við Hvannavelli eru hér metin hafa miðlungs varðveislugildi.

Húsaröðin er samstæð og metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð, tvær hæðir með valmaþaki.



Mynd 76. Hvannavellir.

Hríseyjargata norðan Eiðsvallagötu.

Hríseyjargata 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 22 eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi.

Hér eru húsaraðirnar mjög samstæðar, einnar hæðar hús að svipaðri stærð. Húsaraðirnar nr. 13 - 21 vestan götunnar og nr. 14 - 22 austan götunnar eru hér metnar hafa gildi sem heildstæðar húsaraðir. Valmaþök eru einkennandi fyrir húsaraðirnar, sem bera einkenni bygginga í þeim stíl sem algengar voru um miðbik síðustu aldar, og götumyndin á þessum kafla er mjög heildstæð.

Húsaröðin Hríseyjargata 13 - 19 er hverfisvernduð í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.



Mynd 77. Hríseyjargata austan götu.

Ránargata

Hús við Ránargötu nr. 2, 3, 4, 5, 6, 7, 13 og 14 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, hús nr. 1, 9, 12, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 28 miðlungs, en hús nr. 10, 11, 27, 29, 30 og 31 lágt.

Í syðri hluta götunnar, milli Eiðsvallagötu og Eyrarvegar er nokkuð samstæð húsaröð vestan götunnar, tveggja hæða hús með mænisþaki. Einnig er nokkur samstæða í húsaröðinni austan götunnar á þessum kafla. Norðan Eyrarvegar eru húsaraðirnar mun samstæðari, tvær hæðir með valmaþaki. Hús nr. 1 - 31 vestan götunnar og hús nr. 2 - 30 eru hér metin hafa gildi sem heildstæðar húsaraðir að undnteknum húsum nr. 10, 11 og 13. Hús nr. 13 fellur þó vel inn í umhverfi sitt og byggingarstíll þess er sérstakur. Húsaraðirnar við Ránargötu norðan Eyrarvegar eru hér metnar sem varðveisluverð heild sem fellur saman við varðveisluverða heild austan Norðurgötu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.



Mynd 78. Ránargata norðan Eyrarvegar



Mynd 79. Ránargata vestan, norðan Eiðsvallagötu

Grenivellir

Hús við Grenivelli nr. 12, 14, 16, 18-20 og 22-24 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi. Þau eru byggð sem verkamannabústaðir. Þau eru vel heppnuð að formi til. Hús nr. 26, 28, 30 og 32 eru hér öll metin hafa miðlungs varðveislugildi.

Hér má sjá nokkra samstæðu í austurhluta húsaraðarinnar, tvær hæðir, flest með valmaþaki. Hús nr. 26, 28, 30 og 32 eru hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð.



Mynd 80. Grenivellir.

Sólvellir

Hús við Sólvelli nr. 9-11, 13-15, 17 og 19 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, hús nr. 1, 2-4, 3, 5, 7 og 8 miðlungs, en hús nr. 6 lágt.

Hér má sjá nokkra samstæðu í húsaröðinni vestan götunnar, tvær hæðir, flest með valmaþaki. Austan götunnar er nokkuð samstæð, en stutt húsaröð milli Eyrarvegar og Víðivalla, einnar hæðar hús með mænisþaki. Þar fyrir norðan tekur skólalóð Oddeyrarskóla við. Hús nr. 1 - 7 og 9 - 15 vestan götunnar eru hér metin hafa gildi sem samstæðar húsaraðir og falla vel inn í umhverfi sitt. Hús nr. 2 - 8 austan götunnar eru hér meinnig metin sem heildstæð húsaröð.



Mynd 81. Sólvellir.

Reynivellir

Hús nr. 2 við Reynivelli er hér metið hafa miðlungs varðveislugildi, en hús nr. 4, 6 og 8 lágt.

Húsaröðin er nokkuð samstæð, tvær hæðir með valmaþaki, og hús nr. 2 - 6 eru hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð.



Mynd 82. Reynivellir.

Víðivellir

Hús við Víðvelli nr. 4-6 8-10 12-14 16-18 20-22 eru hér metin hafa hátt varðveislugildi. Þau eru upphaflega reist sem verkamannabústaðir og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og Bárði Ísleifssyni. Þau eru hér metin hafa hátt varðveislugildi, þar sem sérstakt var að teiknistofa húsameistara teiknaði verkamannabústaði úti á landi á þessum tíma. Hús nr. 2 er hér metið hafa lágt varðveislugildi. Norðan götunnar er Oddeyrarskóli sem hefur hátt varðveislugildi.

Sunnan götunnar er röð húsa sem teiknuð voru af teiknistofu húsameistara ríkisins. Þó svo að húsin séu eilítið mismunandi er mikill heildarsvipur á þeim og húsaröðin er hér metin hafa gildi sem heildstæð húsaröð. Full ástæða til að halda í það svipmót húsaraðarinnar og hugsanlega hverfisvernda í deiliskipulagi. Þau eru hér metin sem varðveisluverð heild ásamt húsum við Eyrarveg og Norðurgötu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.



Mynd 83. Víðivellir.

Glerárgata

Fjögur íbúðarhús standa við götuna. Öll húsin hafa miðlungs varðveislugildi. Húsaröðin er ekki sérlega heildstæð þó svo að nokkur svipur sé með húsunum.



Mynd 84. Glerárgata.

5. Varðveisluverðar heildir

Á kortum 2, 2-1 og 2-2 eru sýndar varðveisluverðar samstæður húsa, götumyndir og heildir sem lagt er til að vernda vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra eða sem njóta hverfisverndar nú þegar. Þau svæði sem hér eru metin varðveisluverð eru lituð gul á kortunum, en svæði sem þegar eru hverfisvernduð eru lituð græn. Þar eru einnig sýnd einstök hús og götumyndir sem lagt er til að vernda vegna byggingarlistarlegs eðlis og/eða menningarsögulegs gildis. Þau hús eru lituð rauð á kortunum.

Varðveisluverðar heildir eru samkvæmt þessari húsaskrá:

a) Svæði með ákvæði um hverfisvernd í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030:

Húsaraðirnar við Norðurgötu nr. 43-53, Hríseyjargötu 13-19 milli Eiðsvallagötu og Eyrarvegar og húsaraðir við Ægisgötu alla, báðum megin: *HV11, HV12, HV13 Oddeyrin.* Ákvæði um verndun byggðarinnar, sem er sú elsta í bænum ásamt strandlengjunni í Innbænum. Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar á húsum byggðum fyrir 1950 í Skipulagsnefnd. Breytingar á húsum og nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd, og skal þess einkum gætt varðandi húsaröðina við Strandgötu. Hverfisverndarákvæði eru:
Valmaþök eru einkennandi fyrir húsaraðirnar, sem bera einkenni bygginga í þeim stíl sem algengur var um miðbik síðustu aldar, og götumyndir eru mjög heillegar. Þakform húsa með valmaþak haldist óbreytt og ef þak er endurnýjað skal stærð kvista vera hófleg. Ekki má hækka húsin við Hríseyjargötu og Ægisgötu og viðbyggingar mega ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni. Steyptar girðingar við Ægisgötu eru hluti af götumyndinni og æskilegt að þær haldist óbreyttar.

b) Önnur svæði sem hér eru metin hafa gildi sem samstæðar heildir:

Allt svæðið sunnan Eiðsvallagötu og auk þess Norðurgata að Eyrarvegi. Lagt er til að eftirfarandi skilmálar verði settir í deiliskipulag eða með hverfisvernd: *"Byggðin er meðal þeirrar elstu á Akureyri. Ekki má breyta húsum nema með samþykki Minjastofnunar. Ný hús skulu vera í samræmi við aðliggjandi byggð á svæðinu og halda skal smágerðu yfirbragði byggðarinnar."*

Norðurgata og Ránargata norðan Eyrarvegar. Lagt er til að eftirfarandi skilmálar verði settir í deiliskipulag eða með hverfisvernd: "*Valmaþök eru einkennandi fyrir húsaraðirnar, sem bera einkenni bygginga í þeim stíl sem algengur var um miðbik síðustu aldar, og götumyndir eru mjög heillegar. Þakform húsa með valmaþak haldist óbreytt.*"

Reiturinn sem markast af Eyrarvegi, Sólvöllum, Víðivöllum og Norðurgötu Húsin eru upphaflega byggð sem verkamannabústaðir og hönnuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og Bárði Ísleifssyni teiknistofu húsameistara. Lagt er til að eftirfarandi skilmálar verði settir í deiliskipulag eða með hverfisvernd: "*Húsin hafa menningarlegt gildi þar sem sérstakt var að teiknistofa húsameistara teiknaði verkamannabústaði úti á landi á þeim tíma sem þau voru byggð. Ekki má breyta formi húsanna eða byggja við þau nema að fengnu leyfi Minjastofnunar.*"

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 segir um Oddeyrina:
Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar á húsum byggðum fyrir 1950 í skipulagsráði. Breytingar á húsum og nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd, og skal þess einkum gætt varðandi húsaröðina við Strandgötu.

Eftirfylgni og ýmis ákvæði.

Þessari húsaskrá er ætlað að vera leiðbeinandi varðandi verndun einstakra húsa, húsaraða og minni svæða.

Einstök hús. Hér er eftirfylgni varðandi breytingar og niðurrif húsa ýmist á höndum Minjastofnunar eða sveitafélagsins, og fer það eftir aldri húsanna og verndarákvæðum. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir um **friðlýst hús** *að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara*. Varðandi **friðuð hús**, 100 ára eða eldri segir *að óheimilt sé að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands*. Um **umsagnarskyld hús** sem ekki njóta friðlýsingar eða friðunar friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, segir *að eigendum þeirra sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa*. Sama gildir um kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr, en engar kirkjur eru á skráningarsvæðinu. Varðandi **yngri** hús sem ekki njóta friðlýsingar er skráningin leiðbeinandi fyrir skipulags- og byggingaryfirvöld sveitarfélagsins.

Varðandi þær húsaraðir eða húsasamstæður sem hér eru merktar sem **einstök hús - götumyndir** er eftirfylgni á höndum sveitarfélagsins og er skráningin leiðbeinandi fyrir skipulags- og byggingaryfirvöld. Hún getur þó gefið tilefni til að varðveita götumyndina sem heild.

Varðandi svæði sem hér eru merkt sem **varðveisluverð heild** eru tvær leiðir til að varðveita svæðin. Annars vegar er hægt að setja almenn skipulagsákvæði um verndun svæðanna í deiliskipulag. Mun sterkara er þó að setja ákvæði um hverfisvernd í skipulag og byggir það á skipulagslögum nr. 123/2010 m.s.br. og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Eftirfylgni er á höndum sveitarfélagsins og/eða Minjastofnunar eftir því hvernig það er skilgreint í skipulagsskilmálum eða hverfisvernd hvers svæðis sbr. kafla 5 hér á undan. Til stendur að vinna deiliskipulag fyrir Oddeyrina og skráningunni er hér ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulagsyfirvöld og Minjastofnun.

Í skipulagsreglugerð eru **hverfisverndarsvæði** skilgreind sem *svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. - Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði*

um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Um málsmeðferð segir í skipulagslögum að áður en tillaga að aðal- eða deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagstillaga er send til umsagnar Skipulagsstofnunar, en öðlast gildi þegar auglýsing hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda

Samkvæmt þessu lögum og reglugerð er skylt að leita álits íbúa og þar með eigenda húsanna.

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 eru eftirfarandi ákvæði um hverfisvernd:

"Hverfisvernd er því ekki eiginleg friðlýsing heldur er um skipulagsákvæði að ræða. Um hverfisverndarsvæðin gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska landi, spilla minjum eða breyta yfirbragði hverfa. M.a. skal meta ósnortin sérkenni landslags svo sem kletta, hraun og klappir ásamt manngerðum hleðslum. Séreinkenni hvers svæðis og gildi þeirra skal metið og að heildarsvipmóti gróinna hverfa verði ekki raskað. Skilgreina skal ástæðu þess að byggingar eru varðveittar, svo sem sögulegt eða listrænt gildi, hvar mælikvarða byggðar skuli haldið óbreyttum og hvers vegna, ekki verði heimilað að sameina lóðir, hækka hús né með öðrum hætti breyta yfirbragði byggðar. Nýbyggingar í þegar byggðum hverfum taki mið af hefðum og yfirbragði nærliggjandi byggðar."

Samkvæmt lögum um **verndarsvæði í byggð** nr. 87/2015 getur ráðherra þó ákveðið einhliða um verndun svæðanna að fenginni tillögu Minjastofnunar: *Ráðherra tekur ákvörðun um vernd byggðar að fenginni tillögu sveitarstjórnar **eða** Minjastofnunar Íslands. Þá skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.* - Þar sem ákvæði um verndarsvæði í byggð er mjög bindandi fyrir eigendur húsa og takmarkar ráðstöfunarrétt íbúa heilla svæða á eignum sínum virðist eðlilegt að íbúar svæðanna hafi eitthvað um málið að segja, og einhliða ákvörðun ráðherra sé fremur undantekning en regla.

6. Heimilda- og myndaskrá:

Heimildaskrá

Akureyri Fjaran og Innbærinn byggingarsaga. Torfusamtökin 1986. Hjörleifur Stefánsson.

Oddeyri Húsakönnun. Minjasafnið á Akureyri í samvinnu við Skipulagsdeild Akureyrarbæjar 1995. Hjörleifur Stefánsson og Guðný Gerður Guðmundsdóttir.

Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Teiknistofa Gylfa Guðjónssonar, Árni Ólafsson.

Rammahluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 fyrir Oddeyri. Teiknistofa Gylfa Guðjónssonar, Árni Ólafsson.

Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030. Skipulagssvið Akureyrar, Bjarki Jóhannesson.

Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands: Húsaskráning - Húsakönnun - Huginn (2019)

Lög um menningarminjar nr. 50/2012.

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016.

Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br.

Myndaskrá.

Nr. Bls.

Mynd 1. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.1 13
Mynd 2. Strandgata 1 13
Mynd 3. Lundargata 5 13
Mynd 4. Gránufélagsgata 10 13
Mynd 5. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.2 14
Mynd 6. Strandgata 25b 14
Mynd 7. Norðurgata 1 14
Mynd 8. Gránufélagsgata 12 14
Mynd 9. Lundargata 8 14
Mynd 10. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.3 15
Mynd 11. Strandgata 33 15
Mynd 12. Grundargata 4 15
Mynd 13. Norðurgata 6 15
Mynd 14. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.4 16
Mynd 15. Strandgata 39 16
Mynd 16. Hríseyjargata 5 16
Mynd 17. Gránufélagsgata 18 16
Mynd 18. Grundargata 4 16
Mynd 19. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.5 17
Mynd 20. Strandgata 43 17
Mynd 21. Hjalteyrargata 26 17
Mynd 22. Gránufélagsgata 22 17
Mynd 23. Hríseyjargata 4 17
Mynd 24. Loftmynd sem sýnir bak.garða á reit 1.6 18
Mynd 25. Gránufélagsgata 19 18
Mynd 26. Lundargata 11 18

Nr. Bls.
Mynd 27. Eiðsvallagata 6 18
Mynd 28. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.7 19
Mynd 29. Gránufélagsgata 21 19
Mynd 30. Norðurgata 15 19
Mynd 31. Eiðsvallagata 18 19
Mynd 32. Lundargata 10 19
Mynd 33. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.8 20
Mynd 34. Gránufélagsgata 43 20
Mynd 35. Hríseyjargata 9 20
Mynd 36. Eiðsvallagata 20 20
Mynd 37. Norðurgata 16 20
Mynd 38. Loftmynd sem sýnir bakgarða á reit 1.9 21
Mynd 39. Gránufélagsgata 37 21
Mynd 40. Eiðsvallagata 36 21
Mynd 41. Eiðsvallagata 32 21
Mynd 42. Hríseyjargata 8 21
Mynd 43. Strandgata 49 22
Mynd 44. Austurhluti Strandgötu 22
Mynd 45. Vesturhluti Strandgötu 22
Mynd 46. Vesturhluti Gránufélagsgötu norðan götu 23
Mynd 47. Austurhluti Gránufélagsgötu norðan götu 23
Mynd 48. Vesturhluti Gránufélagsgötu sunnan götu 23
Mynd 49. Austurhluti Gránufélagsgötu sunnan götu 23
Mynd 50. Eiðsvallagata austurhluti sunnan götu 23
Mynd 51. Eiðsvallagata vesturhluti sunnan götu 23
Mynd 52. Lundargata suðurhluti vestan götu 24
Mynd 53. Lundargata norðurhluti vestan götu 24
Mynd 54. Lundargata suðurhluti austan götu 24
Mynd 55. Lundargata norðurhluti austan götu 24
Mynd 56. Fróðasund vesturhluti sunnan götu 24
Mynd 57. Fróðasund vesturhluti norðan götu 24
Mynd 58. Norðurgata syðsti hluti vestan götu 25
Mynd 59. Norðurgata syðsti hluti austan götu 25
Mynd 60. Norðurgata norðar vestan götu 25
Mynd 61. Norðurgata norðar austan götu 25
Mynd 62. Grundargata vestan götunnar 26
Mynd 63. Grundargata austan götunnar 26
Mynd 64. Hríseyjargata suðurhluti vestan götu 26
Mynd 65. Hríseyjargata norðurhluti vestan götu 26
Mynd 66. Hríseyjargata suðurhluti austan götu 26
Mynd 67. Hríseyjargata norðurhluti austan götu 26
Mynd 68. Norðurgata vestan götu, hús húsameistara 27
Mynd 69. Norðurgata norðurhluti austan götu 27
Mynd 70. Eiðsvallagata norðan götunnar 28
Mynd 71. Grænagata 28
Mynd 72. Fjólugata að sunnanverðu 29
Mynd 71. Eyrarvegur sunnan götu 29
Mynd 72. Eyrarvegur norðan götu 29
Mynd 75. Ægisgata vestan götu 30
Mynd 76. Hvannavellir 30
Mynd 77. Hríseyjargata austan götu 31

Nr. Bls.
Mynd 78. Ránargata norðan Eyrarvegar 31
Mynd 79. Ránargata vestan götu, norðan Eiðsvallagötu 31
Mynd 80. Grenivellir 32
Mynd 81. Sólvellir 32
Mynd 82. Reynivellir 33
Mynd 83. Víðivellir 33
Mynd 84. Glerárgata 34

Forsíðumyndir:

Efsta röð: Húsaröð við Ægisgötu og Húsaröð við Strandgötu
Miðröð: Strandgata 19, Strandgata 23, Strandgata 33 og Norðurgata 17
Neðsta röð: Strandgata 49 (Gránufélagshúsin) og Norðurgata 39 (teiknað af húsameistara ríkisins).

Allar ljósmyndir eru teknar af Bjarka Jóhannessyni.


7. Kort og húsaskrá

Á næstu síðum eru kortin, en á eftir þeim kemur skráning einstakra húsa.


Á korti 1 eru sýnd friðlýst hús blár litur á korti, friðuð hús fjólublár litur á korti og umsagnarskyld hús appelsínugulur litur á korti.

Á kortum 2 fyrir allt svæðið, 2-1 fyrir suðurhluta þess og 2-2 fyrir norðurhluta þess eru sýndar einstakar götumyndir og húsasamstæður. Húsin eru þar merkt með rauðum lit. Varðveisluverðar heildir eru sýndar gullitaðar á sama korti, og hverfisvernduð svæði eru sýnd grænlituð.


Á kortum 3-1 fyrir suðurhluta svæðisins og korti 3-2 fyrir norðurhluta þess er sýnd niðurstaða varðveislumats. Hátt varðveislugildi er sýnt svartlitað, miðlungs varðveislugildi dökkgrátt og lágt varðveislugildi ljósgrátt.



AKUREYRI
SKIPULAGSSVIÐ
FRIÐLÝST HÚS
FRIÐUÐ HÚS
UMSAGNAR-SKYLD HÚS
HÚS RIFIÐ ARIÐ 2019
TEIKNAÐ: MMR
GRÆNAGATA
NORÐURGATA
RANARGATA
ÆGISGATA
HRÍSEYJARGATA
HJALTEYRARGATA
KALDBAKSGATA
EIÐSVALLAGATA
FRÓÐASUND
Iðavellir
GRÁNUFÉLAGSGATA
GLERÁRGATA
LUNDARGATA
GRUNDARGATA
STRANDGATA


GRENIVELLIR
SÓLVELLIR
REYNIVELLIR
VIÐIVELLIR
EYRARVEGUR
NORÐURGATA
RÁNARGATA
ÆGISGATA
SILFURTANGI
FJÓLUGATA
GRÆNAGATA
SMÁRAGATA
EIÐSVALLAGATA
FRÖÐASUND
GLERÁRGATA
GRANUFÉLAGSGATA
LUNDARGATA
GRUNDARGATA
HRÍSEYJARGATA
HJALTEYRARGATA
KALDBAKSGATA
STRANDGATA
Iðavellir
HVERFISVERND
Einstök hús götumynd
Varðveislu-verð heild


AKUREYRI
SKIPULAGSSVIÐ
EINSTÖK HÚS GÖTUMYND
VARÐVEISLU-VERÐ HEILD
HÚS RIFIÐ ÁRIÐ 2019
GRÆNAGATA
NORÐURGATA
RANARGATA
ÆGISGATA
HRÍSEYJARGATA
HJALTEYRARGATA
KALDBAKSGATA
EIÐSVALLAGATA
Iðavellir
FRÓÐASUND
GRÁNUFÉLAGSGATA
GLERÁRGATA
LUNDARGATA
GRUNDARGATA
STRANDGATA
TEIKNAÐ: MMR


AKUREYRI
SKIPULAGSSVIÐ
HVERFISVERND
VARÐVEISLU-VERÐ HEILD
EINSTÖK HÚS GÖTUMYND
GRENIVELLIR
SÓLVELLIR
REYNIVELLIR
VÍÐIVELLIR
HVANNAVELLIR
NORÐURGATA
RANARGATA
ÆGISGATA
SILFURTANGI
HJALTEYRARGATA
HRÍSEYJARGATA
EYRARVEGUR
FJÓLUGATA
GRÆNAGATA
TEIKNAÐ: MMR


AKUREYRI
SKIPULAGSSVIÐ
HÁTT
MIÐLUNGS
LÁGT
HÚS BRANN ÁRIÐ 2019
FJÓLUGATA
GRÆNAGATA
NORÐURGATA
RANARGATA
ÆGISGATA
HRÍSEYJARGATA
EYRARVEGUR
HJALTEYRARGATA
KALDBAKSGATA
EIÐSVALLAGATA
Iðavellir
FRÓÐASUND
GRÁNUFÉLAGSGATA
GLERÁRGATA
LUNDARGATA
GRUNDARGATA
STRANDGATA
TEIKNAÐ: MMR


HÁTT
MIÐLUNGS
LÁGT
AKUREYRI
SKIPULAGSSVIÐ
GRENIVELLIR
GRENIVELLIR
SÓLVELLIR
REYNIVELLIR
VÍÐIVELLIR
HVANNAVELLIR
SÓLVELLIR
NORÐURGATA
RANARGATA
ÆGISGATA
EYRARVEGUR
EYRARVEGUR
FJÓLUGATA
HRÍSEYJARGATA
TEIKNAÐ: MMR

Byggingarár: 1886 Strandgata 17

Fyrsti eigandi: P. Tærgesen
Hönnuður: Óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 17 suðurhlið - framhlið og gafl



Norðurhlið – bakhlið.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin.	Hlaðin
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Viðbygging

Helstu breytingar:

Húsið hefur verið lengt til vesturs og kvistum bætt við á framhlið og bakhlið.

Hönnuðir breytinga:

Ágúst Hafsteinsson, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1885 fékk P. Tærgesen mælt út hússtæði við Strandgötu og skyldi húsið standa í beinni línu við önnur hús við götuna. Á ljósmyndum frá því fyrir aldamót sést að húsið hefur verið einlyft með risi, miðjukvisti á framhlið og skúr við norðausturhlið. Árið 1907 er Bjarni Einarsson orðinn eigandi hússins. Það ár fer hann fram á að fá lóðina keypta, en Gránufélagið synjar þess. Ári síðar lengir Bjarni húsið til vesturs. Viðbyggingin var breiðari en eldra húsið, var hún með kvisti. Árið 1921 var gluggum á suðurhlið breytt en þá er verslun í vesturenda á húsinu. Strandgata 17 er einlyft timburhús á lágum grunni. Á suðurhlið eru tveir kvistir og einn á norðurhlið. Skúrbyggingar eru við austurgafl og norðurhlið. Húsið hefur verið múrhúðað að utan með kvarts- og hrafntinnublöndu á asbestplötur. Í húsinu er íbúð, og í vesturenda umboðsskrifstofa happdrætta. Strandgata 17 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Forstofubygging við norðurhlið er byggð árið 1975. Óskráðar breytingar 1975, hönnuður Sveinbjörn Jónsson. Breytingar innanhúss 2014. Hönnuður Ágúst Hafsteinsson. Í húsinu eru aðeins íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Form hússins er nokkuð gott séð frá Strandgötu, þak og kvistir í góðu samræmi. Gluggasetning er þó tilviljunarkennd. Bakhlið hússins, norðurálma og skúr spilla útliti þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal elstu húsa á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Viðbygging skúr/forstofa spillir upprunalegu gildi.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast mikils viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveislugildi er ekki mikið í núverandi mynd, en með endurbótum gæti það aukist.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1905 Strandgata 19

Fyrsti eigandi: Jón Jakobsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð; Þjónusta



Strandgata 19 suðvesturhlið - framhlið og gafl.



Norðurhlið - bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:		Veggir eru klæddir með
Þakgerð:	Mænisþak, en einhalla	Mænisþak, en einhalla
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Tvílyft; Ris; Útitröppur	Tvílyft; Ris; Útitröppur; Viðbygging

Helstu breytingar:

Húsið hækkað um eina hæð og viðbygging tvær hæðir við vesturhlið.

Hönnuðir breytinga:

Logi Már Einarsson, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1886 fékk Jón Jakobsson mælt út hússtæði og byggði þar hús. Samkvæmt ljósmyndum frá því fyrir aldamót var það einlyft timburhús með risi. Árið 1924 er Brynjólfur Stefánsson eigandi hússins, sem þá hefur verið hækkað um eina hæð. Þá var þar verslun á neðri hæð hússins en íbúð að þeirri efri. Ekki er vitað með vissu hvenær húsið var hækkað en á ljósmynd frá 1912 er það tvílyft. Árið 1927 var skúr við norðurhlið hækkaður. Strandgata 19 er tvílyft timburhús á lágum kjallara, með lágu risi. Við norðurhlið þess er skúr, tvílyftur að vestanverðu. Gluggar á neðri hæð suðurhliðar hafa veri stækkaðir og veggir klæddir með spónaplötum. Á efri hæð hafa póstar verið teknir úr gluggum. Á vesturgafli er gömul klæðning, listasúð niðri en vatnsklæðning uppi. Hárgreiðslustofa er á neðri hæð, en íbúð á þeirri efri, en ekki er búið í henni. Strandgata 19 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Breytingar innanhúss 2011. Hönnuður Logi Már Einarsson. Í húsinu eru nú hárgreiðslustofa og lögmannsstofa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Form hússins er nokkuð gott séð frá Strandgötu. Gluggasetning er þó tilviljunarkennd. Bakhlið hússins, viðbygging og skúr spilla útliti þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Viðbygging og skúr spilla upprunalegu gildi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið nokkuð vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Varðveislugildi telst hátt, en þó mættu viðbygging og skúr gjarna víkja.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Sigurjón Jóhannesson frá Laxamýri.
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Þjónusta



Strandgata 19b suðurhlið.



Strandgata 19b norðausturhlið - bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:	Vatnsklæðning.	Vatnsklæðning.
Þakgerð:	Mænisþak, einhalla þak	Mænisþak, einhalla þak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitröppur	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Sigurjón Jóhannesson frá Laxamýri keypti lóðina af Gránufélaginu árið 1906 og lét reisa þar einlyft íbúðarhús með kvisti. Einnig byggði hann fjós og hlöðu nyrst á lóðinni. Húsið, sem stendur bak við húsin nr. 19 og 21 við Strandgötu, var nefnt Laxamýri. Árið 1916 var Hjálpræðisherinn orðinn eigandi að húsinu og sama ár er byggt samkomuhús vestan við það, einlyft steypuhús. Strandgata 19B er stórt timburhús með svissnesku lagi, með porti og risi. Á suðurhlið er stór kvistur sem gengur fram úr húsinu. Á miðri útbyggingunni eru aðaldyr hússins og framan við þær eru breiðar og háar tröppur. Tveir minni kvistir eru sitt hvoru megin við stóra kvistinn. Húsið er klætt vatnsklæðningu utan. Það er nýviðgert og í mjög góðu ástandi. Húsið er í eigu Akureyrarbæjar, þar eru skrifstofur íþróttafulltrúa og skóla- og menningarfulltrúa. Samkomuhúsið sem stóð vestan við íbúðarhúsið var rifið er Glerárgata var breikkuð. Strandgata 19B hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Húsið var endurnýjað að utan árið 1995. Í því er nú lögmannsstofa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Góð hlutföll, samræmi í gluggasetningu. Skúr á bakhlið truflar lítið.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og á sér nokkra sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri götumynd við Strandgötu, þó svo að það sé ekki í framlínunni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist hafa haldið upprunalegri gerð sinni.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er mjög vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri byggð við Strandgötu. Húsið er með eldri húsum á Akureyri, góð hlutföll, samræmi í gluggasetningu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1897 Strandgata 21

Fyrsti eigandi: Einar Pálsson og Þórður Brynjólfsson
Hönnuður: Óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: AA samtökin



Strandgata 21 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Strandgata 21 norðnorðausturhlið – bakhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:	Múrhúðað nema bakhlið	Múrhúðað nema bakhlið
Þakgerð:	Mænisþak, en einhalla	Mænisþak, en einhalla
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Reykháfur / Útitröppur	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Reykháfur; Útitröppur; Viðbygging

Helstu breytingar:

Viðbygging tvær hæðir meðfram norðurhlið.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðin var útmæld árið 1986 og fengu þá þeir Einar Pálsson og Þórður Brynjólfsson leyfi til að byggja þar hús. Óljóst er hvort húsið hefur verið tvílyft í upphafi en á ljósmynd frá 1985 er það tveggja hæða timburhús með risi og inngönguskúr við verstugafl og skúr við bakhlið. Árið 1917 var Eggert Einarsson eigandi hússins og þá var sölubúð á neðri hæð en íbúð á þeirri efri. Húsið hefur að mestu haldið lagi sínu en þó hafa skúrar við norðurhlið verið stækkaðir og hækkaðir, þannig að byggt er meðfram allri norðurhliðinni. Húsið er múrhúðað að utan nema bakhlið sem er klædd bárujárni. Í húsinu er samkomusalur, en ekki er búið í húsinu. Strandgata 21 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu er nú AA-samtökin til húsa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er einfalt að gerð, hlutföll aðalbyggingar í lagi, en viðbyggingar og skúrar spilla mjög útliti þess. Gluggasetning upp og ofan.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi þar sem það fellur sæmilega inn í mjög samstæða byggð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar viðbyggingar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Í lagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hefur varðveislugildi þar sem það fellur sæmilega inn í samstæða byggð við Strandgötu, Varðveislugildi gæti aukist með því að fjarlægja viðbyggingar.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta; Regla musterisriddara



Strandgata 23 - suðvesturhlið



Strandgata 23 - norðvesturhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:		Steinskífur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Ris; Svalir; Útitröppur; Kjallari	Tvílyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

1955 Gluggar á suðurhl stækkaðir, dyr settar á vesturgafl, sérinngangur á efri hæð.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Fyrsta hús á lóðinni var svonefnt Hauksenshús. Jósep Jóhannesson járnsmiður mun hafa reist þar hús árið 1882 en selt það norskum manni, Oules Hausen, ári síðar. (Sjá Lundargötu 2). Árið 1902 fékk Medúsalem Jóhannsson kaupmaður leyfi til að flytja húsið ásamt skúr sem stóð norðan við það á lóðina Lundagötu 2. Sama ár fékk hann leyfi til að byggja tvílyft hús á lóðinni við Strandgötu. Það hús brann veturinn 1906 og í september sama ár er Medúsalem leyft að byggja tvílyft hús á lóðinni í stað þess sem brann. Húsið var reist en Medúsalem fékk áminningu fyrir að tröppur væru út í gangstétt. Árið 1917 var Pétur Pétursson eigandi hússins. Þá var verslun á neðri hæð þess en íbúð á þeirri efri. Við norðurhlið hússins voru tveir skúrar af ýmsum stærðum og gerðum, byggðir hver utan í annan. Á suðurhliðinni hafa frá upphafi verið verslunargluggar, en þeir voru stækkaðir árið 1949. Árið 1955 voru settar dyr á vesturgafl, og gerður sérinngangur á efri hæð. Séð frá götunni hefur húsið að mestu haldið sínum upphaflega svip, en þó er full þörf á að gera á því gagngerar endurbætur. Skífan er víða farin að losna nokkuð. Þakskífan hefur verið fjarlægð og í stað hennar sett bárujárn. Við það hefur húsið tapað nokkuð af svip sínum. Á suðurhlið eru stórir verslunargluggar og hefur flöturinn umhverfis þá verið klæddur með sléttum plötum. Þá klæðningu ætti að fjarlægja. Einnig ætti að rífa eitthvað af skúrunum við bakhlið hússins. Í húsinu eru samkomusalur, íbúð og snyrtistofa. Húsið er með reisulegri húsum við götuna og setur svip á umhverfið. Það var þó mun svipmeira þegar það var allt skífuklætt. Strandgata 23 hefur varðveislugildi vegna gerðar sinnar og sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Skífuklæðning hefur verið endurgerð. Á neðri hæð hússins er nú ferðasrifstofa og Regla Musterisriddara á þeirri efri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús, gott samræmi í formi og gluggasetningu. Skúrar við bakhlið hafa að mestu verið fjarlægðir.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er ekki mikið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Endurbætur hafa verið gerðar á ytra byrði og húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri. Reisulegt hús, gott samræmi í formi og gluggasetningu sem hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1914 Strandgata 25

Fyrsti eigandi: Kristján Sigurðsson
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta



Strandgata 25 suðurhlið - framhlið sést á vesturhlið



Strandgata 25 - suðurhlið, sést á austurhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Flatt þak	Mænisþak
Þakklæðning:		Pappi
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft

Helstu breytingar:

1931 Húsið var hækkað um eina hæð.

Hönnuðir breytinga:

Ágúst Hafsteinsson, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1875 fékk Kristján Sigurðsson leyfi til að reisa hús á lóðinni. Í útmælingunni var miðað við að húsið stæði í línu við hús Gránufélagsins, en þá stóðu ekki önnur hús þar á milli. Húsið var fyrsta íbúðarhúsið sem reist var á Oddeyri eftir að Gránufélagið eignaðist eyrina. Húsið var reyndar flutt innan úr bæ, og mun Jón Jónsson járnsmiður hafa reist það á lóðinni Aðalstræti 76 fyrir 1869. Er þá sagt að það hafi verið dregið á ís yfir Pollinn. Ekki er til lýsing af húsinu, en af ljósmyndum frá því skömmu fyrir aldamót sést að það hefur verið einlyft timburhús með risi og miðjukvisti á suðurhlið. Húsið var rifið árið 1914, en þá fékk eigandi þess, Sigvaldi Þorsteinsson leyfi til að byggja nýtt hús á lóðinni, steinhús "þar sem nú stendur Alaska". Steinhúsið var upphaflega einlyft með lágu risi, og þar var verslun Sigvalda. Húsið sést á ljósmynd sem tekin er fyrir 1920. Húsið var hækkað um eina hæð árið 1931 og á ljósmynd sjást mörk eldra húss og ofanábyggingar. Við þessar breytingar fékk húsið þá lögun sem það hefur nú. Árið 1940 var gerð viðbygging við norðurhlið og 1961 við vesturhlið. Húsið Strandgata 25 er tvílyft steinsteypuhús, með flötu þaki. Á suðurhlið eru stórir verslunargluggar. Við austur- og norðurhliðar eru skúrbyggingar. Í húsinu eru verslanir og skrifstofur. Strandgata 25 stingur í stúf við nágrannahús sín. Með endurbótum mætti fella húsið betur að götumyndinni.

Bjarki Jóhannesson: Breytingar á jarðhæð 2014. Hönnuður Ágúst Hafsteinsson. Í húsinu eru nú fyrirtækið Fjölumboð og skrifstofur happdrætta.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er ekki rismikið, en hluföll nokkuð góð og gluggasetning sömuleiðis.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stingur mjög í stúf við önnur hús í nágrenninu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Mjög miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vel við haldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri en stingur mjög í stúf við önnur hús í nágrenninu og mjög miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 25b suðurhlið – gafl, götuhlið



Strandgata 25b norðausturhlið – bakhlið og gafl

Gerð húss:	**Upphafleg**	**Núverandi**
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur	Tvílyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reisti Guðmundur Seyðfjörð árið 1924. Það er tvílyft steinsteypuhús með risi og kvisti á vesturhlið. Á þaki er bárujárn. Í húsinu eru tvær íbúðir. Húsið stendur norðaustan við Strandgötu 25 og ber lítið á því frá götu. Strandagata 25B er hér ekki talið hafa varðveislugildi en við endurbætur á byggingunni gæti gildi þess aukist.

Endurbætur innanhúss 2001, Opus verkfræðistofa. Í húsinu eru enn tvær íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll í góðu lagi, sömuleiðis gluggasetning. Þó er enginn sérstakur glæsileiki yfir húsinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri byggð við Strandgötu, þó svo að það sé ekki hluti af samfelldri húsaröð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Litlar breytingar virðast hafa verið gerðar á húsinu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Í allsæmilegu ástandi, en þó mætti lagfæra útveggi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri byggð við Strandgötu.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1879 Strandgata 27

Fyrsti eigandi: Jón Halldórsson og Hans Guðjónsson
Hönnuður: Óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 27 suðsuðvesturhlið - framhlið og gafl



Strandgata 27 austnorðausturhlið - gafl og bakhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:		Steinblikk, nema
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak nema
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin	Hlaðin
Útlit:	Tvílyft / Kvistir / Ris	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Viðbygging

Helstu breytingar:

1894 Ris sett á skúr.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1876 fengu þeir Jón Halldórsson og Hans Guðjónsson útmælt fyrir húsi austan við hús Kristjáns Sigurðssonar. Árið eftir er Sigurði Jónssyni leyft að byggja hús áfast þeirra húsi (Strandgötu 27A). Lóðin var veitt með því skilyrði að taka mætti af henni ef einhver vildi byggja á henni síðar. Enda var húsið Norðurgata 1 byggt árið 1900 á norðausturhluta lóðarinnar. Á ljósmynd frá 1995 er vestara húsið tvílyft, en þess er þó ekki getið í heimildum að húsið hafi verið hækkað. Þó kemur fram að árið 1894 fékk Jón Halldórsson leyfi til að setja ris á skúr. Húsið er tvílyft timburhús með háu risi. Á suðurhlið eru tveir kvistir. Það er klætt utan með steinblikki, nema austurhlið og hluti norðurhliðar sem eru klæddar bárujárni. Í austurmæni er gamall sexrúðu gluggi. Við norðurhlið er skúr og á norðurmörkum lóðar eru skúrar. Í húsinu er ein íbúð. Strandgata 27 er reisulegt hús. Það hefur varðveislugildi sem hluti af götumynd Strandgötu. Enn fremur gefur aldur hússins því aukið gildi.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu er enn íbúð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll í góðu lagi, sömuleiðis gluggasetning. Þó enginn sérstakur glæsileiki yfir húsinu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á húsinu.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Unnið er að endurbótum á húsinu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hefur varðveislugildi sem hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 2016 Strandgata 29 vesturhluti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Valþór Brynjarsson , byggingarfræðingur.
Upphaflegur byggingarstíll: / Óskilgreint.

Upphafleg notkun: Ekki skráð, nýbyggt
Núverandi notkun: Ekki skráð, nýlega byggt



Strandagata 29 vesturhluti suðvesturhlið



Strandgata 29 vesturhluti norðvesturhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Mótaðar málmplötur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Ris	Tvílyft; Kvistir; Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið er byggt 1988, hönnuður Valþór Brynjarsson. Þetta er nýbygging sambyggð örlítið eldra húsi með sama húsnúmer. Þar sem húsin eru að nokkru leyti ólík kýs ég að skrá þau í tvennu lagi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll í góðu lagi, sömuleiðis gluggasetning.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýbyggt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýbyggt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýbyggt.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hlutföll í góðu lagi og húsið fellur vel inn í húsaröðina við Strandgötu.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1988 Strandgata 29 austurhluti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Bjarni Reykjalín arkitekt, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: / Póstmódernismi.

Upphafleg notkun: / Skrifstofur.
Núverandi notkun: Þjónusta



Strandgata 29 austurhluti suðurhlið, framhlið



Strandgata 29 fyrir breytingu

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Mótaðar málmplötur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Ris	Tvílyft; Ris

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
2018	Gluggum á suðurhlið breytt til hins verra frá upphaflegri teikningu.	Valþór Brynjarsson., byggingarfræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðinn var mæld út Jósep Jóhannessoni, járnsmið og veitingamanni, árið 1879. Sjö árum síðar fékk hann leyfi til að reisa þar tvílyft hús, en lóðina hafði hann þá keypt af Gránufélaginu. … Sigurður Fanndal kaupmaðpur verslaði í húsinu um skeið og var það þá kennt við hann. Snorri Jónsson keypti eignina árið 1902 og virðist lóðin hafa verið sameinuð lóð Snorra, Strandgötu, 29. Húsið brann 1908 ásamt Hótel Oddeyri, og hluti lóðarinnar, sem næstur var götunni, stóð óbyggður um langt skeið. Norðar á lóðinni var íshús og vélarhús áfast því, sem Snorri Jónsson lét byggja …. Árið 1920 lét Rögnvaldur Snorrason breyta vélarhúsinu í baðhús, byggt var ofan á húsið. Á teikningu sem til er sést að þar hafa verið tveir baðklefar. Árið 1938 voru húsin komin í eigu Smjörlíkisgerðar Akurreyrar, sem rak sápugerð í gamla íshúsinu og brjóstsykurgerð í baðhúsinu (upphaflega vélarhúsinu). Það ár var byggt verkstæðishús áfast við íshúsið, fyrir smjörlíkisgerð. Árið 1965 var hús Smjörlíkisgerðarinnar stækkað og byggt tvílyft hús að norðurlóðamörkum. Dagur (vikublaðið) var orðinn eigandi húsanna árið 1985 og var þá smjörlíkisgerðinni breytt í prentsmiðju. Tveimur árum síðar reisti Dagur nýtt steinsteypuhús við Strandgötu, en húsið er nú eign Byggðastofnunar. Það er tvílyft með risi og kvisti á framhlið. Húsið er hannað af Bjarna Reykjalín, arkitekt. Við hönnun Strandgötu 31 var að nokkru leyti tekið mið af lögun gömlu húsanna við götuna og greinilega hefur verið leitast við að fella það að götumyndinni. Það er þó stærra en flest nágrannahúsin og frágangur allur og yfirbragð með öðrum hætti.

Bjarki Jóhannesson: Breytt gluggasetning á suðurhlið frá teikningu Bjarna Reykjalín árið 2017. Hönnuður Valþór Brynjarsson. Breytingin er mjög til lýta og spillir mjög útliti hússins. Í húsinu er lögmannsskrifstofa auk annars ótilgreinds.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Breytingar sem gerðar voru á efstu gluggum á kvisti eru mjög illa útfærðar og spilla algjörlega útliti hússins, sem annars hefði talist hátt að gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýlega byggt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Nýtt hús
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýlega byggt.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt á óvarfærnislegan hátt. Breytingar sem gerðar voru á efstu gluggum á kvisti eru mjög illa útfærðar og spilla algjörlega útliti hússins.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Strandgata 31

Fyrsti eigandi: Upphafleg notkun:
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur. Breyting 1994 Bjarni Reykjalín. Núverandi notkun: Þjónusta



Strandgata 31 sem er bakhús.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Ýmislegur.	Ýmis konar.		
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Þessi húsasamtæða eða hvað það skyldi kallast er byggð á ýmsum tímum frá 1965 til 1988 auk síðari breytinga. Í húsinu er nú tölvufyrirtæki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Skúrbyggingar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Lítið um það að segja.
Umhverfisgildi:	Lágt	Skúrbyggingar, bakhús.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Viðbyggingar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Skúrbyggingar, bakhús. Ekki gamlar. Af þessari húsasamtæðu eða hvað það skyldi kallast er lítil prýði og mætti gjarna víkja.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1925 Strandgata 33

Fyrsti eigandi: Ólafur Ágústsson
Hönnuður: Ólafur Ágústsson, húsgagnameistari.
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 33 suðvesturhlið framhlið og gafl.



Strandgata 33 austurhlið gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak en einhalla
Þakklæðning:	Steinskífur	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Ris	Tvílyft; Kvistir; Ris; Viðbygging

Helstu breytingar:

Póstar í gluggum horfnir og þak klætt bárujárni í stað skífu.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Á lóðinni stóð áður Hótel Oddeyri, sem Ólafur Jónsson veitingamaður rak og síðar ekkja hans Anna Tómasdóttir, til ársins 1908. Fyrsta húsið reis á lóðinni árið 1884. Það var tvílyft timburhús með risi og sést það á ljósmynd frá 1895. Árið 1905 fékk Anna leyfi til að stækka húsið og prýða á ýmsan hátt. Eftir þær breytingar var húsið eitt hið glæsilegasta í bænum. Hótel Oddeyri brann haustið 1908. Lóðin stóð auð í allmörg ár eftir brunann, en árið 1924 var Ólafi Ágústssyni húsgagnameistara leyft að reisa þar steinsteypuhús. Ólafur gerði sjálfur uppdrætti að húsinu. Þegar húsið er virt nýbyggt árið 1925, þá er það sagt steinsteypt hús, tvær hæðir með háu risi. Á þaki er steinskífa. Húsið dregur svolítið dám af jugendstíl enda þótt það geti alls ekki flokkast sem slíkt. Það er skreytt á göflum og á kvisti og einnig yfir gluggum. Póstar í gluggum eru horfnir og hefur húsið við það misst nokkuð af svip sínum. Þak er nú klætt bárujárni í stað skífu. Í húsinu eru tvær íbúðir. Norðan við húsið er einlyft viðbygging með flötu þaki, sem er tengd húsinu Grundargötu 1, sem Ólafur byggði sem verkstæðishús (sjá Grundargötu 1). Strandgata 33 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Skipt hefur verið um þakklæðningu og póstum í gluggum breytt. Í húsinu eru nú íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Hér er reisulegt og glæsilegt hús. Góð hlutföll og gluggasetning. Gaflar og kvistur eru skreytt í líkingu við jugendstíl. Bogadregin steypuskreyting yfir gluggum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og sérstakt útlit skipar því sess í byggingarsögu Akureyrar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Skipt hefur verið um þakklæðningu og póstum í gluggum breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Unnið er að endurbótum að utan og innan.
Varðveislugildi:	Hátt	Hér er reisulegt og glæsilegt hús, hluti af samstæðri húsaröð. Húsið er með eldri húsum á Akureyri og sérstakt útlit skipar því sess í byggingarsögu Akureyrar.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: J. V. Havsteen
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: / Verslun, íbúð á efri hæð.
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 35 suðausturhlið - framhlið og gafl.



Strandgata 35 - norðvesturhlið bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:	Timbur	Ál
Þakgerð:	Mænisþak. Tveggja	Mænisþak. Tveggja
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin.	Hlaðin
Útlit:	Einlyft / Ris / Reykháfur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

Útbyggingar við norðurhlið hússins. Gluggum breytt.

Hönnuðir breytinga:

Guðmundur Gunnarsson.

Saga:

Skráning 1995 (útdráttur) - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1897 keypti J. V. Havsteen lóð af Gránufélaginu. … Árið 1888 var mælt út fyrir húsi Havsteens, sem reis þá um sumarið. Það var einlyft timburhús á kjallara með stórum miðjukvisti á framhlið. Í húsinu var verslun J. V. Havsteens og íbúð. Havsteen byggði fleiri hús á lóðinni; árið 1891 byggði hann pakkhús norðan við íbúðarhúsið og lá það meðfram Grundargötu. Pakkhúsið var lengt tveimur árum síðar. Árið 1896 byggði hann fjós og hlöðu bak við húsið og einnig risu á lóðinni nokkrir skúrar. Árið 1899 reisti Havsteen brauðgerðarhús austan við íbúðarhúsið. Það var síðan talin sérstök lóð, Strandgata 37. Aldamótaárið reisti hann íshús á norðausturhorni lóðarinnar og þremur árum síðar var byggð „veranda“, yfirbyggðar svalið eða glerskáli, við austurgafl hússins. … Afstöðumynd sem fylgir virðingu húsanna sýnir að húsin hafa verið sambyggð kringum garðinn. … Um húsið segir Klemens Jónsson að það hafi á sínum tíma verið „langfallegasta húsið sem þá hafði enn verið þar byggt og sómir sér enn vel“. Verslun Havsteens var í vesturenda hússins með inngangi á gafli, en íbúð í austurhluta og á efri hæð. … Jón Stefánsson sem var verslunarmaður hjá Havsteen, eignaðist húsið síðan. Hann verslaði í því en hann var einnig útgefandi og ritstjóri blaðsins Gjallarhornsins. Hús Havsteens stendur enn en töluvert breytt. Glerskálanum var lokað árið 1949 og skrautgluggar fjarlægðir. Að utan var húsið upphaflega klætt láréttri timburklæðningu en var síðar klætt skífu. Skífan hefur verið fjarlægð og veggir eru nú klæddir með álklæðningu. Á þaki er bárujárn. Um tíma voru stórir verslunargluggar og inngangur í verslun vestast í húsinu. Á síðari árum hefur gluggum verið breytt, póstar fjarlægðir og stórar rúður settar í gluggana. Við norðurhlið hússins eru útbyggingar. Havsteenshúsið var lengi eitt helsta húsið við Strandgötuna. Það ætti að endurbæta til fyrri glæsileika og myndi húsið það aftur verða sú bæjarprýði sem það var. Strandgata 35 hefur varðveislugildi sem hluti af húsaröðinni við Strandgötu.

Hönnuður breytinga 1949 Guðmundur Gunnarsson. Í húsinu eru nú íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Mjög fallegt hús í sinni upprunalegu mynd, en viðbyggingar spilla mjög svip þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Með elstu húsum á Akureyri og merkilegt í verslunarsögu Akureyrar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af mjög samstæðri húsaröð Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt frá upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Með elstu húsum á Akureyri og merkilegt í verslunarsögu Akureyrar. Húsið er hluti af mjög samstæðri húsaröð Strandgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1931 Strandgata 37

Fyrsti eigandi: Stefán Sigurðsson.
Hönnuður: Bárður Ísleifsson. Breyting á rishæð Mikael Jóhannesson 1953

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð; Þjónusta; Sálarannsóknarfélagið



Strandgata 37 suðurhlið - framhlið.



Strandgata 37 suðvesturhlið - framhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Húsið er klætt utan með	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Fjórlyft / Ris	Fjórlyft / Ris

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
1950	Húsið hækkað um eina hæð. Skúrbyggingar við bakhlið hússins.	Óþekktur
1953	Breyting á rishæð	Mikael Jóhannesson
1993	Viðbygging	Haraldur S Árnason

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Fyrsta húsið sem reis á lóðinni var brauðgerðarhús Havsteens, reist árið 1899. Húsið stóð austan við íbúðarhús Havsteens (sjá Strandgötu 35) en taldist fljótlega sérstök lóð. Árið 1917 var húsið virt til brunabóta og var þá enn í eigu Havsteens. Það var einlyft timburhús með háu risi og kvisti, á háum kjallara. Á ljósmyndum sést að kvisturinn hefur gengið fram úr húsinu og er útbygging á miðri framhlið. Árið 1927 var Brynjólfur Hrútfjörð eigandi hússins, og er þá virt geymsluhús úr timbri, einlyft með lágu risi á lágum grunni. Brauðgerðarhúsið brann um 1930. Árið 1931 fékk Stefán Sigurðsson bakari leyfi fyrir nýju húsi á lóðinni. Samkvæmt teikningum af húsi Stefáns átti það að vera hluti af randbyggingu samkvæmt skipulaginu frá 1927. Síðar voru reistar geymslur á baklóð. Strandgata 37 er fjórlyft steinhús, með eldvarnarveggjum að lóðamörkum að austan og vestan. Húsið var byggt í áföngum, því á mynd sem tekin er skömmu eftir 1930 er aðeins fyrsta hæðin risin. Leyfi var veitt til að byggja ofan á húsið árið1946 en það mun þó ekki hafa verið fullbyggt fyrr en eftir 1950. Þá var Kristján Jónsson bakari orðinn eigandi þess. Í húsinu er hárgreiðslustofa og verslun á neðstu hæð en 3 íbúðir á þeim efri. Í viðbyggingu er iðnaður. Framhlið hússins var múrhúðuð með steinmulningi en húsið hefur nýlega verið klætt utan með klæðningu með steináferð. Þak er járnklætt og á norðurhlið eru 2 kvistir. Við bakhlið hússins eru margvíslegar skúrbyggingar, byggðar að lóðarmörkum til austurs og norðurs. Strandgata 37 spillir umhverfi sínu vegna stærðar og gerðar.

Bjarki Jóhannesson: Upphaflegur hönnuður Bárður Ísleifsson. Breytingar á rishæð 1953, hönnuður Mikael Jóhannesson. Viðbygging 1993, hönnuður Haraldur S. Árnason. Breytingar á notkun 2019, verslunarhúsnæði breytt í íbúð. Í húsinu eru nú Sálarannsóknarfélagið, h ´srsnyrtistofa, fasteignasala og íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Fremur mikill steypuklumpur, en samræmi í formi og gluggasetningu í lagi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert sérstakt um það að segja. Það er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem það fellur illa inn í smágert mynstur
Umhverfisgildi:	Lágt	Tekið er undir skráningu 1995 að húsið spilli umhverfi sínu að stærð og gerð. Það fellur afar illa inn í húsaröðina við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Breytingar eru óverulegar, lítils háttar á múrhúðun.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Fremur mikill steypuklumpur sem spillir umhverfi sínu að stærð og gerð. Erfitt er þó að mæla með að húsið víki þar sem tæknilegt ástand þess virðist vera gott.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1907 Strandgata 39

Fyrsti eigandi: Kristín Áradóttir
Hönnuður: Óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð; bólstrun



Strandgata 39 suð-suðvesturhlið - framhlið.



Strandgata 39 norðausturhlið - bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur.	Timbur.
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Þrílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur; Kjallari	Þrílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

Gluggapóstar fjarlægðir.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1894 keypti Árni Pétursson veitingamaður lóð fyrir austan Havsteen. Lóðin náði til austurs að fyrirhugaðri götu, sem seinna var nefnd Hríseyjargata. Húsið sem Árni reisti á lóðinni var einlyft timburhús á kjallara, með kvisti á miðri framhlið. Það sést á ljósmyndum frá því skömmu fyrir aldamót. Árni verslaði í húsinu. Húsið brann árið 1903. Kristín Árnadóttir lét reisa nýtt hús á lóðinni árið 1907. Það hús stendur enn og er tvílyft timburhús á kjallara, með lágu risi og inngandi á vesturgafli. Það er járnklætt með járnþaki. Við norðurhlið er inngangönguskúr. Húsið virðist lítið breytt, nema hvað gluggapóstar hafa verið fjarlægðir. Í húsinu eru þrjár íbúðir og iðnaður í kjallara. Strandgata 39 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Húsið var endurnýjað árið 2005. Í því eru nú bólstrun og íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er ekki tilþrifamikið, samræmi í formi allgott utan inngönguskúr á baklið, gluggasetning allgóð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu byggingum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist vera í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu byggingum á Akureyri og fellur vel inn í húsaröðina við Strandgötu
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1901 Strandgata 41

Fyrsti eigandi: Bökunarfélag Akureyrar
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Bakarí
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 41 suðvesturhlið - framhlið og gafl.



Strandgata 41 norðvesturhlið - bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur, kjallari hlaðinn.	Timbur, kjallari hlaðinn.
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Ris; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Ris; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

Inngangi á suðurhlið hefur verið lokað.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Bökunarfélagi Akureyrar var útmæld lóðin árið 1901 og reisti þá hús, sem enn stendur. Í húsinu var bakarí í kjallara en íbúð á hæð og í risi. Húsið er einlyft úr timbri á steinkjallara og með miðjukvist á framhlið. Inngangur íbúðar er á vesturgafli en inngangur í bakaríið var á suðurhlið. Þeim inngangi hefur nú verið lokað. Við norðurhlið er inngönguskúr. Húsið hefur að mestu haldið útliti sínu. Húsið er í nokkurri vanhirðu en með endurbótum myndi það styrkja götumyndina. Í húsinu eru nú 3 íbúðir en húsið gæti orðið ágætis einbýlishús. Íbúð í kjallara ætti að hverfa. Kristján Jónsson bakari eignaðist síðan húsið og rak þar bakarí þar til hann flutti í Strandgötu 37. Árið 1925 reisti Kristján tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni með lágu risi, á baklóðinni. Það var notað sem geymsluhús, fjós og hænsnahús. Húsið stendur enn á horni Hríseyjargötu og Strandgötu, og hefur verið breytt í íbúðarhús, Hríseyjargötu 2. Strandgata 41 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu eru nú íbúðir. Skúr á norðurhluta lóðarinnar byggður 1998.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll eru góð fyrir utan að inngönguskúr á bakhlið spillir heildarsvip. Gluggasetning í góðu lagi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri, og þar var bakarí, líklega með þeim fyrstu á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Engar eða litlar breytingar nema inngangi á suðurhlið hefur verið lokað.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vera vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri, og þar var bakarí, líklega með þeim fyrstu á Akureyri. Húsið er hluti af mjög samstæðri húsaröð við Strandgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1930 Strandgata 43

Fyrsti eigandi: Stefán Jónsson
Hönnuður: Sveinbjörn Jónsson, skipsstjóri
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð; laufabrauðssetur.



Strandgata 43 suðvesturhlið - framhlið og gafl.



Strandgata 43 norðausturhlið - bakhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur, kjallari hlaðinn	Timbur, kjallari hlaðinn
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1904 keypti Christian Havsteen lóðina af Gránufélaginu. Ekki kemur fram í heimildum að hann hafi byggt hús á lóðinni en á uppdrætti frá 1900 er sýnt þar hús sem ekki eru kunn nánari deili á. Það stóð ekki í götulínu og hefur líklega verið geymsluhús. Ekki er heldur vitað hvenær húsið hefur horfið. Árið 1930 reisti Stefán Jónsson skipstjóri íbúðarhús á lóðinni sem enn stendur. Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara, með porti, risi og miðjukvisti á framhlið. Það var í upphafi timburklætt að utan en veggir voru síðar klæddir með asbestplötum. Þakið er klætt báruðu asbesti. Nú er verið að gera á því endurbætur, setja í það nýja glugga og timburklæðningu á ný. Það virðist rúmgott og vel stæðilegt og ætti að geta verið þokkalegt íbúðarhús. Strandgata 43 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu eru nú laufabrauðssetur og íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll eru góð fyrir utan að viðbyggingar á bakhlið spilla mjög heildarsvip. Gluggasetning í góðu lagi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af mjög heildstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Mikið af viðbyggingum á bakhlið.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Gerðar hafa verið endurbætur á húsinu og það endurnýjað.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og er hluti af mjög heildstæðri húsaröð við Strandgötu.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1930 Strandgata 43b

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Geymsluskúr
Núverandi notkun: Tölvufyrirtæki.



Strandgata 43b suðurhlið - framhlið.



Strandgata 43b norðurhlið - bakhlið.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Ris; Reykháfur	Tvílyft; Ris; Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Á baklóð hússins Strandgötu 43 stendur steinsteypt hús, einlyft með risi, klætt bárujárni á þaki. Það var reist sem pakkhús um leið og framhúsið. Þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti gildi þess aukist með endurbótum á byggðinni. Norðan við það er fallegur garður með miklum trjágróðri.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu er nú tölvufyrirtæki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Skúrbygging
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Lítið um það að segja
Umhverfisgildi:	Lágt	Lítið um það að segja
Upprunalegt gildi:	Hátt	Virðist óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Lítið um það að segja
Varðveislugildi:	Lágt	Skúrbygging.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1916 Strandgata 45

Fyrsti eigandi: Friðrik og Einar Einarssynir
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur.
Viðbótarbygging Guðmundur Gunnarsson 1945.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 45 suðvesturhlið - framhlið og gafl.



Strandgata 45 suðvesturhlið - framhlið og gafl.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Skeljasandur en kjallari	Skeljasandur en kjallari
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

1945 Viðbygging.

Hönnuðir breytinga:

Guðmundur Gunnarsson.

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1914 fengu bræðurnir Friðrik og Einar Einarssynir leyfi til að reisa hús milli Félagsbakarísins og Gránufélagsins. Húsið sem enn stendur er steinsteypt hús, einlyft á háum kjallara, portbyggt með risi. Á miðju þaki gengur kvistur í gegnum húsið. Þak er járnklætt. Við norðurhlið hússins eru tveir inngönguskúrar. Við báða gafla eru steintröppur. Húsinu er skipt í miðju og er hvor endi talin sérstök eign. Í því eru nú þrjár íbúðir. Að því að best verður séð, þá er Strandgata 45 fyrsta meiriháttar steinsteypuhúsið sem reist er á Oddeyrinni. Lögun þess og svipmót er þó nauðalíkt timburhúsunum, enda fengu steypuhúsin sérkenni sín smám saman eftir því sem reynsla manna af smíði þeirra jókst. Á lóðinni norðan við húsið, meðfram Hjalteyrargötu, stóð áður tvílyft steinsteypt hús, sem nú hefur verið rifið. Það var upphaflega byggt sem fiskgeymsluhús árið 1927 en með það fyrir augum að síðar mætti breyta því í íbúðarhús. Það var svo gert teim árum síðar. Húsið hefur nú verið rifið. Strandgata 45 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu og það telst einnig merkilegt fyrir það að vera eitt elsta steinsteypuhúsið á Oddeyri.

Bjarki Jóhannesson: Viðbygging 1945. Hönnuður Guðmundur Gunnarsson. Í húsinu eru nú íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús með góð hlutföll, þó svo að viðbyggingum mætti sleppa. Gluggasetning mjög góð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri. Húsið er með fyrstu steinsteyptu húsum á Oddeyrinni.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af mjög heildstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Viðbyggingar á bakhlið eru ekki upprunalegar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og er hluti af mjög heildstæðri húsaröð við Strandgötu. Húsið er með fyrstu steinsteyptu húsum á Oddeyrinni
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1941 Strandgata 47

Fyrsti eigandi: Stefán H. Steindórsson
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 47 vesturhlið.



Strandgata 47 suðurhlið.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Skeljasandur	Skeljasandur
Þakgerð:	Mænisþak og risþak.	Mænisþak og risþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Reykháfur	Einlyft; Ris; Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Á lóðinni stendur íbúðarhús úr steinsteypu sem Stefán H. Steindórsson reisti ári 1941. Það er einlyft einbýlishús úr steinsteypu byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Húsið sem stendur inni á lóðinni er frábrugðið öðrum húsum við götuna. Vegna legu sinnar innarlega á lóðinni er húsið ekki þátttakandi í húsaröðinni við Strandgötu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Form og gluggasetning grautarlegt.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert um það að segja.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er ekki hluti af húsaröðinni við Strandgötu, en spillir þó engu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Engar breytingar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist vera í góðu lagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er ekki hluti af húsaröðinni við Strandgötu. Form og gluggasetning grautarlegt. Menningarsögulegt gildi lágt.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi: Gránufélagið
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Verslun
Núverandi notkun: / Veitingastaður og geymsla





Strandgata 49 suðurhlið.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Þunnar hreisturslaga	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti		
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur		

Saga:

Skráning 1995 (útdráttur) - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Hús Gránufélags eru reist á árunum 1873-1875. - Þegar Gránufélagið keypti Oddeyrina af Þorsteini Daníelssyni árið 1870, stóðu þar aðeins tvö hús, Lundur og torfbær þar fyrir norðan. Byrjað var að versla þar þegar haustið 1972, og var Lundur tekinn fyrir verslunina til bráðabirgða. ... Sumarið 1873 keypti Tryggvi Gunnarsson 6 hús á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, svonefnd Hvalfangarahús, fyrir Gránufélagsverslunina á Seyðisfirði. Eitt þeirra húsa var flutt til Oddeyrar og reist þar haustið 1873. Þetta hús gæti upphaflega verið reist fljótlega upp úr 1850. Á næstu árum reisti félagið hús fyrir verslunina og enn standa tvö hús austan elsta hússins og áföst því. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær þau hús voru byggð en þau voru risin um 1883. ... Í öllum aðalatriðum hefur húsasamstæðan haldið lögun sinni og útliti frá árinu 1885. Jón Chr. Stephánsson er talinn hafa staðið fyrir húsbyggingum Gránufélagsins. Þá keypti félagið 1876 hús af erfingjum Þórarins Stefánssonar í Skjaldarvík og var það flutt til Oddeyrar. Þórarinn mun hafa keypt húsið frá Noregi árið 1835. Þetta hús var sennilega reist norðan við verslunarhúsin sem tvílyft vörugeymsla, sem nú er löngu horfin. Árið 1939 brann hús á lóðinni og gæti það verið Skjaldavíkurhúsið. ... Árið 1912 hafði Gránufélagið hætt starfsemi og húsin komin í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana. Samkvæmt virðingunni stóðu 4 hús á lóðinni. a) Íbúðar- og verslunarhús, einlyft með kvisti og háu risi á lágum grunni. … Veggir voru timburklæddir en þak var járnklætt. … b) Áfast við ofannefnt hús var sölubúð og vörugeymsluhús þrílyft með lágu risi á lágum steingrunni. … Veggir voru timburklæddir en þak var járnklætt. c) Vörugeymsluhús, einlyft á lágum steingrunni með háu risi. … Veggir voru klæddir timbri og sömuleiðis þak. … d) Vörugeymsluhús tvílyft með háu risi á lágum steingrunni. … Veggir voru timburklæddir en þak var pappaklætt. … e) Gripahús og safngryfja einlyft með lágu risi á lágum steingrunni. Húsið var steinhús með járnklæddu þaki. … f) Timburskúr með höllu þaki. Veggir og þak voru timburklædd. … Ragnar Ólafsson kaupmaður eignaðist húsin 1926, en árið 1939 keyptu tveir járnsmiðir … húsin af dánarbúi Ragnars. ... Árið 1993 seldi Vélsmiðjan Oddi húsin Alfreð Gíslasyni og Sigurði Sigurðssyni byggingameistara sem hafa haldið áfram endurbótum. Þar er nú veitingarekstur og skrifstofur. ... Vestasta húsið var upphaflega með spónaþaki en nú hulið þakefnum sem sett voru yfir það. ... Spónaþök voru algeng á Íslandi á seinni hluta 19. aldar en nú virðist sem Gránufélagshúsið sé eina hús hérlendis sem enn er með slíkt þakefni þó ekki sé það sýnilegt að utan.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu eru nú veitingastaður og geymslurými.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Allt form og gluggasetning húsanna er í góðu lagi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin eru friðlýst. Þau eru meðal elstu húsa á Akureyri og hluti af verslunarsögu Akureyrar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin eru góður endapunktur á mjög heildstæðri húsaröð við Strandgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsasamstæðan hefur í öllum aðalatriðum haldið lögun sinni frá 1885
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsin voru gerð upp og er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin eru friðlýst. Þau eru meðal elstu húsa á Akureyri og hluti af verslunarsögu Akureyrar.
Verndarflokkar:	Friðlýst hús - blár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1882 Lundargata 2

Fyrsti eigandi: Jósef Jóhannesson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 2 vesturhlið - framhlið



Lundargata 2 suðvesturhorn - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak, en einhalla	Mænisþak, en einhalla
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft; Ris; Eins konar turnbygging tvær hæðir upp úr jarðhæð.	Einlyft; Ris; Eins konar turnbygging tvær hæðir upp úr jarðhæð. /

Helstu breytingar:

1939 Skúr við bakhlið stækkaður.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið var upphaflega reist árið 1882, litlu sunnar en það er nú, á lóðinni Strandgötu 23 og sneri það þá framhlið til suðurs. Jósef Jóhannesson járnsmiður fékk þá lóð á leigu árið 1879 og byggði sér hús sama ár. Norðmaðurinn Oules Hausken eignaðist það árið 1883 (sjá Strandgata 23). Húsið sést á ljósmyndum frá 1895 og 1897. Það sker sig frá öðrum húsum í útliti. Helsta einkenni þess er þá stór kvistur eða turn, flatur að ofan. Á turninum eru tvær gluggaraðir, tveir neðri gluggarnir af sömu stærð og aðrir gluggar í húsinu en hinir efri minni. Árið 1902 fékk Medúsalem Jóhannsson leyfi til að flytja hið svokallaða Hauskens hús, sem hann var þá eigandi að og setja það parallelt með Lundargötu. Skömmu áður hafði Medúsalem fengið leyfi til að flytja skúr norðar á lóðna. Á kortinu frá því um aldamótin er sýnt hús á lóðinni við Strandgötu og annað hús sem virðist snúa eins þar fyrir norðan, og gætu þetta verið íbúðarhúsið og skúrinn. Fjórum árum síðar er komið stærra hús á lóðina við Strandgötu og húsið við Lundargötu stendur í línu við húsin norðan við það. Norður úr húsinu er langur skúr. Við þessa flutninga varð lóðin Lundargata 2 skilin frá Strandgötu 23. Árið 1916 var Pétur Pétursson eigandi hússins. Það var sagt einlyft timburhús með porti og kvisti á kjallara. Við bakhlið hússins var skúr, sem var stækkaður árið 1939. Húsið sem enn stendur hefur haldið megineinkennum sínum. Veggir eru klæddir með liistasúð en á þaki er bárujárn. Inngöngudyr eru á miðri framhlið og yfir þeim er bjór með nýklassískum stíl. Nýlega hafa farið fram endurbætur á húsinu, gluggar og klæðning lagfærð. Kvistur eða turn á framhlið er að mestu óbreyttur. Í húsinu er ein íbúð. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Lundargötu. Enn fremur gefur aldur þess og sérkennilegt útlit húsinu aukið gildi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Turnbygging spillir heildstæðu formi hússins, en gefur húsinu þó sérstakt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið eða ekkert breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í allgóðu lagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1914 Lundargata 4

Fyrsti eigandi: Óþekktur
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Verkstæði/geymsla
Núverandi notkun: Geymsluskúr/verkstæði



Lundargata 4 skúr vesturhlið - framhlið



Lundargata 4 skúr suðurhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðin var mæld út árið 1897 og leigð Baldvini Jónssyni sem reisti þar hús. Húsið sem nú er horfið var einlyft timburhús með porti, kvisti og háu risi. Tveir eigendur voru þá að húsinu, Jón Baldvinsson átti syðri hluta og Hallgrímur Jónsson járnsmiður þann nyrðri. Á bakhlið suðurhluta var geymsluskúr en á norðurhluta var smiðja úr steini. Lóðin er nú óbyggð og notuð sem barnaleikvöllur. Austast á lóðinni er þó skúrbygging sem notuð er sem verkstæði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Skúr.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert.
Umhverfisgildi:	Lágt	Ekkert
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	
Tæknilegt ástand:	Lágt	
Varðveislugildi:	Lágt	Skúr.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1895 Lundargata 5

Fyrsti eigandi: Sigtryggur Þorgrímsson og Jónas Eiríksson
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 5 austurhlið - framhlið



Lundargata 5 suðausturhlið - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Ál
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Tilhöggvið grjót	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft; Ris; Útitröppur; Kjallari	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Kjallari

Helstu breytingar:

Húsið hækkað um eina hæð. Inngönguskúr og anddyri byggð við.

Hönnuðir breytinga:

Björn Jóhannsson., byggingatæknifræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1895 var þeim Sigtryggi Þorgrímssyni og Jónasi Eiríkssyni leyft að reisa hús við Lundargötu. Húsið virðist frá byrjun hafa verið tveir eignarhlutar og þegar það var virt til Brunabóta 1917 var Halldór Friðjónsson eigandi að norðurhluta en Jakob Jóhannesson að syðri hlutanum. Húsið var þá einlyft með porti og risi, veggir voru timburklæddir og þak klætt pappa. Árið 1926 var húsið virt að nýju og hefur þá verið hækkað um eina hæð. Þá var skúr við bakhlið hússins. Halldór Friðjónsson var þá einn eigandi að húsinu. Húsið er nú að mestu leyti eins. Þó hafa inngönguskúr við suðurgafl og anddyri verið byggð við húsið síðar. Húsið er klætt utan með álklæðningu bæði á veggjum og þaki og póstar hafa verið teknir úr gluggum. Húsið er í góðri hirðu en þó er yfirbragð þess nokkuð breytt vegna gluggabreytinga og nýrrar klæðningar. Í húsinu er ein íbúð. Lundargata 5 er ekki talin hafa varðveislugildi. Með endurbótum á húsinu og umhverfinu gæti gildi þess aukist.

Bjarki Jóhannesson: viðbygging setustofa 1987. Hönnuður Björn Jóhannsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er einfalt að gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fellur að nokkru leyti inn í húsaröðina við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í lagi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og fellur að nokkru leyti inn í húsaröðina við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Björn Ólafsson
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur. Hús hækkað og steyptur nýr kjallari Fanney Hauksdóttir 1993,

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 6 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 6 norðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	**Upphafleg**	**Núverandi**
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Fanney Hauksdóttir, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1897 reisti Björn Ólafsson frá Dunhaga hús við Lundargötu. Samkvæmt brunabótavirðingu frá 1916 var húsið þá í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana, arftaka Gránufélagsins sem áður átti húsið. Það er einlyft hús með porti, risi og kvisti. Veggirnir voru þá timburklæddir en járn var á þaki. Árið 1931 fékk þáverandi eigandi, Tryggvi Jónatansson, leyfi til byggja verkstæðisbyggingu, smiðju, úr r-steini á baklóðinni. Bæði húsin standa enn. Íbúðarhúsinu hefur nýlega verið breytt, þak hækkað. Húsið er klætt utan með steinblikki. Í húsinu er ein íbúð. Verkstæðisbyggingin stendur nyrst á lóðinni og að lóðamörkum á þrjá vegu. Gluggar eru einungis á vesturhlið. Þar er iðnaður. Lundargata 5, þ.e. framhúsið, er mikilvægt fyrir götumyndina og umhverfisheildina og hefur því varðveislugildi.

Bjarki Jóhannesson: Hús hækkað um 0,55m og steyptur nýr kjallari árið 2004. Hönnuður Fanney Hauksdóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Glæsilegt hús, góð samsvörun í formi og gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1931 Lundargata 6b

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Verkstæði
Núverandi notkun: Iðnaður



Lundargata 6b. Hér sést í skúrinn

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, steinsteyptur	Hlaðið, steinsteyptur		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1931 fékk þáverandi eigandi, Tryggvi Jónatansson, leyfi til byggja verkstæðisbyggingu, smiðju, úr r-steini á baklóðinni. Verkstæðisbyggingin stendur nyrst á lóðinni og að lóðamörkum á þrjá vegu. Gluggar eru einungis á vesturhlið. Þar er iðnaður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Skúrbygging
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert
Umhverfisgildi:	Lágt	Ekkert
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt að mestu
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðirst vera í lagi
Varðveislugildi:	Lágt	Skúr.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Ólafur Jónatansson
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 7 Norðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 7 Suðausturhlið - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

Viðbyggingar að vestan og skúr við vesturhlið hækkaður.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1895 fékk Ólafur Jónatansson leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð sem hann leigði af Gránufélaginu. Tveimur árum síðar var honum leyft að byggja smiðju fyrir vestan íbúðarhúsið. Árið 1913 var honum leyft að rífa bakskúr, sennilega er hér átt við smiðjuna, og byggja steinsteypta smiðju. Sá hluti hússins hefur verið nefndur Svartiskóli. … Samkvæmt virðingu frá 1916 var íbúðarhúsið einlyft með porti og risi, veggir voru timburklæddir og þak klætt pappa. Smiðjan sem stóð norðan við húsið var einlyft með háu risi, skipt í tvennt. Smiðjan var steinsteypt og þak járnklætt. Húsinu hefur síðan verið allmikið breytt. Austurhluti hússins, elsti hluti þess, er einlyft timburhús með risi. Árið 1931 var skúr við vesturhlið hússins hækkaður. Þá var eigandi hússins Ólafur Benjamínsson. Vestur úr húsinu hafa verið gerðar miklar viðbyggingar. Árið 1946 var byggt hús norðvestan við húsið, með aðkomu frá Gránufélagsgötu. Húsasamstæða þessi er hið mesta klúður. Elsta húsið, sem stendur við Lundargötu, er klætt utan með steinblikki. Það er í lélegri hirðu og vesturhlutinn sem hefur verið hækkaður og stækkaður fellur illa að upphaflegri gerð hússins. Tengibygging við steinhúsið við Gránufélagsgötu þrengir svo að húsinu að ekki er hægt að gera ráð fyrir að það nýtist sem íbúðarhús framar. Götuhliðin að Lundargötu fellur hins vegar vel að að heildarmynd götunnar og er fremsti hluti hússins þess vegna talinn hafa varðveislugildi. Viðbyggingarnar eru til lýta. Byggingar þessar eru mjög sláandi dæmi um það hvernig þrengt hefur verið að gömlu húsi, og það nánast dæmt úr leik vegna síðari tíma viðbygginga.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er einfalt í sniðum og lætur lítið yfir sér
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Götuhliðin fellur nokkuð vel að götumyndinni, en bakbyggingar rýra gildi þess
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar viðbyggingar
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í lagi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri en einfalt í sniðum og mikið breytt.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Lundargata 8

Fyrsti eigandi: Jóhann Ólafsson og Sigurður Kristjánsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 8 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 8 norðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

1926 Kvisti bætt við á austurhlið.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1898 fengu þeir Jóhann Ólafsson og Sigurður Kristjánsson útmælt fyrir húsi. Húsinu virðist strax hafa verið skipt í tvo eignarhluta, norður- og suðurhluta. Árið 1916 var húsið virt til brunabóta og var þá sagt einlyft timburhús, á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Veggir voru þá timburklæddir að utan, en járn á þaki. Árið 1926 var leyft að gera kvist á austurhlið. Húsið er nú óbreytt að mestu leyti, þó hefur það verið klætt utan með steinblikki. Kvistir eru á miðri vesturhlið og annar á austurhlið. Við báða gafla eru tröppur og inngönguskúrar. Húsið er mjög vel hirt og mikilvægt fyrir götumyndina og hefur því ótvírætt varðveislugildi. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús og gott samræmi í formi og gluggasetningu. Inngönguskúrar á hliðum setja sérstakan svip á húsið.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Lítið breytt nema kvisti bætt við á bakhlið.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Lundargata 9

Fyrsti eigandi: Séra Pétur Guðmundsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 9 suðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 9 norðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari / Inngangur er frá bakhlið hússins /

Helstu breytingar:

Gluggum breytt. Múrað upp í inngang á götuhlið og tröppur fjarlægðar

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1898 reisti séra Pétur Guðmundsson frá Grímsey hús við Lundargötu. Húsið var samkvæmt virðingu 1916 einlyft timburhús á kjallara, portbyggt með kvisti og risi. Þakið var járnklætt. Hallgrímur Pétursson var þá eigandi hússins og hafði bókbandsstofu í húsinu. Húsið hefur haldið lögun sinni, kvistur á framhlið gengur í gegnum húsið. Húsið hefur verð múrhúðað að utan og hæfir sá frágangur illa gerð hússins. Einnig hefur gluggum verið breytt. Húsið er hluti af samstæðri heild húsa við götuna og hefur því verðveislugildi þrátt fyrir að það er í vanhirðu. Í húsinu er ein íbúð.

Aths. Bjarki Jóhannesson: Nýlega hefur verið múrað upp í inngang á götuhlið og tröppur fjarlægðar. Gluggapóstar verið settir og er það til hins betra.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er einfalt og ekki mikil reisn yfir því. Gluggapóstum hefur þó verið bætt inn frá skráningu 1995
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af nokkuð heildstæðri götumynd við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Tröppur á götuhlið hafa verið fjarlægðar, múrað inn í inngang og húsið forskalað.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsinu er ekki vel við haldið
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu. Með endurbótum mætti þó auka varveislugildi þess.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1999 Lundargata 10

Fyrsti eigandi: Kolbeinn Gísli Bergsteinsson
Hönnuður: Haraldur Árnason, byggingatæknifræðingur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 10 norðvesturhlið - götuhlið og gafl



Lundargata 10 suðausturhlið -

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Steinskífur	Steinskífur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið er frá trésmiðju Mógils - Mógili Svalbarðsströnd. Húsið er timburhús, byggt til flutnings í heilu lagi og reist ofan á kjallara. Teiknað af Haraldi Árnasyni og byggt árið 1999.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll hússins eru í þokkalegu lagi. Gluggasetning tilviljunarkennd.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er nýlega byggt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina og fellur vel inn í heildarmynd Oddeyrar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nýlega byggt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýlega byggt.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina og fellur vel inn í heildarmynd Oddeyrar.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1899 Lundargata 11

Fyrsti eigandi: Jón Guðmundsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 11 norðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 11 suðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1899 fékk Jón Guðmundsson skósmiður leyfi til að byggja hús á lóð sem hann hafði þegið hjá Gránufélaginu. Húsið var virt árið 1917 og þá sagt einlyft með porti og risi, þakið járnklætt. Húsið er lítið breytt frá fyrstu tíð. Þó hefur það verið klætt utan með steinblikki en á þaki er bárujárn. Á framhlið er miðjukvistur. Inngangur er á miðri þeirri hlið og tröppur út á gangstétt. Við vesturhlið er inngönguskúr. Húsið er í góðu lagi og er mikilvægt fyrir heildina og hefur því varðveislugildi. Í húsinu er ein íbúð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Snoturt hús, gott samræmi í formi og gluggasetningu. Viðbygging er þó nokkuð úr takti við annað. Gluggapóstar hafa verið settir aftur á jarðhæð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur við húsið.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1927 Lundargata 12

Fyrsti eigandi: Iðnaðarmannafélag Akureyrar
Hönnuður: Sveinbjörn Jónsson, byggingarmeistari
Upphaflegur byggingarstíll: Steinhlaðin hús

Upphafleg notkun: / Skóli
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 12 suðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 12 norðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Hlaðið, steinsteyptur	Hlaðið, steinsteyptur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Steinskífur	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris	Einlyft / Kvistir / Ris

Helstu breytingar:

Gluggum og kvisti á framhlið breytt og settar svalir framan við hann.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1927 fékk Iðnaðarmannafélag Akureyrar leigða lóð fyrir funda- og skólahús. Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari gerði teikningar af húsinu og er það hlaðið úr r-steini sem Sveibjörn framleiddi. Ári síðar var húsið risið og þá virt til brunabóta. Húsið var þá sagt einnar hæðar, á lágum grunni, með háu risi og tveimur kvistum, annar í austur, en hinn á vesturhlið. Það var úr steini og þakið var klætt steinsteyptum skífum. Á neðri hæð hússins voru 3 stofur, auk forstofu og salernis, en í risi var fundarsalur, og stofa. Húsið stendur enn en því hefur verið breytt nokkuð. Skífa er horfin af þaki en i stað komið bárujárn. Gluggum hefur verið breytt, kvisti á framhlið hefur verið breytt, þekja rofin og gerðar svalir framan við kvistinn. Iðnskólinn var kvöldskóli sem iðnaðarmannafélagið rak. Gagnfræðaskóli Akureyrar var stofnaður í húsinu árið 1930 og haldinn þar til ársins 1943 er nýtt hús hafði verið byggt við Laugargötu. Iðnskólinn flutti með Gagnfræðaskólanum. Eftir það eignaðist Hvítasunnusöfnuðurinn húsið og höfðu þar samkomustað sinn. Nú hefur húsinu verið breytt í íbúðarhús. Lundargata 12 er sérkennilegt hús. Saga þess er sérstök og lögun hússins og byggingartækni með persónulegu svipmóti Sveinbjarnar Jónssonar. Húsið er í góðri umhirðu, en betur hefði mátt varðveita sérkenni hússins en raun hefur orðið á.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Samsvörun í formi allgóð, en gluggasetning nokkuð tilviljunarkennd
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Iðnskólinn var hér til húsa í upphafi og Gagnfræðaskóli Akureyrar var stofnaður hér 1926
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið nokkuð breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu. Menningarsögulegt gildi þess er hátt.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Lundargata 13

Fyrsti eigandi: Runólfur Jónsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lundargata 13 suðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 13 suðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Póstar fjarlægðir úr gluggum.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1898 fékk Runólfur Jónsson frá Sauðárkróki leyfi til að byggja hús á leigulóð Gránufélagsins. Húsið sem þar reis var virt árið 1917 og var þá sagt einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Húsið sem enn stendur hefur að mestu haldið lögun sinni. Við suðurgafl eru steyptar tröppur og pallur fyrir suðvesturhorn hússins. Við vesturhlið er tvílyftur inngönguskúr. Húsið hefur verið múrhúðað að utan, og póstar hafa verið fjarlægðir úr gluggum. Þak er járnklætt. Í húsinu er ein íbúð. Húsið er hluti af heild, gefur umhverfinu svip og hefur því varðveislugildi. Breytingar á ytra útliti eru þó til lýta. Það er að gerð sem er algeng í elsta hluta Oddeyrarinnar. Á norðurlóðamörkum, bak við íbúðarhúsið, stendur geymsluhús, sem er sambyggt geymsluhúsum á lóðunum Lundargötu 1B og Fróðasundi 4. Vestar á lóðinni er húsið Lundargata 13B.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Form hússins er í lagi fyrir utan inngönguskúr á bakhlið. Gluggasetning er tilviljunarkennd
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur verið múrhúðað og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsinu virðist ekki vera vel við haldið. Múrhúðun hefur látið á sjá
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu. Það er þó mikið breytt.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Lundargata 15

Fyrsti eigandi: Jósep Jónsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Lundargata 15 suðausturhlið - framhlið og gafl



Lundargata 15 suðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Pappi	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Tvílyft / Ris / Útitröppur / Kjallari	Tvílyft / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Gluggum breytt og húsið klætt steinblikki.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reisti Jósep Jónsson árið 1898, en þremur árum síðar var honum leyft að lengja það til norðurs. Húsið var virt árið 1917. Það var þá einlyft timburhús á kjallara, með porti og risi. Þak var pappaklætt. Þá stóð gripa- og geymsluhús á lóðinni vestan við íbúðarhúsið. Árið 1925 var Jósep leyft að hækka húsið um eina hæð og hefur það þá fengið þá lögun sem það enn hefur. Samkvæmt virðingu árið 1927 er það tvílyft með lágu risi á steinsteypukjallara og virðist því hafa verið gerður nýr kjallari undir húsið. Veggir voru klæddir pappa en þak járni. Húsið er nú klætt steinblikki og gluggum hefur verið breytt. Inngangur er á framhlið og eru steintröppur að götu. Í því eru tvær íbúðir. Geymsluhús er horfið af lóðinni. Húsið, sem er látlaust og einfalt, fellur vel að götumynd og hefur varðveislugildi sem hluti af henni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er látlaust og einfalt, en form og gluggasetning í góðu samræmi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel að nokkuð heildstæðri húsaröð við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið var hækkað 1926 og veggir eru nú klæddir steinblikki
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1926 Lundargata 17b

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Ekki skráð.



Lundargata 17B suðurhlið



Lundargata 17B austurhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson (Hús nr. 17 útdráttur): Árið 1920 var Jóhanni Scheving leyft að flytja lítið timburhús á lóðina. Húsið hafði áður staðið á lóðinni Lundargötu 10. ... Það er sagt einlyft timburhús á kjallara, með portbyggðu risi. Veggir og þak klætt með timbri og pappa. Þremur árum síðar var Jóhanni leyft að byggja skúr við norðurgafl hússins. - Húsið hefur með breytingum gegnum árin fengið svolítið sérstakt útlit. Að hluta til var það einlyft timburhús á kjallara með portbyggðu risi en norðan við það var leyfð einlyft viðbygging árið 1937. Samtímis var norðurhluta þaksins á eldra húinu lyft og er húsið því tvílyft að hluta. Húsið er allt múrað að utan og er erfitt að greina skil eldra húss og viðbyggingar. Inngangur er á austurhlið og eru steintröppur að götunni. Við vesturhlitð er inngönguskúr.
Vestar á lóðinni (Lundargötu 17) er einlyft bakhús, reist 1926, með hallandi þaki. Í honum er íbúð. Húsið er hér ekki talið hafa varðveislugildi, gildi þess fyrir götumyndina aukist með endurbótum.

Bjarki Jóhannesson: Húsið er horfið, en eftir stendur bakhúsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Skúrbygging.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Skúrbygging.
Umhverfisgildi:	Lágt	Bakhús, skúr.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Ekkert vitað um breytingar.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Virðist vera lélegt.
Varðveislugildi:	Lágt	Skúrbygging í lélegu ástandi.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1925 Fróðasund 3

Fyrsti eigandi: Jónas Hallgrímsson
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson. Kvistar á þak 1966
Tómas Búi Böðvarsson, smiður

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Fróðasund 3 suðausturhlið - götuhlið og gafl



Fróðasund 3 vesturhlið - gafl/inngangur

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Skúr	Einlyft / Kvistir / Ris / Skúr

Helstu breytingar:

Viðbygging við norðurhlið hússins.

Hönnuðir breytinga:

Tómas Búi Böðvarsson, byggingarfræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1925 fékk Jónas Hallgrímsson leyfi til að reisa íbúðarhús eftir teikningu Tryggva Jónatanssonar. Húsið var upphaflega einlyft steinhús á lágum grunni, með risi og járni á þaki. Árið 1966 voru gerðir kvistir á húsið. Á suðurhlið er stór kvistur sem nær nánast eftir allri þekjunni, og annar minni á norðurhlið. Við norðurhlið hússins er viðbygging og bílskúr áfastur við austurgafl hússins. Húsið er lítið steinhús, af þeirri gerð sem algeng er á Oddeyri og lætur líið yfir sér. Húsið hefur í upphafi verið lítið og látlaust en kvistirnir og viðbygging bera það ofurliði. Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi en með endurbótum gæti gildi þess aukist. Í húsinu er ein íbúð.

Bjarki Jóhannesson: Kvistar á þak 1966, hönnuður Tómas Búi böðvarsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er einfalt og kvistur á framhlið spillir mjög útliti þess
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er úr samræmi við aðliggjandi hús
Upprunalegt gildi:	Lágt	Kvistum bætt við eftir á
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í sæmilegu ástandi
Varðveislugildi:	Lágt	Varðveislugildi gæti aukist með því að færa húsið í upprunalegt horf
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1943 Fróðasund 4

Fyrsti eigandi: Óþekktur
Hönnuður: Erik Kondrup, annað
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Fróðasund 4 norðausturhlið framhlið og hlið



Fróðasund 4 norðvesturhlið, framhlið og hlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft; Reykháfur

Helstu breytingar:

Viðbygging suðaustan við húsið og einlyftur skúr byggður vestan við það.

Hönnuðir breytinga:

Jón Geir Ágústsson, byggingatæknifræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Á lóðinni stendur tvílyft steinsteypuhús með valmaþaki. Suðaustan við húsið er einlyft viðbygging sem er sambyggð skúrum á lóðunum Lundargötu 13 og 13B. Vestan við húsið hefur einlyftur steinskúr verið áfastur því. Upphaflega var verslun á hluta neðri hæðar en nú eru tvær íbúðir í húsinu. Húsið er í góðri umhirðu og snyrtilegt.

Bjarki Jóhannesson: Hönnuður Erik Kondrup. Bílskúr byggður 1988. Hönnuður Jón Geir Ágústsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Hvorki form né gluggasetning hafa listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er ekki gamalt og hefur enga sérstaka sögu. Valmaþak er þó í byggingarstíl þess tíma sem húsið var reist.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Ekki í tengslum né samræmi við aðliggjandi byggð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Litlar breytingar nema bílskúr byggður við húsið.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er í góðu ásigkomulagi, lítið breytt og valmaþak þess er í byggingarstíl þess tíma sem húsið var reist.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1929 Fróðasund 9

Fyrsti eigandi: Sigurgeir Jónsson
Hönnuður: Halldór Halldórsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Fróðasund 9 norðvesturhlið - götuhlið og gafl



Fróðasund 9 suðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Hlaðið r-steinn	Hlaðið r-steinn
Útveggir:		Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

1981 Kvistur á austurhlið stækkaður.

Hönnuðir breytinga:

Birgir Ágústsson, verkfræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið er einlyft með tveim íbúðum, reist árið 1929 af Sigurgeiri Jónssyni eftir teikningu Halldórs Halldórssonar. Það er hlaðið úr r-steini á kjallara, með háu risi og járnklæddu þaki. Á miðri vesturhlið er stór kvistur og annar á austurhlið, sem var upphaflega minni en var stækkaður 1981. Aðalinngangur er á vesturhlið sem snýr að Lundargötu, en annar inngangur á austurhlið. Á lóðinni er lítið hús, sennilega áður garðhús eða leikhús barna, “dúkkuhús”. Húsið fellur ágætlega að götumyndinni og er talið hafa varðveislugildi. Húsið er í góðri hirðu og virðist gott hús. Í garðinum er mikill trjágróður.

Bjarki Jóhannesson: Kvistur á austurhlið 2004. Hönnuður Birgir Ágústsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Reisulegt hús, góð samsvörun í formi, en minni í gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í húsaröðina við Lundargötu
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er mjög lítið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í nokkuð heildstæða húsaröð við Lundargötu
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Fróðasund 10a

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Hönnuður óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Fróðasund 10 norðvesturhlið - götuhlið og gafl



Fróðasund 10 suðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin	Hlaðin
Útlit:	Einlyft; Ris; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Ris; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1944 Viðbótarbygging.	Óþekktur
1966 Bílgeymsla byggð	Einar Eggertsson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið var flutt á lóðina árið 1944 en stóð áður á lóðinni Norðurgötu 9, þar sem það var reist árið 1898. Það er einlyft timburhús á kjallara, með risi. Við suðurhlið hússins eru steinsteyptar tröppur og inngönguskúr. Húsið er klætt utan með steinblikki. Í húsinu er ein íbúð. Húsið virðist í góðri umhirðu og snyrtilegt. Það hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Bjarki Jóhannesson: Viðbótarbygging 1944, hönnuður óþekktur. Bílgeymsla byggð 1966. Hönnuður Einar Eggertsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús, stendur ekki upp úr sem byggingarlist
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af heild.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er lítið breytt, en er flutningshús
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hefur varðveislugildi sem hluti af heild.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1893 Fróðasund 11

Fyrsti eigandi: Óþekktur
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur. Viðbygging 2000 Bjarni Reykjalín., annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Fróðasund 11 suðvesturhlið - götuhlið og gafl



Fróðasund 11 norðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin	Hlaðin
Útlit:	Einlyft / Ris	Einlyft / Ris / Reykháfur / Viðbygging

Helstu breytingar:

1945 Viðbygging við austurgafl. Gluggum breytt og settir þakgluggar.

Hönnuðir breytinga:

Bjarni Reykjalín, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið stóð áður á lóðinni Norðurgötu 7, en var flutt á lóðina við Fróðasund árið 1945. Það er einlyft timburhús á lágum grunni, með risi. Við vesturgafl eru steintröppur og pallur eða svalir við suðurhlið. Við austurgafl er viðbygging með skúrþaki frá 1945. Í húsinu er ein íbúð. Húsið er nýviðgert og hefur úliti verið breytt töluvert þótt húsið hafi haldið upphaflegu lagi sínu. Einkum hefur gluggum verið breytt og settir á það þakgluggar. Á austurgafli er stór gluggi. Húsið fellur vel að umhverfi sínu og hefur því varðveislugildi.

Bjarki Jóhannesson: Viðbygging og svalahandrið árið 2000. Hönnuður Bjarni Reykjalín arkitekt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Snoturt hús, en stendur ekki upp úr sem byggingarlist.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fellur vel að umhverfi sínu en er ekki hluti af neinni heild.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið var flutt af annarri lóð, hefur verið breytt og mikið af síðari viðbyggingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri, fellur vel að umhverfi sínu en er ekki hluti af neinni heild.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1900 Norðurgata 1

Fyrsti eigandi: Jón Jónsson Borgfjörð
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 1 suðausturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 1 norðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Hliðar álklæddar
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

1921 Kvistur settur á austurhlið og gluggum breytt síðar.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðin er byggð úr lóðinni Strandgötu 27. Árið 1899 keypti Jón Jónsson Borgfjörð söðlasmiður húsgrunn, en þá var hann eigandi skúrs sem hann hafði byggt í leyfisleysi á næstu lóð fyrir sunnan. (Sjá Strandgötu 27A). Ári síðar var honum leyft að reisa pakkhús og verkstæði, en íbúðarhúsið sem nú stendur á lóðinni er byggt upp úr þessu húsi. Árið 1916 var Vébjörg Árnadóttir eigandi hússins, sem var einlyft timburhús á kjallara, með háu risi. Þakið var pappaklætt. Vestan við það var fjárhús sem ekki var virt. Húsið sem enn stendur hefur breyst töluvert frá fyrstu gerð. Árið 1921 var settur kvistur á austurhlið hússins og þá bókað í byggingarnefnd að þetta sé „pakkhús Jóns Borgfjörðs, sem alltaf er verið að breyta og endurbæta“. Á austurhlið eru steintröppur og inngangur, en að vestan er inngönguskúr. Húsið var áður klætt utan steinblikki en hefur nýlega verið klætt plasthúðaðri álklæðningu. Gluggum hefur einnig verið breytt. Við þetta hefur svipur hússins breyst töluvert til hins verra. Klæðningin er illa sett á og húsið í niðurníðslu. Þakið er klætt bárujárni og hefur verið lyft að hluta að vestanverðu. Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi en með endurbótum gæti gildi þess aukist. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Bjarki Jóhannesson: Umhirða hússins hefur batnað frá skráningu 1995.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús, en allgott samræmi í formi og gluggasetningu nema inngönguskúr og kvistur á bakhlið spillir formi þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í allgóðu lagi, og umhirða batnað frá skráningu 1995
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1897 Norðurgata 2

Fyrsti eigandi: Þorvarður Guðnason
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur.
Upphaflegur byggingarstíll: / Blandað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 2 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 2 suðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:		Steinskífur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
1957	Bílgeymsla byggð	Tryggvi Sæmundsson, smiður
1961	Timburstigi byggður við austurhlið hússins	Mikael Jóhannesson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1890 fékk Þorvaldur Guðnason leigða lóðina og leyfi til að byggja þar skúr. Sjö árum síðar reisti Þorvaldur hús á lóð sinni norðan við hús Snorra Jónssonar við Strandgötu. Byggingarnefnd ákvað stað fyrir húsin nr. 2 og 4 samtímis, „fyrir austan þvergötuna út á Oddeyri“ eins og Norðurgatan var þá nefnd. Talið er að Snorri hafi byggt húsin nr. 2, 4 og 6. Á næstu árum risu fleiri hús á lóðinni. Þorvaldur fékk leyfi til að byggja fjós fyrir austan íbúðarhúsið árið 1902 og nokkrum árum síðar byggði hann skúr. Árið 1911 byggði Sófanías Baldvinsson bakhús á norðurmörkum lóðarinnar en reyndar stóð húsið að hluta til inn á næstu lóð. Árið 1916 var eignin virt til brunabóta og þá stóðu á lóðinni: Íbúðarhús, einlyft á kjallara, með porti og kvisti; veggir og þak voru járnklædd. Steinsteypt hús, einlyft með porti og risi, notað sem fjós, hesthús og hlaða. Þakið var járnklætt. Þriðja húsið var einlyftur geymsluskúr úr timbri. Íbúðarhúsið stendur ennþá, en hefur breyst frá því að þessi virðing var gerð. Húsið hefur verið klætt steinskífu og þakinu var lyft að austanverðu árið 1954. Tröppur eru við suðurgafl og austurhlið þar sem er inngönguskúr. Í húsinu eru tvær íbúðir. Húsið er illa farið, en ákaflega sérstakt. Ásamt húsunum nr. 4 of 6 gefur það götunni sérstæðan svip og hefur því varðveislugildi. Steinskífurnar á húsinu eru mikilvægar. Steinhúsið á baklóðinni er nú nýtt sem félagsheimili Lionshreyfingarinnar. Þar hóf Ríkisútvarpið á Akureyri starfsemi sína árið 1982. Bakhúsið er í góðri hirðu en er ekki talið hafa varðveislugildi.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu er nú íbúð. Bílgeymsla byggð árið 1957. Hönnuður Tryggvi Sæmundsson. Timburstigi við austurhlið hússins reistur 1961. Hönnuður Mikael Jóhannesson. Árið 2005 var notkun hússins á baklóðinni breytt úr samkomuhúsi í íbúðarhúsnæði. Breytingar innanhúss 2015.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús, form í lagi nema hvað lyfting á þaki spillir því og gluggasetning þar tilviljunarkennd
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og klæðning með steinskífum er minnisvarði um frágang á útveggjum frá eldri tíð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í sæmilegu lagi
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1899 Norðurgata 3

Fyrsti eigandi: Valdimar Gunnlaugsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Norðurgata 3 norðausturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 3 suðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		
Þakgerð:	Mænisþak	
Þakklæðning:		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Svalir / Útitröppur / Kjallari	

Helstu breytingar:

Kvistur og svalir sett á vesturhlið.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið brann árið 2019. Rústir standa enn.

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reisti Valdimar Gunnlaugsson skósmiður árið 1899. Tveimur árum síðar reisti hann skúr vestan við íbúðarhúsið. Árið 1916 var húsið virt og var eigandi þess þá Þórarinn Jónasson. Íbúðarhúsið var sagt einlyft á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Að utan var húsið járnklætt, bæði veggir og þak. Gripahús og hlaða voru einnig á lóðinni, einlyft timburhús með hallandi þaki. Íbúðarhúsið hefur að mestu haldið lagi sínu og útliti. Þó hefur verið gerður stór kvistur á vesturhlið. Það er klætt báurjárni að utan. Inngangur er á miðri framhlið og eru steintröppur að götu. Á miðri framhlið er kvistur. Á norðausturhluta lóðar er bílskúr. Húsið er í þokkalegu ástandi. Í því eru þrjár íbúðir. Norðurgata 3 er myndarlegt hús og allsérstakt að gerð. Það er talið hafa varðveislugildi sem hluti af götumynd Norðurgötu, en ásamt húsunum nr. 2, 4 og 6 myndar það mikilvæga heild.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið var reisulegt, gott samræmi í gluggasetningu, en flatur kvistur á bakhlið spillti samræmi í formi
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið var hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hafði að mestu haldið upphaflegri gerð, nema hvað stór kvistur hafði bæst við á vesturhlið
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsinu var ekki vel við haldið
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið var með elstu húsum á Akureyri og hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu. Með betri umhirðu hefði varðveislugildi hússins aukist enn.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1897 Norðurgata 4

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 4 norðvesturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 4 suðausturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Kjallari	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari; Samkvæmt húsaskrá 1995 hefur verið byggt við húsið, skúr meðfram allri

Helstu breytingar:

1936 Austurhluta þaksins hefur verið lyft og byggður einlyftur skúr við austurhliðina.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1897 var mælt út fyrir tveimur húsum við Norðurgötu, nr. 2 og 4. Ólafur Árnason og Jón Jónatansson reistu nyrðra húsið, nr. 4. Húsið sem enn stendur er einlyft timburhús á lágum kjallara, með portbyggðu risi. Á árunum 1936-37 var austurhluta þaksins lyft og byggður einlyftur skúr eftir allri hliðinni. Húsið er klætt utan með steinblikki en bárujárni á þaki. Í húsinu eru tvær íbúðir. Húsið virðist illa farið, en er hluti af mikilvægri heild og samstæðri götumynd og hefur því varðveislugildi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús. Viðbygging (að því er virðist) spillir formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Samkvæmt húsaskrá 1995 hefur verið byggt við húsið, skúr meðfram allri bakhliðinni.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Umhirða hússins virðist ekki hafa batnað frá skráningunni 1995
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu. Húsið þarfnast umbóta til að almennilega ná hærri flokki.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1898 Norðurgata 6

Fyrsti eigandi: Medúsalem Jóhannsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 6 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 6 austurhlið - bakhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Húsið hefur verið klætt steinblikki og póstar teknir úr gluggum.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1898 var Medúsalem Jóhannssyni leyft að reisa hús og í útmælingu byggingarnefndar segir að það sé hornhús við fyrirhugaða þvergötu norður af húsi Jóns Jónatanssonar. Þarna mun vera átt við Gránufélagsgötu, sem enn hafði ekki hlotið nafn. Aldamótaárið var Medúsalem leyft að byggja skúr bak við húsið. Húsið var virt árið 1921 en þá var Sölvi Halldórsson eigandi þess. Það var sagt einlyft íbúðarhús úr timbri, á kjallara, og með porti, kvisti og risi. Við bakhlið var skúr, sennilega inngönguskúr. Í húsinu er nú ein íbúð. Húsið hefur haldið öllum megineinkennum sínum í gegnum árin. Þó hefur það verið klætt utan steinblikki og póstar hafa verið teknir úr gluggum. Húsið er hluti af mikilvægri heild en þarfnast endurbóta. Það hefur varðveislugildi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er einfalt, en gott samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er lítið breytt, nema veggklæðning og póstar í gluggum
Tæknilegt ástand:	Hátt	Umhirða og ástand hússins hafa batnað frá skráningu 1995
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og hluti af heildstæðri húsaröð á þessum hluta Norðurgötu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Axel Schiöth
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: / ???

Upphafleg notkun: / Bakarí
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 8 suðvesturhlið - götuhliðar



Norðurgata 8 suðausturhlið - götuhlið og

Gerð húss:	**Upphafleg**	**Núverandi**
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Steinblikk	Steinblikk
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Útitröppur	Einlyft / Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1933 reisti Axel Schiöth bakari söluturn á horni Gránufélagsgötu og Norðurgötu. Byggingarleyfið var aðeins veitt til bráðabirgða. Teikningar að húsinu gerði Tryggvi Jónatansson. Samkvæmt fyrstu tillögum átti að vera turn með skrauti á húsinu en í síðari tillögu er þakið orðið einfaldara. Húsið stendur enn og þar er nú verslunin Esja. Það er einlyft timburhús á lágum grunni, með valmaþaki. Það er klætt utan steinblikki. Húsið er sérkennilegt og því er vel við haldið. Það hefur varðveislugildi sem hluti af merkri heild.

Bjarki Jóhannesson: Í húsinu er nú íbúð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Sérkennilegt hús með merkilega sögu og hlutverk á Oddeyrinni, var fyrrum bakarí og síðar söluturn.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Passar þokkalega inn í umhverfið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Ekkert breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í lagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Sérkennilegt hús sem á sér merkilega sögu og hlutverk á Oddeyrinni.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1926 Norðurgata 10

Fyrsti eigandi: Magnús Halldórsson og Jón Sigurðsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 10 suðvesturhlið - götuhlið/gafl og



Norðurgata 10 norðvesturhlið - götuhlið/gafl og

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Kvistir / Ris	Tvílyft / Kvistir / Ris

Helstu breytingar:

Kvistur settur á norðurhlið og póstar teknir úr gluggum.

Hönnuðir breytinga:

Mikael Jóhannesson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið Norðurgötu 10 reistu þeir Magnús Halldórsson og Jón Sigurðsson árið 1926. Húsið var virt nýbyggt ári síðar. Það var þá sagt tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lágum grunni, með háu risi og kvisti á framhlið (suðurhlið). Húsinu hefur verið lítillega breytt síðan. Árið 1960 var settur stór kvistur á norðurhlið þess, og einnig hafa póstar verið fjarlægðir úr gluggum. Húsið hefur nýlega verið einangrað og múrhúðað að utan. Það virðist í mjög góðu ástandi. Á baklóð er skúr, sem stendur að norðurmörkum lóðar. Í húsinu eru 4 íbúðir. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af merkri heild.

Bjarki Jóhannesson: Framlenging á kvisti 1961, hönnuður Mikael Jóhannesson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Reisulegt hús en ekki íburðarmikið. Gott samræmi í formi ef frá er skilinn kvistur á austurhlið. Gott samræmi í gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er í eldri kantinum af húsum á Akureyri og gott dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeiði steinsteypunnar á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er lítið breytt að formi til ef frá er skilinn kvistur á austurhlið. Póstar teknir úr gluggum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er í eldri kantinum af húsum á Akureyri og gott dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeiði steinsteypunnar á Akureyri. Það fellur vel inn í umhverfið.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1883 Norðurgata 11

Fyrsti eigandi: Snorri Jónsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 11 suðausturhlið götuhl og inngangur



Norðurgata 11 suðvesturhlið götuhl og bakhl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Tvílyft / Kjallari	Tvílyft / Kjallari

Helstu breytingar:

1922 Húsinu lyft og kjallari steyptur undir það. Póstar teknir úr gluggum síðar.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1883 fékk Snorri Jónsson sem þá var sagður skipasmiður lóð frá Gránufélaginu og var lóðin sögð „10 ál. út frá húsinu í norður og suður og í vestur svo sem beðið er um að síkinu (Fúlalæk)“. Ef kortið frá 1900 er athugað sést að lækurinn hefur runnið milli húsanna Lundargötu 10 og húss Snorra. Samkvæmt útmælingunni virðist húsið vera risið en byggingarleyfi finnst ekki, en það er algengt með fyrstu hús á Oddeyri. Árið 1902 var Jóhannes Thorarensen eigandi hússins, en 1916 var Hermundur Jóhannesson orðinn eigandi þess. Húsið var þá virt og sagt tvílyft íbúðarhús á lágum steingrunni með lágu risi. Við bakhlið þess var inngönguskúr. Norðan við íbúðarhúsið (var) einlyft timburhús með risi, sem notað var sem fjós og geymsla. Á baklóðinni var íbúðar- og iðnaðarhús sem talið var Gránufélagsgata 23. Árið 1922 fékk Hermundur leyfi til að setja kjallara undir húsið. Var húsinu lyft og kjallarinn steyptur undir húsið en búið var í húsinu á meðan á framkvæmdunum stóð. Eftir breytingarnar var húsið virt og þá sagt tvílyft timburhús á háum kallara. Við þessar breytingar fékk húsið það lag sem það enn hefur. Það er að mestu óbreytt en þó hafa póstar í gluggum verið fjarlægðir. Húsið er klætt utan með steinblikki en á þaki er bárujárn. Húsið virðist traust og gott hús, það er í góðri hirðu. Í því eru 4 íbúðir. Norðurgata 11 hefur varðveislugildi sem mikilvægur hluti þeirrar heildar sem byggðin við Norðurgötu er.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Reisulegt hús en ekki íburðarmikið. Gott samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur að mestu haldið formi sínu, en þó var settur kjallari undir það og því lyft, ásamt því að póstar voru fjarlægðir úr gluggum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðri hirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1926 Norðurgata 12

Fyrsti eigandi: Friðgeir Vilhjálmsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 12 suðvesturhl inngangur og götuhl/gafl



Norðurgata 12 norðvesturhl götuhl/gafl og hlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Glerskáli/Sólstofa / Ris	Tvílyft / Kvistir / Ris

Helstu breytingar:

Gluggum breytt að hluta.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1926 reisti Friðgeir Vilhjálmsson tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu með háu risi á lóðinni Norðurgötu 12. Tveimur árum síðar var leyft að setja kvist á suðurhlið. Húsið er að mestu óbreytt en þó hefur gluggum verið breytt að hluta. Í húsinu eru þrjár íbúðir. Norðurgata 12 er huti af heild sem talin er hafa varðveislugildi. Húsið er sjálft ágætt dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeið steinsteypunnar á Oddeyri. Viðhald hússins mætti vera betra og betur hefði mátt huga að sérkennum hússins við allar endurbætur á því.

Bjarki Jóhannesson: geymsluskúr á lóð byggður 1998.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús en ekki íburðarmikið. Gott samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er í eldri kantinum af húsum á Akureyri og gott dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeiði steinsteypunnar á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt að formi.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Viðhald hússins mætti vera betra.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er í eldri kantinum af húsum á Akureyri og gott dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeiði steinsteypunnar á Akureyri.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1886 Norðurgata 13

Fyrsti eigandi: Þorvaldur Guðnason
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 13 suðausturhlið - götuhlið og gafl



Norðurgata 13 norðausturhlið - götuhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

Að vestanverðu hefur norðurhluta þaks verið lyft. Einlyft viðbygging v

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1886 var Þorvaldi Guðnasyni mælt út fyrir húsi milli húsa Snorra Jónssonar og Björns Jónssonar, sem nú teljast Norðurgata 11 og 15. Ekki er til lýsing á húsinu eins og það var í upphafi, en skömmu eftir aldamót mun húsinu hafa verið lyft og gerður undir það steinkjallari, líklega um svipað leyti og kjallarinn var steyptur undir Norðurgötu 11. Árið 1916 var húsið virt til brunabóta en eigendur þess voru þá þau Gunnlaugur Gunnlaugsson og Þóra Guðnadóttir. Húsið var sagt einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi. Þakið var þá pappaklætt. Við bakhlið hússins var geymsluskúr úr timbri. Á lóðinni stóð einnig gripa- og geymsluskúr úr timbri. Húsinu hefur verið breytt lítillega síðan, þó að í megindráttum hafi það haldið lagi sínu. Að vestanverðu hefur norðurhluta þaks verið lyft. Eftir endilangri vesturhlið er einlyft viðbygging. Húsið er klætt utan með steinblikki, en á þaki er bárujárn. Norðurgata 13 er snyrtilegt hús í góðri umhirðu. Í kjallara eru enn gamlir gluggar en öðrum gluggum hefur verið breytt þannig að póstar hafa verið fjarlægðir, og hefur húsið við það misst nokkuð af svip sínum. Í húsinu er ein íbúð. Norðurgata 13 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús. Viðbygging spillir formi og kjallaragluggar eru ekki í samræmi við aðra glugga.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri. Klæðning með steinblikki er minnisvarði um frágang útveggja frá eldri tíð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Viðbygging eftir allri vesturhlið, en húsið er að öðru leyti upprunalegt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri og fellur vel inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1902 Norðurgata 15 og 15a

Fyrsti eigandi: Árni Þorgrímsson
Hönnuður: Óþekktur, annað
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 15 suðausturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 15 norðausturhlið - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Tvílyft / Útitröppur	Tvílyft / Útitröppur

Helstu breytingar:

2000 Einlyft viðbygging við norðurhlið hækkuð jafnt húsi, múrsléttuð.

Hönnuðir breytinga:

Þröstur Sigurðsson, byggingatæknifræðingur

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið Norðurgata 15 var reist árið 1902 af bræðrunum Páli og Brynjólfi Jónssonum. Það er tvískipt þannig að norður- og suðurhlutar hafa verið séreignir. Húsið er tvílyft timburhús á steinkjallara, það er klætt utan steinblikki og bárujárni á þaki. Við suðurhlið er einlyft viðbygging með flötu þaki, reist árið 1945. Suður- og vesturhliðar hennar eru steinsteyptar. Gluggar eru enn með krosspóstum en rammar hafa verið teknir burt. Húsið virðist að mestu leyti í góðri umhirðu. Í því eru tvær íbúðir. Viðbygging að sunnan er til lýta. Norðurgata 15 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Bjarki Jóhannesson: 2000. Einlyft viðbygging við suðurhlið hefur verið hækkuð í tvær hæðir og þak framlengt, þannig að húsið er nú ein heild. Gaflinn á viðbyggingunni er múrsléttaður. Hönnuður Þröstur Sigurðsson byggingartæknifræðingur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús. Form og gluggar í góðu samræmi. Viðbygging sem getið er í húsaskrá 1995 virðist hafa verið fjarlægð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Litlar breytingar virðast hafa verið gerðar á húsinu. Viðbygging sem getið er í húsaskrá 1995 virðist hafa verið fjarlægð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri og fellur vel inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1926 Norðurgata 16

Fyrsti eigandi: Jóhann Þórðarson og Aðalsteinn Sigurðsson
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 16 suðvesturhlið - gafl og langhlið



Norðurgata 16 norðvesturhlið - langhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Tvílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reistu þeir Jóhann Þórðarson og Aðalsteinn Sigurðsson árið 1926 eftir teikningu Sveinbjarnar Jónssonar. Það er tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á kjallara með söðulþaki. (Á teikningum Sveinbjarnar var þó gert ráð fyrir valmaþaki.) Húsinu er skipt í austur- og vesturhluta. Það virðist ekki vera í góðri umhirðu, veggir eru allsprungnir og gluggum hefur verið breytt frá fyrstu gerð. Í húsinu eru 4 íbúðir. Norðurgata 16 stendur í húsaröð sem talin er hafa varðveislugildi. Húsið er þó mun stærra en önnur hús í röðinni og þótt það sé um margt áhugavert og sékennilegt hús, þá verður það ekki til þess að styrkja heildina. Ástæða er til þess að hlúa að þessu húsi og halda því sem best við í samræmi við upphaflega gerð þess.

Bjarki Jóhannesson: Á húsinu er nú valmaþak.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Reisulegt hús, en mikill klumpur. Gott samræmi er þó í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er í eldri kantinum af húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í umhverfið sökum stærðar sinnar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt nema gluggapóstar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Veggir hafa verið lagaðir frá skráningu 1995.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið fellur illa inn í umhverfið sökum stærðar sinnar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1882 Norðurgata 17

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Einarsson og Björn Jónsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinhlaðin hús

Upphafleg notkun: / Prentsmiðja, skrifstofa, setjarastofa og íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 17 suðausturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 17 norðausturhlið - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Hlaðið, tilhöggvið grjót,	Hlaðið, tilhöggvið grjót,
Útveggir:	Ómúrað	Ómúrað
Þakgerð:	Mænisþak, en einhalla á	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti
Útlit:	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson (útdráttur): Árið 1884 fór Þorsteinn Einarsson niðursuðumaður fram á það við Gránufélagið að fá keypta lóð undir steinhús, sem hann hafði þá byggt. Ári síðar fengu þeir Þorsteinn og Björn Jónsson lóðina keypta og er þá tekið fram að Þorsteinn eigi suðurhluta en Björn norðurpart húss sem þeir hafi þegar reist. Húsin eru í raun tvö, norður- og suðurhluti, hvort um sig sérstakt hús og ekki byggð samtímis. Hús Þorsteins er byggt 1882 en hús Björns tveim árum síðar. Þorsteinn Einarsson, blikksmiður og niðursuðumaður, sá er reisti syðri hluta hússins sem eldri er, rak niðursuðuverksmiðju í Lundi frá 1880. Hann flutti úr bænum 1886 og eignaðist Gránufélagið þá húsið. Síðari eigendur voru Hinar sameinuðu íslensku verslanir og Ragnar Ólafsson. Björn Jónsson prentari og ritstjóri átti norðurhluta hússins, sem jafnan var nefnt „stóra steinhús“. Björn bjó a efri hæð hússins, en á neðri hæð var prentsmiðja hans. Björn gaf út blaðið Fróða á árunum 1880-1887. Helgi sonur hans tók við rekstri prentsmiðjunnar af föður sínum, en prentsmiðjan var í húsinu við Norðurgötu fram yfir 1940. Hús Björns Jónssonar var sagt tvílyft steinhús á háum kjallara, með háu risi. Á neðri hæð var prentsmiðja, skrifstofa og setjarastofa. Á efri hæð var íbúð, en á lofti geymsluherbergi. Við norðurenda hússins var geymsluskúr. Þakið var pappaklætt. Syðra húsið var þá eign Hinna sameinuðu íslensku verslana. Það var sagt tvílyft íbúðarhús úr steini, á kjallara, með lágu risi. Við suðurgafl voru tröppur og skúr. Þakið var klætt pappa. Viðgerð á húsinu er í undirbúningi. ... Í húsinu eru nú fjórar íbúðir. Norðurgata 17 var friðað í B-flokki samkvæmt þjóðminjalögum árið 1982 að ósk bæjarstjórnar Akureyrar. Norðurgata 17 er eina húsið á Oddeyrinni og líklega eina húsið á allri Akureyri, sem hlaðið er úr blágrýti, það er eina hús bæjarins sem byggt er með þessari tækni, þ,e, með veggi hlaðna úr grjóti, bundið saman með kalkmúr og fyllt í rifur að utan með sementsmúr. Þessa veggjagerð er hægt að rekja til Hegningarhússins í Reykjavík sem byggt var árið 1874 en aðferðin var þróuð áfram og fullyrða má að bygging Alþingishússins 1881 hafi hleypt lífi í steinhúsasmíð víða um land. Af steinhúsasmíðinni þróaðist steypuhúsagerð. Fyrst úr steyptum hleðslusteini, síðar með mótasteypu. Norðurgata 17 er líklega eini hlekkur þessarar þróunarkeðju, sem finna má á Akureyri. Fullyrða má að Norðurgata 17 getur orðið mjög fallegt á að líta ef gert verður við húsið af natni og umhyggjusemi. Menningarsögulegt gildi hússins er mikið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið ber þess merki að hafa upphaflega verið tvö hús, en samræmi í formi og gluggasetningu hvors um sig
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er vagga prentiðnar á Akureyri. Það er sérstætt þar sem það er eina húsið á Akureyri sem er hlaðið úr grjóti, bundið saman með kalkmúr og fyllt í rifur að utan með sementsmúr
Umhverfisgildi:	Hátt	Þó svo að húsið sé frábrugðið aðliggjandi húsum er það hér metið falla þokkalega inn í aðliggjandi húsaröð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Upphaflega var hér um tvö hús að ræða, en virðast hafa haldist lítið breytt eftir það.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið þarfnast viðgerðar.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðlýst.
Verndarflokkar:	Friðlýst hús - blár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1920 Norðurgata 19

Fyrsti eigandi: Árni Þorgrímsson
Hönnuður: Óþekktur,
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Norðurgata 19 suðausturhlið - framhlið og gafl



Norðurgata 19 norðausturhlið framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris

Helstu breytingar:

Tvílyft við bygging við vesturhlið.
Póstar teknir úr gluggum á neðri hæð.

Hönnuðir breytinga:

Bjarni Reykjalín, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1920 fékk Árni Þorgrímsson leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Svo virðist að leyft hafi verið að reisa aðeins eina hæð í bili. Þá er Árna einnig heimilað að reisa geymsluskúr til bráðabirgða. Húsið var virt til brunabóta árið 1922 og var þá einlyft með lágu risi á lágum grunni. Árið 1931 var Ingólfi Kristjánssyni leyft að hækka húsið um eina hæð, og hefur það þá fengið það útlit sem það enn hefur. Það er byggt samkvæmt teikningum Halldórs Halldórssonar. Norðurgata 19 er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með háu risi. Reyndar liggur gólf neðri hæðarinnar líklega neðar en gangstéttin meðfram húsinu og orkar því tvímælis að segja húsið tvílyft. Sennilegt er hins vegar að gangstéttin hafi hækkað með árunum. Við vesturhlið hússins er tvílyft viðbygging með hallandi þaki. Gamlir gluggar eru enn í gluggum á efri hæð, en á þeirri neðri hafa póstar verið teknir burt. Í húsinu eru tvær íbúðir. Norðurgata 19 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Bjarki Jóhannesson: Útlitsbreyting, kvistur og breyting á gluggapóstum, hönnuður Bjarni Reykjalín.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús, form í lagi nema hvað viðbygging spillir því. Gluggasetning er tilviljunarkennd.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel að umhverfi sínu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur verið hækkað og byggt við það, póstar teknir úr gluggum á jarðhæð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í þokkalegu standi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri. Einfalt hús sem fellur vel að umhverfi sínu, en mikið breytt.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Þó svo að húsið hafi visst menningarlegt gildi fær það tæplega hærri einkunn.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1931 Gránufélagsgata 12

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Halldór Halldórsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Gránufélagsgata 12 norðvesturhlið - framhlið



Gránufélagsgata 12 norðausturhlið - framhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Ris / Útitröppur	Tvílyft / Ris / Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið er byggt 1931. Hönnuður Halldór Halldórsson. Engar skráðar breytingar. - Húsið er ekki með í húsaskráningu 1995.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt og stílhreint hús, form og gluggasetning í góðu samræmi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er í eldri kanti húsa á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Lítið eða ekkert breytt nema hugsanlega gluggapóstar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Reisulegt og stílhreint hús í eldri kanti húsa á Akureyri og fellur vel inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1926 Gránufélagsgata 16

Fyrsti eigandi: Sigríður Þorláksdóttir og Jónína Jónsóttir
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 16 norðvesturhlið - framhl og gafl



Gránufélagsgata 16 suðvesturhlið - bakhl og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur

Helstu breytingar:

Gluggum hefur verið breytt.

Hönnuðir breytinga:

Gústav Jónasson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðin er byggð úr lóðinni Grundargata 6. Fyrsta húsið sem reis á lóðinni var peningshús sem Ásgrímur Pétursson reisti árið 1915. Húsið var reist að lóðamörkum Grundargötu 6 og þar var því eldvarnarveggur. Guðrún Jónsdóttir fékk leyfi til að breyta því í íbúðarhús árið 1922. Ekki stóð það hús þó lengi því árið 1925 fengu þær Sigríður Þorláksdóttir og Jónína Jónsóttir leyfi til að byggja nýtt hús á lóðinni. Húsið var virt nýbyggt árið 1926. Það var sagt tveggja hæða íbúðarhús á lágum grunni, með lágu risi, steinsteypt með járni á þaki. Húsið virðist að mestu óbreytt. Gluggum hefur að vísu verið breytt, en annars er húsinu vel við haldið. Í húsinu eru tvær íbúðir. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðinni á Oddeyri.

Bjarki Jóhannesson: Húsin nr. 16 og 18 eru tengd með einlyftri st[illegible]ubyggingu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús, en þokkalegt samræmi í formi og gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt nema gluggapóstar
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri fellur vel inn í umhverfi sitt og lítið breytt.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1906 Gránufélagsgata 18

Fyrsti eigandi: Ólafur Árnason
Hönnuður: Upprunalegur hönnuður óþekktur. Viðbygging 1943 Gústav Jónasson.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 18 norðausturhlið - götuhlið



Gránufélagsgata 18 norðurhlið - götuhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Stálplötur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

1943 Inngönguskúr og tröppu við austurgafl bætt við. Bílgeymslu bætt við.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1906 reisti Ólafur Árnason hús sunnan Gránufélagsgötu. Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara, með portbyggðu risi. Samkvæmt virðingu frá árinu 1916 var þá járn á þaki. Húsið er nú múrhúðað að hluta, en klætt tjörupappa á suðurhlið. Við vesturgafl er einlyft viðbygging úr steinsteypu, sem tengir húsið við Gránufélagsgötu 16, reist sem sölubúð. Við austurgafl er inngönguskúr og tröppur. Í húsinu er ein íbúð. Austan við húsið stendur bílskúr að lóðamörkum. Eins og fyrr segir eru húsin nr. 16 og 18 tengd með einlyftri steypubyggingu og er samstæða þessi nokkuð sérkennileg. Húsið virðist í þokkalegu ásigkomulagi. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Aths. Bjarki Jóhannesson: Umrædd viðbygging var byggð árið 1943, hönnuður Gústav Jónasson.
Húsin nr. 16 og 18 eru tengd með einlyftri steypubyggingu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús, en þokkalegt samræmi í formi og gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt
Upprunalegt gildi:	Lágt	Viðbygging breytir húsinu mikið
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er með eldri húsum á Akureyri fellur vel inn í umhverfi sitt og fær þessa einkunn þrátt fyrir að viðbygging breyti því mikið.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1925 Gránufélagsgata 19

Fyrsti eigandi: Jónasína Þorsteinsdóttir
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 19 suðvesturhlið - framhlið og gafl



Gránufélagsgata 19 norðvesturhlið - bakhl og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Ris / Kjallari	Tvílyft / Ris / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reisti Jónasína Þorsteinsdóttir árið 1925. Það er tvílyft steinsteypuhús á kjallara. Þegar húsið var virt nýbyggt árið 1926 var það sagt vera íbúðarhús, tvær hæðir á háum grunni með lágu risi. Þakið var járnklætt. Húsið hefur haldist óbreytt að mestu. Gluggar eru enn með póstum en gluggaramma vantar. Viðhaldi er nokkuð ábótavant, og eru veggir nokkuð sprungnir. Í húsinu eru tvær íbúðir. Varðveislugildi hússins felst einkum í nálægð þess við byggðina við Lundargötu.

Aths. Bjarki Jóhannesson: Árið 2016 var húsið gert mjög myndarlega upp, en engar breytingar gerðar á því.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt hús. Gluggasetning og form í góðu samræmi, fyrir utan viðbyggingu við norðurhlið, en hún spillir ekki miklu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið aftan við húsið
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýuppgert
Varðveislugildi:	Hátt	Reisulegt og stílhreint hús í eldri kanti húsa á Akureyri og fellur vel inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1908 Gránufélagsgata 20

Fyrsti eigandi: Anna og Kristín Kristbjarnardætur.
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 20 norðausturhlið - framhlið og gafl



Gránufélagsgata 20 norðvesturhlið - framhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Járnklætt, múrsl norðan
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

Árið 1924 var húsið stækkað og byggð tvílyft viðbygging vestan við það

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið létu þær Anna og Kristbjörg Kristbjarnardætur reisa árið 1908. Samkvæmt virðingu frá 1916 var það einlyft timburnús á háum kjallara, með lágu risi, og járnklæddu þaki. Á teikningu sést að inngangur hefur verið á miðri framhlið. Árið 1924 var húsið stækkað og byggð tvílyft viðbygging vestan við það. - Í virðingu eftir þá breytingu kemur fram að húsið er steinsteypt á þrjá vegu, en sú fjórða er járnklædd. - Húsið hefur haldið því lagi sem það fékk árið 1927. Austurhlutinn, sá eldri, er úr timbri, en þó virðist framhliðin, norðurhlið, vera steinsteypt frekar en múrhúðuð. Austur- og vesturhliðar eru járnklæddar. Þakið er járnklætt og tveir kvistir hvorum megin. Við suðurhlið eru tröppur og einnig á versturgafli. Húsið er í góðri umhirðu. Í því eru fjórar íbúðir. - Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Einlyft, en árið 1924 var húsið stækkað og byggð tvílyft viðbygging vestan við það /

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Tvílyft viðbygging spillir formi hússins algjörlega
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Þrátt fyrir viðbyggingu fellur húsið sæmilega að umhverfi sínu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðri umhirðu
Varðveislugildi:	Miðlungs	Viðbygging spillir útliti hússins, en það er með elstu húsum á Akureyri og fellur húsið sæmilega að umhverfi sínu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1919 Gránufélagsgata 21

Fyrsti eigandi: Gunnar Guðlaugsson
Hönnuður: Guðmundur Gunnarsson
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 21 suðvesturhlið götuhlið og



Gránufélagsgata 21 norðausturhlið bakhlið og

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Kalksléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak sem lyft hefur
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Ris; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

1927 Skúr byggður við stafn.
Viðbótarbygging úr timbri á kjallara.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið Gránufélagsgata 21 er byggt upp úr geymsluhúsi sem Gunnar Guðlaugsson trésmiður átti og stóð á baklóð Lundargötu 10. Árið 1919 var honum leyft að byggja geymsluhús upp úr pakkhúsi á baklóð hússins Lundargötu 10. Húsið var úr timbri, á kjallara, einlyft með risi. Í því var einnig eitt íbúðarherbergi. Það stóð austan við íbúðarhús Gunnars, Lundargötu 10. Er húsið var virt til brunabóta árið 1922 var það einlyft timburhús á háum kjallara með lágu risi. Við stafn var skúr. Þak var pappaklætt. Enn virðist hafa verið byggt við húsið af nýjum eigendum. Árið 1923 var L. Rasmussen synjað um að fá að setja glugga á kjallara, þar sem ekki var talið að styrkleiki hússins leyfði það. Sama ár fékk Guðrún Funck-Rasmussen ljósmyndari leyfi til að breyta húsinu í “atelier“ eða ljósmyndastofu. Fjórum árum síðar, 1927, fékk Guðrún leyfi til að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á kjallara. Eftir þessar breytingar var húsið enn virt og þá sagt einlyft timburhús á háum kjallara, með háu risi. Á lofti er þá ljósmyndasalur. Veggir hússins voru úr timbri og steini og er sennilegt að það hafi verið klætt með steinskífu. Húsið er í dag múrhúðað timburhús, einlyft á háum kjallara með háu risi. Þak er járnklætt, á suðurhlið er kvistur og norðanmegin hefur þaki verið lyft að hluta. Suðvesturhorn hússins er sneitt og við vesturgafl eru steintröppur. Húsinu er þokkalega viðhaldið. Í því er ein íbúð. Gránufélagsgata 21 hefur varðveislugildi sem hluti af götumyndinni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Þaklyfting og kvistur spilla mjög formi hússins
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Þrátt fyrir viðbyggingu fellur húsið vel inn í umhverfi sitt, a.m.k. frá götu séð
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar breytingar
Tæknilegt ástand:	Lágt	Múrhúð er ekki vel sett á
Varðveislugildi:	Miðlungs	Viðbygging spillir útliti hússins, en það er með eldri húsum á Akureyri og fellur húsið sæmilega að umhverfi sínu.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1923 Gránufélagsgata 22

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 22 norðausturhlið - götuhl og inng.



Gránufélagsgata 22 suðvesturhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Veggir eru steinsteyptir,	Veggir eru steinsteyptir,
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Annað	Valmaþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Svalir; Útitröppur	Tvílyft; Svalir; Útitröppur

Helstu breytingar:

Sett hefur verið valmaþak á húsið.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt 1923. Hönnuður Ólafur Ágústsson. Sett hefur verið lágt valmaþak á íbúðarhúsið. Hönnuður þess er ókunnur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er mjög ósamstætt að formi og hlutföllum. Án viðbyggingar væri það í lagi, en sem heild ekki í lagi
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er mjög ósamstætt að formi og hlutföllum. Án viðbyggingar væri það í lagi, en sem heild ekki í lagi
Upprunalegt gildi:	Lágt	Viðbyggingin kom tveimur árum eftir að húsið var reist, og valmaþakið á hana seinna. Breytingarnar falla mjög illa að upprunalegri gerð hússins.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Götuhliðar hússins eru illa sprungnar og viðgerð óvönduð
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er mjög ósamstætt að formi og hlutföllum, mikið breytt. Það er í algjöru ósamræmi við aðliggjandi byggð og í slæmu ásigkomulagi.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1934 Gránufélagsgata 23

Fyrsti eigandi: Hermundur Jóhannesson
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson. Viðbygging 1976 Aðalsteinn V. Júlíusson

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 23 suðvesturhlið - götuhlið og



Gránufélagsgata 23 suðausturhlið - götuhlið og

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:		kvarts og
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Útskot (karnap)

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
1948	Viðbygging til norðurs 1948 og tvílyft viðbygging austan við húsið	Óþekktur
1976	Viðbygging til norðurs hækkuð	Aðalsteinn Júlíusson
1992	Byggt ofan á svalir	Mikael Jóhannesson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið er reist á baklóð Norðurgötu 11, en þar stóð áður gamalt verkstæðishús sem Snorri Jónsson járnsmiður reisti. Hermundur Jóhannesson smiður eignaðist hús Snorra og hafði verkstæði sitt í bakhúsinu. Hermundur fékk leyfi fyrir nýju húsi á þessari lóð árið 1927 en það var aldrei byggt. Nú stendur á lóðinni hús byggt árið 1934 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Það er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni með lágu skúrþaki. Það er byggt að lóðarmörkum til norðurs. Gránufélagsgata 23 er engu öðru húsi á Oddeyri líkt. Mjög sérkennileg er múrhúð hússins, sem er blanda kvarts og hrafntinnumulnings. Slík múrhúð var fyrst sett á Þjóðleikhúsið í Reykjavík árið 1933 og var þá nýlunda. Steinn Steinsen verkfræðingur var einn margra ráðgjafa við byggingu Þjóðleikhússins og annaðist hann burðarþolsútreikninga og járnateikningar þess. Steinn teiknaði einnig járn í Gránufélagsgötu 23 og enda þótt teikningar hússins séu undirritaðar af Tryggva Jónatanssyni þá liggur beint við að ætla að Steinn hafi borið með sér áhrif frá Þjóðleikhússbyggingunni. Það er ekki einungis múrhúðin sem gerð er að fyrirmynd Þjóðleikhússins, heldur draga vissir drættir í útliti hússins einnig dám af því. Húsið hefur tvívegis verið stækkað. Árið 1948 var gerð einlyft viðbygging til norðurs sem var hækkuð árið 1976. Samtímis var byggð tvílyft viðbygging austan við húsið. Ekki hefur enn verið gengið frá viðbyggingunni að utan. Húsið er nú í eigu Jóhannesar Hermundssonar og rekur hann þar líkkistuvinnustofu á neðri hæðinni en íbúð er á þeirri efri. Gránufélagsgata 23 er frábrugðið næstu húsum og er ekki hluti af varðveisluverðri heild. Viðbyggingin austan við húsið er ófrágengin að utan og því til lýta og hún hefur raskað samhverfu upphaflega hússins. Húsið er engu að síður mjög sérstakt og hefur nokkuð gildi af þeim sökum.

Bjarki Jóhannesson: Hönnuður viðbyggingar 1976 er Aðalsteinn Júlíusson. Árið 1992 var byggt ofan á svalir, hönnuður Mikael Jóhannesson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er mjög sérstakt og hefur nokkuð gildi af þeim sökum. Vöbygging spillir og ekki er hægt að telja það til góðrar byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Lítið um það að segja
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er frábrugðið næstu húsum en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar breytingar
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í þokkalegu standi
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið telst ekki hafa neitt listrænt eða menningarsögulegt gildi en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 2004 Gránufélagsgata 26

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ágúst Hafsteinsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 26 suðausturhlið - götuhlið og



Gránufélagsgata 26 norðvesturhlið - bakhlið og

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Svalir	Tvílyft; Svalir

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt 2004. Hönnuður Ágúst Hafsteinsson. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Engin tilþrif í formi og gluggasetning tilviljunarkennd.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur ágætlega inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið fellur ágætlega inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1925 Gránufélagsgata 27

Fyrsti eigandi: Jóhannes Júliníusarson
Hönnuður: Magnús Bjarnason
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 27 suðvesturhlið - götuhl og gafl



Gránufélagsgata 27 suðausturhlið - götuhl og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Geiraris	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Útitröppur	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Ris / Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1925 reisti Jóhannes Júliníusson íbúðarhús við Gránufélagsgötu eftir teikningu Magnúsar Bjarnasonar. Þegar byggingarleyfi var veitt var tekið fram að húsið stæði þar sem áður hafi átt að vera opið svæði. Þeim áformum hafði verið breytt og skipulagnefnd lagði til að byggingarleyfið yrði veitt. Húsið var virt árið 1927 og var þá einlyft með porti og risi á háum kjallara. Húsið er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með háu risi. Þakið er járnklætt og við norðurhlið er inngönguskúr. Í húsinu eru tvær íbúðir. Gránufélagsgata 27 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Reisulegt og stílhreint hús, form og gluggasetning í góðu samræmi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er í eldri kanti húsa á Akureyri.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt
Upprunalegt gildi:	Hátt	Lítið eða ekkert breytt nema hugsanlega inngönguskúr.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi
Varðveislugildi:	Hátt	Reisulegt og stílhreint hús í eldri kanti húsa á Akureyri. Húsið fellur vel inn í umhverfi sitt og er lítið eða ekkert breytt.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 2004 Gránufélagsgata 28

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ágúst Hafsteinsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 28 suðausturhlið - götuhl og gafl



Gránufélagsgata 28 austurhlið - gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Svalir / Kjallari	Tvílyft; Svalir; Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt 2004. Hönnuður Ágúst Hafsteinsson. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Engin tilþrif í formi og gluggasetning tilviljunarkennd.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur ágætlega inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlega byggt og í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið fellur ágætlega inn í umhverfi sitt.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1917 Gránufélagsgata 29

Fyrsti eigandi: Aðalsteinn Þórðarson og Jónas Hallgrímsson
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 29 suðausturhlið - götuhl og gafl



Gránufélagsgata 29 norðvesturhlið - bakhl og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Pappi	Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Pappi	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Inngönguskúr (bíslag) / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1917 var Aðalsteini Þórðarsyni og Jónasi Hallgrímssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sem þeir fengu á leigu hjá Hinum sameinuðu íslensku verslunum. Húsið var virt nýbyggt og var þá einlyft timburhús á kjallara með portbyggðu risi. Að utan voru veggir og þak klætt með pappa. Árið 1924 var þáverandi eigendum leyft að lengja skúr við austurhlið hússins. Ári síðar er húsið virt að nýju og þá tekið fram að þar hafi verið gerðar endurbætur og breytingar. Húsið er þá á háum kjallara og á þaki er járn. Að öðru leyti er það eins og áður, en ekki er getið um skúrinn við austurhlið. Sennilegt er að kjallari hússins hafi verið hækkaður. Húsið er að mestu óbreytt frá þessari virðingu, en hefur þó verið klætt utan með steinblikki og gluggum hefur verið breytt. Kjallaraveggir eru mjög þykkir og standa út fyrir húsið. Húsið er vel hirt. Í því er ein íbúð. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús . Viðbygging spillir formi þess en þó ekki mikið þar sem hún er lítil.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er stakstætt og ekki í samhengi við aðra byggð en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild
Upprunalegt gildi:	Lágt	Viðbygging er úr samræmi við húsið að öðru leiti
Tæknilegt ástand:	Lágt	Kjallaraveggir sprungnir og þakjárn þarfnast yfirferðar
Varðveislugildi:	Miðlungs	Einfalt hús, en með eldri húsum á Akureyri. Viðbygging er úr samræmi við húsið en húsið en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 2003 Gránufélagsgata 31

Fyrsti eigandi: Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Haraldur S. Árnason, byggingatæknifræðingur Núverandi notkun:
Upphaflegur byggingarstíll:



Gránufélagsgata 31 suðausturhlið - götuhlið og



Gránufélagsgata 31 norðausturhl - bakhl/ gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft; Ris; Svalir	Tvílyft; Ris; Svalir

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt 2003. Hönnuður Haraldur S. Árnason. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Engin tilþrif í formi og gluggasetning tilviljunarkennd.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í götumyndina.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er enn ófrágengið að utan árið 2020.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í götumyndina og engin tilþrif í formi eða gluggasetningu.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Hinrik Pétursson
Hönnuður: Tryggvi Jónatansson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 33 suðvesturhlið - götuhl og gafl



Gránufélagsgata 33 norðvesturhlið - bakhl og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:		Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Geiraris
Þakklæðning:	Pappi	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Viðbygging

Helstu breytingar:

Viðbygging 1933, hækkuð 1941. Nýir gluggar, húsið klætt með steináferð.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reisti Hinrik Pétursson árið 1915. Húsið var virt nýbyggt og þá lýst sem einlyftu steinsteypuhúsi með portbyggðu, háu risi og kvisti. Þakið var pappaklætt. Húsið var virt eftir breytingar 1926, en þá var byggt geymslu- og gripahús, áfast við íbúðarhúsið að norðaustanverðu. Húsið var enn stækkað árið 1933, þegar byggð var einlyft viðbygging norður úr húsinu. Sú viðbygging var hækkuð árið 1941. Í húsinu er ein íbúð. Húsið hefur hlotið gagngerar endurbætur að undanförnu. Settir hafa verið í það nýir gluggar með krosspóstum. Á vesturhlið byggingar frá 1933-41 hefur verið sett ný hurð. Húsið hefur verið klætt utan með klæðningu með steináferð. Inngangi sem var á vesturstafni hússins hefur verið lokað og gluggi settur í staðinn. Húsið hefur verið merkt að utan „Hinrikshús 1917“. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús en mikið ósamræmi í formi. Viðbygging spillir formi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er stakstætt og ekki í samhengi við aðra byggð, en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild
Upprunalegt gildi:	Lágt	Viðbygging er úr samræmi við húsið að öðru leiti
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu virðist þokkalega við haldið
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri, Húsið er stakstætt og ekki í samhengi við aðra byggð, en fellur innan svæðis sem er metið sem varðveisluverð heild. Viðbygging spillir formi þess.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1923 Gránufélagsgata 35

Fyrsti eigandi: Óþekktur
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: / Óþekkt á fyrri stað
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 35 suðvesturhl - götuhlið og gafl



Gránufélagsgata 35 suðurhl – götuhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Óþekkt á fyrri stað	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris	Einlyft; Kvistir; Ris

Helstu breytingar:

Kvistur hugsanlega ekki upphaflegur.
Húsið klætt steinblikki.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Á lóðinni stendur hús, sem reist var sem hjallur við Norðurpólinn, Gránufélagsgötu 57 árið 1923. Það var flutt á núverandi stað um 1970. Húsið er einlyft timburhús á lágum grunni, fram úr suðurhlið gengur kvistur sem stendur á stólpum og gefur þessi útbygging húsinu sérstakan svip. Við norðurhlið er skúrbygging. Húsið er klætt steinblikki. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt hús, Viðbygging og kvistur spilla formi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er stakstætt og ekki í samhengi við aðra byggð
Upprunalegt gildi:	Lágt	Flutt á lóðina árið 1970
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu virðist þokkalega við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er með eldri húsum á Akureyri, en stakstætt og viðbygging spillir formi þess.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1999 Gránufélagsgata 37

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Tryggvi Tryggvason og Þröstur Sigurðsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 37 suðausturhlið - götuhl og hlið



Gránufélagsgata 37 suðvesturhlið - bakhl og hlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Steining, skeljasandur	
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Svalir / Útitröppur	Tvílyft; Svalir; Útitröppur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt 1999. Hönnuðir Tryggvi Tryggvason og Þröstur Sigurðsson. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Visst samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Nýlegt hús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu samræmi við húsaröð til norðurs við Eiðsvallagötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Nýlegt hús í þokkalegu samræmi við húsaröð til norðurs.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1928 Gránufélagsgata 39

Fyrsti eigandi: Jón Kristjánsson
Hönnuður: Halldór Halldórsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 39-41-41a suðvhl-götuhl & hl



Gránufélagsgata 39-41-41a suðahl-götuhl & hl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Þrílyft / Kvistir / Ris	Þrílyft / Kvistir / Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsin eru þrjú og sambyggð og mynda eina heild og verður því fjallað um þau sem eitt hús. Þau voru reist árið 1928, eftir teikningu Halldórs Halldórssonar. Vestari hlutann, nr. 39 og 41A reisti Jón Kristjánsson ökumaður en eystri hlutann nr. 41, Steinþór Baldvinsson skipasmiður. Húsið er þrílyft úr steinsteypu. Við norðurhlið þess eru geymsluskúrar. Þakið er járnklætt með valma og á norður- og suðurhliðum eru kvistir. Húsið er un stærra en flest húsin í nágrenninu og því töluvert ráðandi í umhverfinu. Í húsinu eru 7 íbúðir, 3 í hvorum enda 39 og 41, og ein í miðhlutanum 41A. Þegar byggingarleyfi var veitt fyrir austasta húsinu var tekið fram að það stæði á hornlóð vestan við torgið norður af Grundargötu. Samkvæmt skipulaginu frá 1927 var gert ráð fyrir torgi eða opnu svæði við enda Grundargötu. Norðan við Gránufélagsgötu var gert ráð fyrir randbyggingum bæði til vesturs og austurs frá torginu. Húsin sitt hvoru megin við torgið bera þess merki að þau áttu að standa við torg. Á þeim hliðum sem snúa að torginu er valmi á þaki. Húsin Gránufélagsgata 39 - 43 eru frábrugðin næstu húsum að gerð. Sérstaða þeirra felst m.a. í því að þau eru reist í anda skipulagsins frá 1927 og æskilegt er að ummerki þess skipulags sjáist í framtíðinni. Húsaröðin við Gránufélagsgötu eru skýrasta dæmi um áform um þá umbyltingu sem áformuð var á byggðinni á Oddeyri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er nokkuð stórt og klossað fyrir sitt form, en gott samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er dæmi um áformaða umbyltingu á byggðinni á Oddeyri, en sem betur fer varð ekkert úr þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í umhverfið stærðar sinnar vegna
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið eða ekkert breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1928 Gránufélagsgata 41a

Fyrsti eigandi: Jón Kristjánsson
Hönnuður: Halldór Halldórsson
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 39-41-41a suðvhl-götuhl & hl



Gránufélagsgata 39-41-41a suðahl-götuhl & hl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Þrílyft; Kvistir; Ris	Þrílyft / Kvistir / Ris / Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsin Gránufélagsgata 39, 41a og 41 eru þrjú og sambyggð, og í húsaskrá 1995 er fjallað um þau sem eina heild. Sjá umfjöllun um Gránufélagsgötu 39.
Húsið er byggt 1928. Hönnuður Halldór Halldórsson. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er nokkuð stórt og klossað fyrir sitt form, en gott samræmi í formi og gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er dæmi um áformaða umbyltingu á byggðinni á Oddeyri, sem betur fer varð ekkert úr þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í umhverfið stærðar sinnar vegna
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið eða ekkert breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1928 Gránufélagsgata 41

Fyrsti eigandi: Steinþór Baldvinsson
Hönnuður: Halldór Halldórsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 39-41-41a suðvhl-götuhl & hl



Gránufélagsgata 39-41-41a suðahl-götuhl & hl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Þrílyft; Kvistir; Ris	Þrílyft; Kvistir; Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsin Gránufélagsgata 39, 41a og 41 eru þrjú og sambyggð, og í húsaskrá 1995 er fjallað um þau sem eina heild. Sjá umfjöllun um Gránufélagsgötu 39.
Húsið er byggt 1928. Hönnuður Halldór Halldórsson. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er nokkuð stórt og klossað fyrir sitt form, en gott samræmi í formi og gluggasetningu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er dæmi um áformaða umbyltingu á byggðinni á Oddeyri, sem betur fer varð ekkert úr þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í umhverfið stærðar sinnar vegna
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið eða ekkert breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jón Stefánsson Vopni og Óskar Jónsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gránufélagsgata 43 suðvesturhlið-götuhlið og hlið



Gránufélagsgata 43 suðausturhlið-götuhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Valmaþak að vestan, en	Valmaþak að vestan, en
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Þrílyft / Kvistir / Ris	Þrílyft / Kvistir / Ris

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Húsið reistu þeir Jón Stefánsson Vopni og Óskar Jónsson. Það er reist samkvæmt skipulaginu frá 1927, sem fyrsti hluti randbyggingar austur með götunni. Húsið er við austurenda torgsins sem ráðgert var við enda Grundargötu. Það ber þess merki að hafa verið reist sem hluti af stærri byggingu því við austurgafl er eldvarnarveggur. Húsið er þrílyft úr steinsteypu, með risi og 2 kvistum á suðurhlið. Það er sneitt að vestan. Í húsinu eru þrjár íbúðir. Um varðveislugildi þessa húss gildir hið sama og um húsin hér á undan. Þessi hús hafa varðveislugildi sem skýr dæmi um skipulagshugmyndina frá 1927, þ.e. viðhorf og hugmyndir þriðja áratugarins um framtíðarmótun byggðar. Gildi þeirra gæti jafnframt aukist ef byggt yrði við þau. Vopnahúsið er aðeins hluti af heild, hálfbyggt hús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er nokkuð stórt og klossað fyrir sitt form, en þokkalegt samræmi í formi fyrir utan að húsið er hálfbyggt
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, sem betur varð ekkert úr þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fellur illa inn í umhverfi sitt stærðar sinnar vegna
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið eða ekkert breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu virðist vera vel við haldið
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er minnisvarði um fremur stórtækt skipulag frá 1927, en sem betur fer voru ekki mörg hús byggð eftir því þar sem húsið fellur illa að smágerðu byggðamynstri Oddeyrarinnar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Akureyrarkaupstaður
Hönnuður: Verkfræðistofan Hnit JGG
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: / Leikskóli
Núverandi notkun: Leikskóli



Iðavöllur suðurhlið götuhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur	Timbur		
Útveggir:	Plastklæðning	Plast		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Slétt járn	Slétt járn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Húsið var byggt 2001. Hönnuður Rafhönnun. Í húsinu er leikskóli. Engar skráðar breytingar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einfalt hús en allgott samræmi í formi og gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekkert.
Umhverfisgildi:	Lágt	Ekkert. Stakstæður leikskóli.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Virðist vera óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Virðist vera í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Einfalt hús en allgott samræmi í formi og gluggasetningu.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1924 Grundargata 1

Fyrsti eigandi: Ólafur Ágústsson
Hönnuður: Ólafur Ágústsson, húsgagnasmiður
Upphaflegur byggingarstíll: / Steinsteypt byggt í

Upphafleg notkun: / Verkstæði
Núverandi notkun: Íbúð



Grundargata 1 norðausturhlið, götuhlið og gafl



Grundargata 1 suðurhluti, austurhlið-götuhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak og slétt þak
Þakklæðning:		Mótað stál skífulaga
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris	Einlyft / Kvistir / Ris / Viðbygging

Helstu breytingar:

Viðbyggingar 1928 og 1944. Veggir hækkaðir og kvistur á vesturhlið 1984.

Hönnuðir breytinga:

Fanney Hauksdóttir, arkitekt

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Lóðin er byggð út frá lóðinni Strandgötu 33, þar sem Hótel Oddeyri stóð. Meðfram Grundargötu stóð tvílyft viðbygging við hótelið, sem brann með því árið 1908. Ekki var aftur byggt á lóðinni fyrr en 1924 er Ólafur Ágústsson húsgagnasmiður reisti þar trésmíðaverkstæði. Ólafur byggði um sama leyti hús á lóðinni við Strandgötu (sjá Strandgötu 33). Ólafur gerði sjálfur teikningar að báðum húsunum. Það er einlyft steinsteypuhús á lágum grunni, með risi. Árið 1928 var byggður vélasalur vestan við húsið eftir teikningu Sveinbjarnar Jónssonar. Að lóðamörkum í vestur var eldvarnarveggur. Árið 1944 var gerð viðbygging milli Grundargötu 1 og Strandgötu 33, og urðu húsin þannig sambyggð. Í húsinu var lengi trésmíðaverkstæði, en árið 1984 var húsinu breytt. Veggir elsta hússins voru hækkaðir svo og ris, þakbrún var timburklædd og kvistur settur á vesturhlið. Þakið er nú klætt með mótuðu stáli sem líkir eftir steinskífu sem áður var á þakinu. Nú er íbúð í elsta húsinu, en í viðbyggingu sunnan og vestan við það hefur fyrirtækið Samver aðsetur sitt. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðinni á Oddeyri.

Bjarki Jóhannesson: Breyting innanhúss 2004, hljóðveri breytt í geymslu og byggingu skipt í tvær eignir. Haukur Haraldsson og Fanney Hauksdóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Hlutföll og gluggasetning eldri hluta hússins eru mjög góð, en yngri hlutinn er úr takti við það og skemmtilega sérkennilegur
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eldri hlutinn er með eldri byggingum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fer vel í umhverfi sínu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Helmingur hússins er viðbygging
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið virðist vera í góðu standi
Varðveislugildi:	Hátt	Eldri hlutinn er með eldri byggingum á Akureyri og húsið fer vel í umhverfi sínu.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1887 Grundargata 3

Fyrsti eigandi: Einar Sveinsson
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll: / Óskilgreind blanda

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Grundargata 3 suðausturhlið - götuhlið og gafl



Grundargata 3 norðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur s og steinsteypt	Timbur s og steinsteypt
Útveggir:	Ekki vitað	Múrsléttað
Þakgerð:	Óvíst	Valmaþak og risþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Tvílyft / Kjallari	Tvílyft / Kjallari

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Eldri viðbygging. Húsið stækkað 1920. Geymsluskúr stækkaður 1963.	Snorri Guðmundsson

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1885 var Einari Sveinssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri fyrir norðan hús Ólafs Jónssonar veitingamanns, Strandgötu 33. Tveimur árum síðar byggði hann fjós á lóðinni. Húsinu hefur frá upphafi verið skipt í tvo eignarhluta, suður- og norðurhluta. Árið 1913 var þáverandi eiganda, Steini Jóhannssyni, leyft að byggja við húsið að sunnanverðu. Viðbyggingin var jafnbreið húsinu. Norðurhluti hússins var stækkaður um sama leyti, því árið 1914 fékk Jónatan Jósefsson leyfi til að reisa steinsteypubyggingu norðan við húsið. Samkvæmt fasteignamati 1918 var suðurhlutinn einlyft timburhús á lágum kjallara, með háu risi. Þakið var pappaklætt. Norðurhluti hússins var eins nema hvað viðbyggingin norðan við það var tvílyft úr steinsteypu, með lágu járnklæddu þaki. Á lóðinni var einnig fjós og safngryfja úr steinsteypu, sem eigendur áttu til helminga, og á norðurhluta lóðar var heyhlaða. Húsið var enn stækkað árið 1920. Suðurhlutinn var hækkaður og eftir þær breytingar var allt húsið orðið tvílyft og hafði fengið það lag sem það enn hefur. Húsið hefur síðan verið múrhúðað að utan, og við vesturhlið hafa komið skúrbyggingar. Í því eru tvær íbúðir. Húsið er ekki í góðri hirðu og ber þess merki að hafa verið byggt í áföngum. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðinni á Oddeyri.

Bjarki Jóhannesson: Geymsluskúr stækkaður 1963. Hönnuður Snorri Guðmundsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er blanda af ýmsum gerðum
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Elsti hluti hússins er með því elsta á Akureyri
Umhverfisgildi:	Lágt	Götuhliðin fellur þokkalega að umhverfinu, en götumyndin er tætingsleg
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar breytingar
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er ekki í góðri hirðu og ber þess merki að hafa verið byggt í áföngum
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt, blanda af ýmsum gerðum og götumyndin tætingsleg.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: J.V. Havsteen
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Grundargata 4 suðvesturhlið - götuhlið og gafl



Grundargata 4 norðurhlið - bakhlið

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Ál
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari

Helstu breytingar:

Viðbygging við austurhlið og þaki lyft 1926. Viðbygging(?) við suðurhlið.

Hönnuðir breytinga:

Breyting 1936 H. Halldórsson. Stækkun 1936 Tryggvi

Saga:

Skráning 1995 - Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Árið 1902 var J.V. Havsteen mælt út fyrir húsi norðan við hús hans Strandgötu 35. Sama ár var Guðbrandi Guðmundssyni mæld út lóðin og hefur hann keypt af Havsteen. Samkvæmt Jónsbók á Havsteen að hafa nefnt húsið „Blárófu“. Árið 1916 var eigandi þess Even Jóhannesen smiður. Það var sagt einlyft íbúðarhús úr timri, á kjallara, með porti og háu risi, með 2 kvistum. Þakið var járnklætt. Á lóðinni stóð einnig fjós úr steinsteypu. Árið 1926 var gerð viðbygging við austurhlið og þaki lyft. Húsið er nú klætt utan báruðu áli en á þaki er járn. Húsinu er fremur illa við haldið og einkennist af skúrbyggingum. Í því eru tvær íbúðir. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðinni á Oddeyri.

Hönnuðir breytinga: Breyting 1936 H. Halldórsson. Stækkun 1936 Tryggvi Jónatansson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Inngönguskúr og viðbyggingar og skúrar á bakhlið spilla útliti hússins. Þaki hefur verið lyft á bakhlið suðurhluta
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er með elstu húsum á Akureyri
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Götuhliðin fellur þokkalega að umhverfinu, en götumyndin er tætingsleg
Upprunalegt gildi:	Lágt	Miklar viðbyggingar
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsinu er fremur illa við haldið
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt og götumyndin tætingsleg. Með endurbótum gæti varðveislugildi hússins hækkað mikið
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1896 Grundargata 5

Fyrsti eigandi: Sveinn og Stefán Ólafssynir
Hönnuður: Óþekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Grundargata 5 austurhlið - götuhlið



Grundargata 5 norðvesturhlið - bakhlið og gafl

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Steinblikk
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Tilhöggvið grjót
Útlit:	Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Ris / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Gluggum breytt og húsið klætt með steinblikki.

Hönnuðir breytinga:

Mikael Jóhannesson

Saga:

